

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2000/12/EB

2001/EES/57/26

frá 20. mars 2000

um stofnun og rekstur lánastofnana(*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málslið 2. mgr. 47. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽¹⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Margar umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á tilskipun ráðsins 73/183/EBE frá 28. júní 1973 um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu að því er varðar sjálfstæða starfsemi banka og annarra fjármálastofnana⁽³⁾, fyrstu tilskipun ráðsins (77/780/EBE) frá 12. desember 1977 um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana⁽⁴⁾, tilskipun ráðsins 89/299/EBE frá 17. apríl 1989 um eigið fé lánastofnana⁽⁵⁾, annari tilskipun ráðsins 89/646/EBE frá 15. desember 1989 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana⁽⁶⁾,

tilskipun ráðsins 89/647/EBE frá 18. desember 1989 um eiginfjárlutfall lánastofnana⁽⁷⁾, tilskipun ráðsins 92/30/EBE frá 6. apríl 1992 um eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli⁽⁸⁾, og tilskipun ráðsins 92/121/EBE frá 21. desember 1992 um eftirlit með stórum áhættum lánastofnana⁽⁹⁾. Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda téðar tilskipanir og sameina þær í einni texta.

2) Samkvæmt sáttmálanum er hvers konar mismunur, hvað varðar staðfestu og þjónustustarfsemi, á grundvelli þjóðernis eða þess að fyrirtæki hefur ekki verið stofnað í aðildarríki því þar sem þjónustan er veitt, bönnuð.

3) Til þess að auðvelda stofnun og rekstur lánastofnana er nauðsynlegt að eyða mismun milli laga aðildarríkja hvað viðvikur reglum sem þessi fyrirtæki lúta.

4) Tilskipun þessi er grundvöllurinn að því að hinum innri markaði verði komið á en stefna í átt að þessu marki var tekin með einingarlögunum og tímasett í Hvítbók framkvæmdastjórnarinnar með staðfesturétt og frelsi í fjármálaþjónustu lánastofnana fyrir augum.

5) Samræming starfsskilyrða lánastofnana verður að taka til þeirra allra svo að unnt verði að vernda sparifé og til að jafna samkeppnisstöðu þessara stofnana. Viðhlitandi tillit skal þó tekið til munar á starfsreglum og markmiðum þeirra svo sem kveðið er á um í landslögum.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2001 frá 28. febrúar 2001 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 22, 26.4.2001, bls. 8.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 157, 25.5.1998, bls. 13.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 18. janúar 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 13. mars 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 194, 16.7.1973, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 322, 17.12.1977, bls. 30. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/33/EB (Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 29).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 124, 5.5.1989, bls. 16. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/30/EBE (Stjtið. EB L 110, 28.4.1992, bls. 52).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 386, 30.12.1989, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB (Stjtið. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7).

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 386, 30.12.1989, bls. 14. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 98/33/EB.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 110, 28.4.1992, bls. 52.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 29, 5.2.1993, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með aðildarlögunum frá 1994.

- 6) Samræming þessi þarf að vera eins viðtæk og unnt er og ná til allra stofnana sem stunda þá starfsemi að veita viðtöku fé frá almenningi til endurgreiðslu, hvort heldur um er að ræða innlán eða önnur innlánsform, svo sem með útgáfu markaðsskuldabréfa og annarra sambærilegra verðbréfa og með lánveitingu fyrir eigin reikning. Gera verður sérstakar undantekningar vegna lánastofnana sem þessi tilskipun nær ekki til. Ákvæði þessarar tilskipunar eiga ekki að koma í veg fyrir beitingu laga í einstökum ríkjum sem kveða á um sérstakar viðbótarleyfisveitingar er heimila lánastofnunum að stunda sérstaka starfsemi eða taka að sér sérstök verkefni.
- 7) Markmiðið hefur verið að ná aðeins fram nauðsynlegri og nægilegri lágmarkssamræmingu til að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á leyfum og varúðareftirlitsfyrirkomulagi, sem gerir það að verkum að nóg er að gefa út eitt leyfi sem er viðurkennt í öllu bandalaginu og beitingu meginreglunnar um varúðareftirlit heimaadildarríkis. Því ber aðeins að líta á kröfuna um að leggja skuli fram lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi sem lið í því að gera lögbærum yfirvöldum kleift að taka ákvörðun á grundvelli hlutlægra viðmiðana. Þó má viðhafa ákveðinn sveigjanleika varðandi skilyrði um lögákveðið rekstrarform lánastofnana og lögverndun bankaheita.
- 8) Nauðsynlegt er að gera sambærilegar fjárhagskröfur til lánastofnana til að tryggja svipað öryggi sparifjäreigenda svo og til að tryggja sanngjörn samkeppnisskilyrði sambærilegra lánastofnana. Þar til frekari samræming hefur átt sér stað skal kveða á um viðeigandi samsetningarhlutföll sem gera það kleift, innan ramma samvinnu stjórnvalda í einstökum ríkjum, að fylgjast með stöðu sambærilegra tegunda lánastofnana eftir stöðluðum aðferðum. Þessi málsmeðferð ætti smám saman að auðvelda síaukna samhæfingu aðferða og reiknistuðla sem aðildarríkin koma á og beita. Samt sem áður er nauðsynlegt að gera greinarmun á reiknistuðlum sem eiga að tryggja trausta stjórnun lánastofnana og stuðlum er varða stefnu í efnahags- og peningamálum.
- 9) Í meginreglunum um gagnkvæma viðurkenningu og eftirlit heimaadildarríkis er gengið út frá því að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna veiti ekki eða afturkalli leyfi þegar til að mynda efni starfsáætlana, landfræðileg staðsetning eða starfsemi sem fer fram þá stundina bendir ótvírætt til þess að lánastofnun hafi valið réttarkerfi tiltekins aðildarríkis til að komast hjá strangari ákvæðum sem gilda í aðildarríkinu þar sem hún hefur í hyggju að reka eða rekur nú þegar stærstan hluta starfsemi sinnar. Lánastofnun sem er lögpersóna verður að hafa leyfi í aðildarríkinu þar sem hún er með skráða skrifstofu. Lánastofnun sem er ekki lögpersóna verður að hafa aðalskrifstofu sína í aðildarríkinu þar sem hún hefur fengið leyfi. Að auki verða aðildarríkin að krefjast þess að aðalskrifstofa lánastofnunar sé alltaf í heimaadildarríkinu og starfi þar í raun og veru.
- 10) Lögbær yfirvöld ættu ekki að veita lánastofnun leyfi, eða viðhalda leyfi hennar, ef nán tengsl milli þessarar stofnunar og annarra einstaklinga eða lögpersóna geta hindrað yfirvöldin í að sinna eftirlitshlutverki sínu sem skyldi. Lánastofnanir sem hafa þegar hlotið leyfi verða einnig að fullnægja skilyrðum lögbærra yfirvalda að þessu leyti. Skilgreiningin á hugtakinu „nán tengsl“, sem sett er fram í þessari tilskipun, byggir á lágmarksviðmiðunum. Ekkert er því til fyrirstöðu að aðildarríkin geti notað hana við aðrar aðstæður en þær sem skilgreiningin gerir ráð fyrir. Það eitt að hafa eignast verulegan hluta af fjármagni fyrirtækis leiðir ekki til viðskiptahagsmuna í skilningi þessarar tilskipunar, ef einungis hefur verið stofnað til eignaraðildarinnar sem tímabundinnar fjárfestingar sem dugir ekki til að hafa áhrif á uppbyggingu eða fjármálastefnu fyrirtækisins.
- 11) Þegar því er haldið fram að eftirlitsyfirvöld hafi gegnt eftirlitshlutverki sínu á fullnægjandi hátt er átt við eftirlit á samstæðugrundvelli, sem verður að hafa með lánastofnun, enda sé kveðið á um slíkt í lögum bandalagsins. Þegar svo ber undir verða yfirvöldin, sem sótt er um leyfi til, að vera fær um að benda á yfirvöld sem eru bær til að hafa eftirlit á samstæðugrundvelli með þeirri lánastofnun.
- 12) Heimaadildarríkið getur einnig sett strangari reglur en þær sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 1. mgr. og í 2. mgr. 5. gr., og í 7., 16., 30., 51. og 65. gr. um stofnanir sem fengið hafa leyfi frá lögbærum yfirvöldum þess.
- 13) Afnám kröfunnar um leyfi fyrir útibú lánastofnana í bandalagslöndunum gerir það nauðsynlegt að stofnframlag verði fellt niður.
- 14) Aðferðin sem valin hefur verið gerir lánastofnunum, sem leyfi hafa í sínu heimaadildarríki, kleift, í krafti gagnkvæmrar viðurkenningar, að stunda alls staðar innan bandalagsins einhverja eða alla þá starfsemi sem talin er upp í I. viðauka með því að stofna útibú eða veita þjónustu. Starfsemi sem ekki er talin upp í viðaukanum heyrir undir almenn ákvæði sáttmálans um staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu.

- 15) Þó er rétt að gagnkvæm viðurkenning nái til þeirrar starfsemi sem talin er upp í I. viðauka þegar hún er rekin af fjármálastofnunum sem eru dótturfyrirtæki lánastofnana með því skilyrði að dótturfyrirtækið heyri undir eftirlit á samstæðugrundvelli sem móðurfyrirtæki þess lýtur og uppfylli ákveðin ströng skilyrði.
- 16) Gistiaðildarríkið getur, í tengslum við staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu, krafist þess að stofnanir sem ekki hafa leyfi sem lánastofnanir í heimaaðildarríkjum sínum fullnægi tilteknum ákvæðum í innlendum lögum eða reglum að því er varðar starfsemi sem er ekki talin upp í I. viðauka, að því tilskildu að slík ákvæði séu annars vegar í samræmi við löggjöf bandalagsins og þeim ætlað að vernda hagsmuni almennings og hins vegar að þessar stofnanir eða starfsemi þeirra heyri ekki undir sambærileg lög eða reglur í heimaaðildarríkjum þeirra.
- 17) Aðildarríkin verða að tryggja að ekkert sé í vegi fyrir því að stunda starfsemi, sem nýtur gagnkvæmrar viðurkenningar, á sama hátt og í heimaaðildarríkinu, að því tilskildu að hún brjóti ekki gegn lagaákvæðum sem sett eru til verndar almennings í gistiaðildarríkinu.
- 18) Nauðsynleg tengsl eru milli markmiðs þessarar tilskipunar og afnáms hafta á fjármagnsflutningum sem komið er á með annarri löggjöf bandalagsins. Ljóst er að ráðstafanir varðandi frjálsari bankþjónustu verða að vera í samræmi við ráðstafanir sem gerðar eru til að auðvelda fjármagnsflutninga.
- 19) Reglur um útibú lánastofnana sem hafa aðalskrifstofu sína í löndum utan bandalagsins skulu vera hliðstæðar í öllum aðildarríkjum. Mikilvægt er að kveða nú þegar svo á um að slíkar reglur megi ekki vera hagstæðari en þær sem gilda um útibú stofnana frá öðrum aðildarríkjum. Það skal tilgreint sérstaklega að bandalagið geti gert samninga við þriðju lönd sem gera ráð fyrir beitingu reglna sem veita slíkum útibúum sömu réttindi á yferráðasvæðum þeirra í samræmi við regluna um gagnkvæmni. Útibú lánastofnana, sem hafa fengið leyfi í þriðju löndum, njóta ekki réttar til að veita þjónustu samkvæmt annarri málsgrein 49. gr. sáttmálans eða staðfesturéttar í öðrum aðildarríkjum en þeim þar sem þau hafa staðfestu. Beiðnir fyrirtækja sem heyra undir löggjöf þriðju landa um leyfi fyrir dótturfyrirtæki eða öflun eignarhluta skal meðhöndla samkvæmt málsmeðferð sem hefur að markmiði að tryggja að fjárfestingarfyrirtæki innan bandalagsins njóti á gagnkvæmnisgrundvelli samsvarandi kjara í viðkomandi þriðju löndum.
- 20) Leyfi sem lögbær yfirvöld veita lánastofnunum samkvæmt þessari tilskipun gilda alls staðar í bandalaginu en ekki aðeins í einstökum aðildarríkjum. Því hafa gildandi ákvæði um gagnkvæmni ekki nein áhrif. Því er þörf á sveigjanlegri málsmeðferð svo unnt sé að meta gagnkvæmni innan bandalagsins. Markmið þessarar málsmeðferðar er ekki að loka fjármálamörkuðum bandalagsins heldur fremur, þar sem bandalagið hefur í hyggju að halda fjármálamörkuðum sínum opnum fyrir allan heiminn, að auka enn frekar frjálsræði á öllum mörkuðum í þriðju löndum. Í því skyni er í þessari tilskipun kveðið á um málsmeðferð vegna samninga við þriðju lönd eða, og ef ekki er annarra kosta völ, um aðgerðir sem hugsanlega hafa í för með sér að hætt verði að taka við nýjum leyfisumsóknum og veiting nýrra leyfa verði takmörkuð.
- 21) Komast ber að gagnkvæmu samkomulagi milli bandalagsins og þriðju landa með það í huga að koma á hagkvæmu eftirliti á samstæðugrundvelli á eins stóru landsvæði og mögulegt er.
- 22) Ábyrgðin á eftirliti með því að fjárhagsstaða lánastofnunar sé traust og þá einkum gjaldhæfi hennar hvílir á lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríkinu halda áfram að bera ábyrgð á eftirliti með lausafjárstöðu og peningamálafestnu. Eftirlit með markaðsáættu verður að fara fram í náinni samvinnu milli lögbærra yfirvalda í heima- og gistiaðildarríki.
- 23) Ekki þarf aðeins lagareglur heldur einnig náðið og reglulegt samstarf lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna til að hinn innri bankamarkaður geti starfað svo vel sé. Tengihópurinn sem eftirlitsyfirvöld bankanna hafa stofnað er æskilegasti vettvangurinn til umfjöllunar um vandamál varðandi einstakar lánastofnanir. Sá hópur er rétti vettvangurinn til að skiptast á upplýsingum svo sem kveðið er á um í 28. gr.
- 24) Þessi gagnkvæmu upplýsingaskipti koma á engan hátt í stað þess tvíhliða samstarfs sem komið var á með 28. gr. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki geta, án þess að rýra valdsvið sitt, annaðhvort að eigin frumkvæði, ef mikið liggur við, eða að frumkvæði lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki, haldið áfram að hafa eftirlit með því að starfsemi lánastofnunar sem stofnuð hefur verið á yferráðasvæði þeirra sé í samræmi við lög þar að lútandi og reglur um trausta stjórnun og bókhald og fullnægjandi innra eftirlit.
- 25) Rétt er að gera ráð fyrir þeim möguleika að skipst sé á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem í krafti stöðu sinnar stuðla að því að auka

- stöðugleika fjármálakerfisins. Til að vernda þá leynd sem hvílir yfir upplýsingunum verður að gæta þess að fjöldi viðtakenda sé mjög takmarkaður.
- 26) Tiltekið athæfi, svo sem svik eða innherjavíðskipti, getur haft áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins og hve heilsteypt það er, jafnvel þegar það snertir aðrar stofnanir en lánastofnanir.
- 27) Nauðsynlegt er að tilgreina við hvaða skilyrði slík upplýsingaskipti eru heimilud.
- 28) Þegar kveðið er á um að einungis megi framsenda upplýsingar með skýlausu samþykki lögbærra yfirvalda, geta þau, þegar svo ber undir, sett það skilyrði fyrir samþykki sínu að farið sé að ströngum fyrir-mælum.
- 29) Einnig ætti að heimila skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda annars vegar og seðlabanka og annarra stofnana sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála hins vegar og, eftir atvikum, annarra opinberra yfirvalda sem annast eftirlit með greiðsluferfum.
- 30) Með það í huga að auka varúðareftirlit með lánastofnunum og vernda viðskiptavini slíkra stofnana skal mæla fyrir um að löggiltum endurskoðanda beri skylda til að upplýsa lögbær yfirvöld jafnharðan, í þeim tilvikum sem kveðið er á um í þessari tilskipun, komist hann við störf sín á snoðir um tilteknar staðreyndir sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhagsstöðu eða stjórnsýslu og reikningshald lánastofnunar. Með hliðsjón af settu markmiði er æskilegt að aðildarríkin kveði á um að sama skylda gildi í öllum tilvikum þegar endurskoðandi kemst á snoðir um slík málsvik við störf sín í fyrirtæki sem hefur nán tengsl við lánastofnun. Skylda endurskoðanda til að upplýsa lögbær yfirvöld við vissar aðstæður um tilteknar staðreyndir og ákvarðanir, sem varða lánastofnanir og þeir hafa komist á snoðir um við störf sín í fyrirtækjum sem eru ekki fjármagnsfyrirtæki, breytir í sjálfu sér ekki eðli starfa þeirra í viðkomandi fyrirtæki né heldur með hvaða hætti þeir inna störf sín af hendi í fyrirtækinu.
- 31) Sameiginlegar grundvallarreglur um eigið fé lánastofnana gegna lykilhlutverki við myndun innri bankamarkaðar því að eigið fé tryggir áframhaldandi starfsemi lánastofnana og verndar sparifé. Slík samhæfing styrkir eftirlit með lánastofnunum og stuðlar að frekari samræmingu í bankamálum.
- 32) Slíkar reglur skulu gilda fyrir allar lánastofnanir sem hafa leyfi innan bandalagsins.
- 33) Eigið fé lánastofnana getur borið tap sem ekki er jafnað með nægilegum hagnaði. Eigið fé er einnig mikilvægur mælikvarði fyrir lögbær yfirvöld, einkum hvað varðar mat á gjaldþoli lánastofnana og í varúðarskygni.
- 34) Lánastofnanir á innri bankamarkaði eru í beinni samkeppni hver við aðra og skilgreiningar og reglur er lúta að eigin fé verða því að vera þær sömu. Ákvörðun viðmiðana um samsetningu eigin fjár má af þessum sökum ekki einvörðungu vera í höndum aðildarríkjanna. Notkun sameiginlegra grundvallarreglna er bandalaginu í hag því að hún kemur í veg fyrir röskun á samkeppni og styrkir bankakerfi bandalagsins.
- 35) Skilgreiningin á eigin fé í þessari tilskipun, kveður á um sem flesta liði og einnig viðmiðunarfjárhæðir, en selur aðildarríkjunum sjálfðæmi um hvort þau taki upp alla liðina eða aðeins hluta þeirra eða heimili lægri viðmiðunarfjárhæðir.
- 36) Í tilskipun þessari eru tilgreind skilyrði þess að tilteknir efnahagsliðir megi teljast til eigin fjár og aðildarríkjum er áfram frjálst að beita strangari ákvæðum.
- 37) Sameiginlegar grundvallarreglur eru í upphafi skilgreindar á mjög almennan hátt til að ná yfir alla efnahagsliði sem teljast til eigin fjár í mismunandi aðildarríkjum.
- 38) Í tilskipun þessari er gerður greinarmunur á þeim liðum sem teljast til upprunalegs eigin fjár annars vegar og þeim sem teljast til viðbótar eigin fjár hins vegar, sökum eðlismunar þeirra.
- 39) Til að sýna fram á að efnahagsliðir, sem mynda viðbótar eigin fé, eru ekki sama eðlis og liðir upprunalegs eigin fjár, skal fjárhæð þeirra fyrrnefndu sem telst eigin fé ekki vera hærri en hið upprunalega eigið fé. Enn fremur má fjárhæð tiltekinna liða viðbótareiginfjár ekki vera hærri en nemur helmingi upprunalegs eigin fjár.
- 40) Opinberum lánastofnunum er ekki heimilt að telja með eigin fé ábyrgðir, sem aðildarríki eða sveitarstjórnir veita þeim, vegna þess að slíkt gæti raskað eðlilegri samkeppni.

- 41) Hvenær sem þess gerist þörf við eftirlit að ákvörðuð sé fjárhæð samlagðs eigin fjár tiltekinnna lánastofnana, skulu slíkir útreikningar unnir í samræmi við þessa tilskipun.
- 42) Hin sérstaka reikningsaðferð, sem notuð er til að reikna út eigið fé, gjaldfærnishlutfall og stórar áhættur, verður að taka mið af tilskipun ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana⁽¹⁾ sem hefur að geyma ákveðnar breytingar á ákvæðum tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983, um samstæðureikninga byggð á g-lið 2. mgr. 44. gr. sáttmálans⁽²⁾.
- 43) Ákvæðin um eigið fé eru hluti af viðtækara átaki á alþjóðavettvangi um samræmingu gildandi reglna hjá helstu ríkjum um eiginfjárkröfur.
- 44) Framkvæmdastjórnin mun semja skýrslu og fara reglulega yfir ákvæðin um eigið fé í þeim tilgangi að herða þau og ná þannig fram aukinni samleitni hvað varðar sameiginlega skilgreiningu á eigin fé. Slík samleitni mun stuðla að samræmingu eigin fjár lánastofnana innan bandalagsins.
- 45) Ákvæðin um eiginfjárhlutföll eru afrakstur starfs á vegum ráðgjafarnefndar um bankamál, sem ber ábyrgð á að leggja tillögur fyrir framkvæmdastjórnina um að samræma reiknistuðla í aðildarríkjunum,
- 46) Ákvörðun eiginfjárhlutfalls er afgerandi þáttur í eftirliti með bankastofnunum.
- 47) Hlutfall, sem gefur eignum og liðum utan efnahagsreiknings vægi miðað við lánsáhættu, er mjög góður mælikvarði á gjaldhæfi.
- 48) Mótun á sameiginlegum stöðlum fyrir eigið fé er tekur til eigna og liða utan efnahagsreiknings sem háðir eru lánsáhættu er óhjákvæmilegur þáttur í samhæfingu þeirri sem nauðsynleg er til gagnkvæmrar viðurkenningar á eftirlitsaðferðum og um leið til þess að innri bankamarkaðurinn verði að veruleika.
- 49) Ákvæðin um eiginfjárhlutfall verða að skoðast í samhengi við aðra gjörninga sem stuðla að samhæfingu eftirlits með lánastofnunum.
- 50) Stofnanir á innri bankamarkaði verða að eiga í beinni samkeppni hver við aðra og upptaka sameiginlegra staðla fyrir gjaldhæfi í formi lágmarkshlutfalls kemur í veg fyrir röskun á samkeppni og styrkir þannig bankakerfi innan bandalagsins.
- 51) Þessi tilskipun gerir ráð fyrir því að mismunandi vægi verði gefið ábyrgðum sem mismunandi fjármálastofnanir gefa út. Framkvæmdastjórnin tekur að sér að kanna hvort tilskipunin í heild sinni raski verulega samkeppni milli lánastofnana og váttryggingafélaga og í framhaldi af því hvort hliðarráðstafana sé þörf.
- 52) Í III. viðauka er kveðið á um meðferð liða utan efnahagsreiknings við útreikning á eiginfjárkröfum lánastofnana. Til að innri markaðurinn geti starfað snurðulaust, og ekki sist til að tryggja jöfn samkeppniskilyrði, ber aðildarríkjunum skylda til að sjá til þess að lögbær yfirvöld þeirra meti samninga um samningsbundna skuldajöfnun með einsleitum hætti. III. viðauki er í samræmi við þá vinnu sem fram hefur farið á alþjóðavettvangi meðal bankaeftirlitsyfirvalda og miðar að því að þessi yfirvöld viðurkenni tvíhliða samninga um skuldajöfnun, einkum möguleikann á að reikna út eiginfjárkröfur vegna tiltekinnna viðskipta á grundvelli nettófjárhæðar fremur en brúttófjárhæðar, að því tilskildu að lagalega bindandi samningar séu fyrir hendi sem tryggja að lánsáhættan sé bundin við nettófjárhæðina. Að því er varðar lánastofnanir sem starfa á alþjóðavettvangi og hópa lánastofnana í fjölda þriðju landa, sem keppa við lánastofnanir í bandalaginu, hafa reglur, sem samþykktar eru á alþjóðavettvangi, í för með sér nákvæmara eftirlit með afleiddum skjölum sem verslað er með utan verðbréfamarkaða. Nákvæmara eftirlit hefur í för með sér hæfilegri skyldubundna eiginfjártryggingu þar sem tekið er tillit til áhættuminnkandi áhrifa greiðslujöfnunarsamninga, sem eftirlitsyfirvöld viðurkenna, að því er varðar hugsanlega lánsáhættu í framtíðinni. Greiðslujöfnun afleiddra skjala, sem verslað er með utan verðbréfamarkaða, á greiðslujöfnunarstöðum, sem gegna hlutverki helsta mótaðila, gegnir mikilvægu hlutverki í tilteknum aðildarríkjum. Rétt er að viðurkenna kosti slíkrar greiðslujöfnunar með tilliti til lækkunar lánsáhættu og kerfisáhættu við varfærnismeðferð

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/605/EBE (Stjtið. EB L 317, 16.11.1990, bls. 60).

lánsáhættu. Nauðsynlegt er að núverandi og hugsanleg framtíðarlánsáhætta, sem stafar af greiðslujöfnuðum samningum um afleidd skjöl sem verslað er með utan verðbréfamarkaða, sé að fullu tryggð og að hættan á að greiðslujöfnunarstöðin safni upp áhættu, umfram markaðsvirði tilkynnta veðsins, sé útilokuð svo að hægt sé að láta greiðslujöfnuð afleidd skjöl, sem verslað er með utan verðbréfamarkaða, fá sömu varfærnismeðferð, á tilteknum aðlögunartíma, og framvirka samninga sem verslað er með á verðbréfamarkaði. Lögbær yfirvöld skulu vera samþykkt kröfum um upphaflegt tryggingarfé og síðari kröfum um tryggingarfé og um áreiðanleika og umfang verndarinnar sem felst í þeirri tryggingu sem er sett. Að því er varðar lánastofnanir, sem eru skráðar í aðildarríkjunum, skapar III. viðauki samsvarandi möguleika á því að lögbær yfirvöld viðurkenni tvíhliða skuldajöfnun og þannig skapa þeim jöfn samkeppnisskilyrði. Reglurnar eru bæði samstilltar og til þess fallnar að styrkja enn frekar varúðareftirlit með lánastofnunum. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu sjá til þess að útreikningur á því sem leggst ofan á byggist á raunverulegum fjárhæðum en ekki á fjárhæðum að nafninu til.

- 53) Lágmarkshlutfall það, sem tilskipun þessi gerir ráð fyrir, styrkir eiginfjárstöðu lánastofnana í bandalaginu. Í framhaldi af könnun á gildandi eiginfjárkröfum í ársbyrjun 1988 hefur verið tekið upp 8% hlutfall.
- 54) Samhæfa ber meginreglurnar um eftirlit með stórum áhættum lánastofnana. Þó ættu aðildarríkin að geta samþykkt strangari ákvæði en kveðið er á um í þessari tilskipun.
- 55) Eftirlit með áhættum lánastofnunar er óaðskiljanlegur hluti eftirlits. Sé fyrirgreiðsla veitt í miklum mæli til eins viðskiptamanns eða hóps innbyrðis tengdra viðskiptamanna getur það leitt til óviðunandi hættu á tapi. Slík staða er talin draga úr gjaldhæfi lánastofnunarinnar.
- 56) Lánastofnanir á innri bankamarkaði eru í beinni samkeppni hver við aðra og því ættu eftirlitskröfur að vera sambærilegar alls staðar í bandalaginu. Því geta aðildarríkin ekki ákvarðað algerlega að eigin vild þá mælikvarða sem eru notaðir til að meta samþjöppun áhættunnar heldur verða lögbundnar bandalagsreglur að gilda um þau. Samþykkt sameiginlegra reglna þjónar best hagsmunum bandalagsins því hún kemur í veg fyrir ójöfn samkeppnisskilyrði og styrkir bankakerfi bandalagsins.
- 57) Í ákvæðunum um eiginfjárhlutfall lánastofnana er skrá yfir margs konar lánsáhættu bankastofnana. Þá skrá ber að nota við skilgreiningu á áhættum í þessari tilskipun.

Þó er að meginreglu til ekki heppilegt að vísa til vægis eða áhættustiga sem kveðið er á um í þeirri tilskipun. Vægi og áhættustig voru fundin út í því skyni að setja fram almenna kröfu um gjaldhæfi lánastofnana til að mæta lánsáhættu. Markmiðið með reglum varðandi stórar áhættur er að takmarka hámarkstap lánastofnunar vegna eins viðskiptamanns eða hóps innbyrðis tengdra viðskiptamanna. Því ber að samþykkja varfærnislega aðferð þar sem meginreglan er sú að allar áhættur skulu reiknaðar út frá nafnvirði, en hvorki stuðst við vægi né áhættustig.

- 58) Ef lánastofnun tekur áhættu vegna eigin móðurfyrirtækis eða annarra dótturfyrirtækja móðurfyrirtækisins er sérstakrar varkárni þörf. Stjórnun á áhættum lánastofnana verður að vera algerlega sjálfstæð, í samræmi við meginreglurnar um trausta bankastjórnun, án tillits til annars en þessara meginreglna. Í ákvæðum þessarar tilskipunar er þess krafist að ef áhrif einstaklings, sem beint eða óbeint á virka eignarhlutdeild í lánastofnun, virðist vera skaðleg traustri og varkárri stjórnun stofnunarinnar skuli lögbær yfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir til að binda enda á það ástand. Einnig ber að setja sérstaka staðla í tengslum við stórar áhættur lánastofnunar vegna eigin samstæðu og skulu þessar reglur vera strangari en fyrir aðrar áhættur. Þó gilda strangari reglur ekki ef móðurfyrirtækið er eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða lánastofnun eða ef önnur dótturfyrirtæki eru annaðhvort lána- eða fjármálastofnanir eða þjónustufyrirtæki í tengslum við bankastarfsemi, að því tilskildu að öll þessi fyrirtæki heyri undir samstæðueftirlit með lánastofnuninni. Í slíkum tilvikum nægir eftirlit með fyrirtækjasamstæðu á samstæðugrundvelli og því er ekki þörf á að krefjast strangari reglna um takmörkun áhættu. Samkvæmt þessari aðferð eru bankasamstæður einnig hvattar til að skipuleggja starfsemi sína á þann hátt að unnt sé að viðhafa eftirlit á samstæðugrundvelli, sem er æskileg þróun því þannig er hægt að koma við fullkomnara eftirliti.
- 59) Til að eftirlit á samstæðugrundvelli beri árangur verður það að ná til allra bankasamstæðna, einnig þeirra sem heyra undir móðurfyrirtæki sem eru ekki lánastofnanir. Lögbær yfirvöld verða að hafa með höndum nauðsynlega löggæringu til að framkvæma slíkt eftirlit.
- 60) Ef um er að ræða samstæður sem annast margs konar starfsemi og heyra undir móðurfyrirtæki sem stjórna að minnsta kosti einni dótturlánastofnun verða lögbær yfirvöld að hafa möguleika á að meta fjárhagsstöðu lánastofnunar í slíkri samstæðu. Þar til frekari

samræming fer fram er aðildarríkjunum heimilt að mæla fyrir um viðeigandi samstæðureikningsaðferðir til að ná fram markmiði þessarar tilskipunar. Lögbær yfirvöld verða að minnsta kosti að hafa tök á að afla sér nauðsynlegra upplýsinga um öll fyrirtæki innan samstæðu til þess að þau geti gegnt hlutverki sínu. Koma þarf á samvinnu milli yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með mismunandi fjármálasviðum þegar um er að ræða fyrirtækjasamstæður sem hafa með höndum margs konar fjármálastarfsemi.

- 61) Enn fremur geta aðildarríkin synjað um eða afturkallað starfsleyfi banka þegar um er að ræða tiltekið samstæðuskipulag sem ekki er talið henta bankastarfsemi, einkum vegna þess að ekki er unnt að hafa fullnægjandi eftirlit með því. Í þessu tilliti hafa lögbær yfirvöld þær heimildir sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 7. gr., 2. mgr. 7. gr., c-lið 1. mgr. 14. gr. og í 16. gr. þessarar tilskipunar til að tryggja trausta og varkára stjórnun lánastofnana.
- 62) Einnig er aðildarríkjunum heimilt að hafa viðeigandi eftirlit með samstæðum sem eru skipulagðar á annan hátt en um getur í þessari tilskipun. Verði slíkt skipulag almennt ber að rýmka þessa tilskipun svo hún taki til þeirra.
- 63) Hafa skal eftirlit á samstæðugrundvelli með allri starfsemi sem skilgreind er í I. viðauka. Því skal haft eftirlit á samstæðugrundvelli með öllum fyrirtækjum sem stunda fyrst og fremst slíka starfsemi. Þar af leiðandi ber að rýmka skilgreininguna á fjármálastofnun svo hún taki til þessarar starfsemi.
- 64) Í tilskipun ráðsins 86/635/EBE og tilskipun ráðsins 83/349/EBE voru settar reglur um samstæðureikninga sem lánastofnanir birta. Því er unnt að skilgreina nánar þær aðferðir sem nota skal við varúðareftirlit á samstæðugrundvelli.
- 65) Stefna skal að eftirliti með lánastofnunum á samstæðugrundvelli, einkum til að vernda hagsmuni sparifjareigenda þessara stofnana og til að tryggja stöðugleika fjármálakerfisins.
- 66) Nánari könnun á vanda tengdum málefnum sem tilskipun þessi og aðrar tilskipanir um viðskipti taka til

um starfsemi lánastofnana krefst samstarfs lögbærra yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar í ráðgjafar-nefndum, einkum ef stefnt er að aukinni samræmingu. Ráðgjafarnefnd lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum um bankamál útilokar ekki annars konar samvinnu milli yfirvalda sem hafa eftirlit með stofnun og rekstri lánastofnana, einkum innan tengihópsins sem stofnaður hefur verið meðal yfirvalda sem annast bankaeftirlit.

- 67) Af og til kann að vera nauðsynlegt að gera tæknilegar breytingar á reglum þeim, sem fyrir er mælt í tilskipun þessari með hliðsjón af breyttum starfsháttum banka. Framkvæmdastjórnin mun eftir þörfum og að höfðu samráði við bankanefndina gera þær breytingar innan marka þeirra heimilda sem sáttmálinn veitir. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 68) Ákvæði 1. mgr. 36. gr. þessarar tilskipunar heimila að farið sé með óskiptar skuldarábyrgðir lántakenda lánastofnana sem þar eru, skipulagðar sem samvinnufélög eða sjóðir á sama hátt og liði sem teljast til eigin fjár samkvæmt 7. tölul. 2. mgr. 34. gr. Danska ríkisstjórnin hefur látið í ljós mikinn áhuga á að breyta í hlutafélög þeim fáu veðlánastofnunum sem þar eru skipulagðar sem samvinnufélög eða sjóðir. Til að auðvelda þessa breytingu eða gera hana mögulega ber að veita þessum stofnunum tímabundna undanþágu svo þær geti talið hluta óskipta skuldarábyrgða með eigin fé. Þessi tímabundna undanþága ætti ekki að hafa áhrif til hins verra á samkeppni milli lánastofnana.
- 69) 20% vægi á eign lánastofnana í veðlánum kann að raska innlendum fjármálamarkaði þar sem slík lán vega þungt. 10% vægi er í þessum tilvikum tekið upp til bráðabirgða. Markaðsumhverfi, þar sem eignum er breytt í verðbréf (securitisation), er nú í örri þróun. Því er æskilegt að framkvæmdastjórnin kanni, ásamt aðildarríkjunum, hvaða varfærnisreglur gildi um verðbréf, sem eru tryggð með eignum, og leggi fram, fyrir 22. júní 1999, tillögur sem miða að því að aðlaga nügildandi löggjöf í því skyni að skilgreina viðeigandi varfærnisreglur fyrir verðbréf sem eru tryggð með eignum. Lögbær yfirvöld geta heimilað 50% vægi gagnvart eignum sem eru tryggðar með veði í skrifstofuhúsnæði eða fjölnota viðskiptahúsnæði til

(¹) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

31. desember 2006. Fasteignin, sem veðið er bundið við, skal háð ströngum matsviðmiðunum og reglulegu endurmati svo að tekið sé tillit til þróunar á fasteignamarkaðinum. Eigendur fasteignarinnar skulu annaðhvort nýta hana sjálfir eða leigja hana út. Þetta 50% vægi gildir ekki um lán til endurbóta á fasteignum.
- 70) Til að tryggja samhæfða beitingu ákvæða um stórar áhættur er aðildarríkjunum heimilt að koma nýjum takmörkunum á í tveimur þrepum. Að því er snærrí lánastofnanir varðar er rétt að lengja aðlögunartímabilið því ef farið er að beita 25% reglunni of skyndilega getur það dregið mjög úr útlánastarfsemi þeirra.
- 71) Enn fremur er verið að vinna að samræmingu skilyrða varðandi endurskipulagningu og slit lánastofnana.
- 72) Einnig þarf að samræma það fyrirkomulag sem nauðsynlegt er við eftirlit með lausafjárstöðuáhættu lánastofnana.
- 73) Tilskipun þessi má ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi frest til að setja innlend lög sem um getur í B-hluta V. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

EFNISYFIRLIT

| | | Bl. |
|--------------------|--|-----|
| BÁLKUR I | SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ | 198 |
| 1. gr. | Skilgreiningar | 198 |
| 2. gr. | Gildissvið | 200 |
| 3. gr. | Bann við að fyrirtæki, sem eru ekki lánastofnanir, taki við innlánnum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu | 201 |
| II. BÁLKUR | KRÖFUR UM STOFNUN OG STARFSEMI LÁNASTOFNANA | 202 |
| 4. gr. | Leyfi | 202 |
| 5. gr. | Stofnfé | 202 |
| 6. gr. | Stjórn og staðsetning aðalskrifstofu lánastofnana | 202 |
| 7. gr. | Hluthafar og aðilar | 203 |
| 8. gr. | Lýsing á starfsemi og skipulag | 203 |
| 9. gr. | Fjárhagslegar þarfir | 203 |
| 10. gr. | Synjað um leyfi | 203 |
| 11. gr. | Framkvæmdastjórninni tilkynnt um veitt leyfi | 203 |
| 12. gr. | Fyrirfram samráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum | 203 |
| 13. gr. | Útibú lánastofnana með leyfi í öðru aðildarríki | 204 |
| 14. gr. | Afturköllun leyfis | 204 |
| 15. gr. | Heiti | 204 |
| 16. gr. | Virk eignarhlutdeild í lánastofnun | 204 |
| 17. gr. | Stjórnun og innra eftirlit | 205 |
| III. BÁLKUR | ÁKVÆÐI UM STAÐFESTURÉTT OG FRELSI TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU | 205 |
| 18. gr. | Lánastofnanir | 205 |
| 19. gr. | Fjármálastofnanir | 205 |
| 20. gr. | Staðfesturéttur nýttur | 206 |
| 21. gr. | Frelsi til að veita þjónustu | 207 |
| 22. gr. | Vald lögbærra yfirvalda gistaðildarríkisins | 207 |
| IV. BÁLKUR | SAMSKIPTI VIÐ ÞRIÐJU LÖND | 208 |
| 23. gr. | Tilkynning um dótturfyrirtæki fyrirtækja í þriðju löndum og skilyrði um aðgang að mörkuðum þessara landa | 208 |
| 24. gr. | Útibú lánastofnana með aðalskrifstofu utan bandalagsins | 209 |
| 25. gr. | Samstarf við lögbær yfirvöld þriðju landa um eftirlit á samstæðugrundvelli | 209 |
| V. BÁLKUR | MEGINREGLUR OG TÆKNILEG VERKFÆRI TIL VARÚDAREFTIRLITS | 210 |
| 1. kafli | Meginreglur um varúðareftirlit | 210 |
| 26. gr. | Valdsvið heimaaðildarríkis að því er varðar eftirlit | 210 |
| 27. gr. | Valdsvið gistaðildarríkis | 210 |
| 28. gr. | Samstarf um eftirlit | 210 |

| | | Bl. |
|-------------------|--|------------|
| 29. gr. | Sannprófun á staðnum þegar um er að ræða útibú stofnuð í öðru aðildarríki | 210 |
| 30. gr. | Upplýsingaskipti og þagnarskylda | 210 |
| 31. gr. | Skylda einstaklinga sem bera ábyrgð á lögbundnu eftirliti með ársreikningum og samstæðureikningum | 212 |
| 32. gr. | Vald lögbærra yfirvalda til að beita viðurlögum | 213 |
| 33. gr. | Réttur til að áfrýja til dómstóla | 213 |
| 2. kafli | Tæknileg verkfæri til varúðareftirlits | 213 |
| <i>1. þáttur</i> | <i>Eigið fé.....</i> | <i>213</i> |
| 34. gr. | Almennar reglur | 213 |
| 35. gr. | Aðrir liðir | 214 |
| 36. gr. | Önnur ákvæði um eigið fé | 215 |
| 37. gr. | Eiginfjárútreikningar á samstæðugrundvelli | 215 |
| 38. gr. | Frádráttarliðir og takmarkanir | 216 |
| 39. gr. | Sannanir lagðar fyrir lögbær yfirvöld..... | 216 |
| <i>2. þáttur</i> | <i>Eiginfjárlutfall.....</i> | <i>216</i> |
| 40. gr. | Almennar reglur | 216 |
| 41. gr. | Deilistofn: eigið fé | 216 |
| 42. gr. | Deilistuðull: eignir metnar með tilliti til áhættu og liðir utan efnahagsreiknings | 216 |
| 43. gr. | Áhættuvægi | 217 |
| 44. gr. | Vægi krafna fyrir héraðs- eða sveitarstjórnir aðildarríkjanna | 219 |
| 45. gr. | Annað vægi | 219 |
| 46. gr. | Stjórnunarstofnanir og fyrirtæki sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni | 219 |
| 47. gr. | Eiginfjárlutfall | 219 |
| <i>3. þáttur</i> | <i>Stórar áhættur.....</i> | <i>220</i> |
| 48. gr. | Skýslur gefnar um stórar áhættur | 220 |
| 49. gr. | Takmarkanir á stórum áhættum | 220 |
| 50. gr. | Eftirlit með stórum áhættum á samstæðugrundvelli og eftirlit sem ekki byggist á samstæðugrundvelli | 222 |
| <i>4. þáttur</i> | <i>Virk eignarhlutdeild utan fjármálasviðs.....</i> | <i>222</i> |
| 51. gr. | Takmarkanir á virkri eignarhlutdeild í fyrirtækjum sem eru ekki fjármagnsfyrirtæki | 222 |
| 3. kafli | Eftirlit á samstæðugrundvelli | 223 |
| 52. gr. | Eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli | 223 |
| 53. gr. | Lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli | 224 |
| 54. gr. | Form og umfang samstæðu | 225 |
| 55. gr. | Upplýsingar sem blönduð eignarhaldsfélög og dótturfyrirtæki þeirra skulu veita | 225 |
| 56. gr. | Ráðstafanir til að auðvelda eftirlit á samstæðugrundvelli | 226 |
| VI. BÁLKUR | RÁÐGJAFARNEFND UM BANKAMÁL | 227 |
| 57. gr. | Skipan og verkefni ráðgjafarnefndarinnar um bankamál | 227 |
| 58. gr. | Könnun á skilyrðum fyrir leyfisveitingu | 227 |
| 59. gr. | Eftirlitshlutföll | 227 |

| | | Bls. |
|-----------------------|--|------|
| VII. BÁLKUR | FRAMKVÆMDAVALD | 228 |
| 60. gr. | Tæknilegar breytingar | 228 |
| VIII. BÁLKUR | BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI | 228 |
| 1. kafli | Bráðabirgðaákvæði | 228 |
| 61. gr. | Bráðabirgðaákvæði varðandi 36. gr. | 228 |
| 62. gr. | Bráðabirgðaákvæði varðandi 43. gr. | 229 |
| 63. gr. | Bráðabirgðaákvæði varðandi 47. gr. | 230 |
| 64. gr. | Bráðabirgðaákvæði varðandi 49. gr. | 230 |
| 65. gr. | Bráðabirgðaákvæði varðandi 51. gr. | 231 |
| 2. kafli | Lokaákvæði | 231 |
| 66. gr. | Upplýsingar framkvæmdastjórnarinnar | 231 |
| 67. gr. | Niðurfelldar tilskipanir | 231 |
| 68. gr. | Framkvæmd | 231 |
| 69. gr. | Viðtakendur | 231 |
| I. VIÐAUKI | Skrá yfir starfsemi sem er háð gagnkvæmri viðurkenningu | 232 |
| II. VIÐAUKI | Flokkun á liðum utan efnahagsreiknings | 233 |
| III. VIÐAUKI | Meðferð liða utan efnahagsreiknings | 234 |
| IV. VIÐAUKI | Dæmi um liði utan efnahagsreiknings | 238 |
| A-HLUTI V. VIÐAUKA | Niðurfelldar tilskipanir ásamt breytingum á þeim (sem um getur í 67. gr.)..... | 239 |
| B-HLUTI V. VIÐAUKA | Framkvæmdarfrestur (sem um getur í 67. gr.) | 240 |
| VI. VIÐAUKI | Samanburðartafla | 241 |

BÁLKUR I

SKILGREININGAR OG GILDISSVIÐ

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „lánastofnun“: fyrirtæki með starfsemi sem felst í að taka á móti innlánnum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu og veita lán fyrir eigin reikning.

Til lánastofnana skulu teljast, að því er varðar eftirlit á samstæðugrundvelli, lánastofnanir samkvæmt fyrstu málsgrein og öll einkafyrirtæki og opinber fyrirtæki sem falla undir skilgreininguna í fyrstu málsgrein með leyfi í þriðja landi.

Til lánastofnana skulu teljast, að því er varðar eftirlit með stórum áhættum, lánastofnanir samkvæmt fyrstu málsgrein, þar með talin útibú lánastofnunar í þriðju löndum og öll einkafyrirtæki og opinber fyrirtæki, þar með talin útibú þeirra, sem falla undir skilgreininguna í fyrstu málsgrein með leyfi í þriðju löndum;

2. „leyfi“: hvers kyns skjal gefið út af yfirvöldum er veitir lánastofnun rétt til starfa;
3. „útibú“: starfsstöð sem að lögum er hluti af lánastofnun og annast beint, að öllu leyti eða að hluta, þá starfsemi sem fram fer hjá lánastofnunum. Allar þær starfsstöðvar sem komið hefur verið á fót í einu aðildarríki á vegum lánastofnunar sem hefur aðalskrifstofu sína í öðru aðildarríki ber að telja sem eitt útibú;
4. „lögbær yfirvöld“: innlend yfirvöld sem heimilt er að lögum eða samkvæmt reglugerð að hafa eftirlit með lánastofnunum;
5. „fjármálastofnun“: fyrirtæki sem er ekki lánastofnun og starfar einkum að öflun eignarhluta eða stundar einhverja eða alla þá starfsemi sem um getur í 2. til 12. lið I. viðauka;

6. „heimaaðildarríki“: aðildarríkið þar sem lánastofnun hefur verið veitt leyfi samkvæmt 4. til 11. gr.;

7. „gistaðildarríki“: það aðildarríki þar sem lánastofnun hefur útibú eða veitir þjónustu;

8. „eftirlit“: sambandið milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis, eins og það er skilgreint í 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE, eða sams konar samband milli fyrirtækis og einstaklinga eða lögpersóna;

9. „hlutdeild“: að því er varðar eftirlit á samstæðu-grundvelli, bein eða óbein eign lánastofnunar sem nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða fjármagni fyrirtækis;

10. „virk eignarhlutdeild“: bein eða óbein eignarhlutdeild í fyrirtæki sem nemur 10% eða meira af höfuðstól eða atkvæðisrétti, eða annað sem gerir það kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun fyrirtækis;

11. „stofnfé“: fjármagn eins og það er skilgreint í 1. og 2. tölulið 2. mgr. 34. gr.;

12. „móðurfyrirtæki“: móðurfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE;

Til móðurfyrirtækja skulu teljast, að því er varðar eftirlit á samstæðugrundvelli og eftirlit með stórum áhættum, móðurfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE og hvert það fyrirtæki sem lögbær yfirvöld telja að hafi raunveruleg yfirráð yfir öðru fyrirtæki;

13. „dótturfyrirtæki“: dótturfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE.

Til dótturfyrirtækja skulu teljast, að því er varðar eftirlit á samstæðugrundvelli og eftirlit með stórum áhættum, dótturfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE og hvert það fyrirtæki sem lögbær yfirvöld telja að móðurfyrirtæki

- hafi raunveruleg yfirráð yfir. Einnig ber að líta á öll dótturfélög dótturfélaga sem dótturfélög móðurfélagsins sem er höfuð þessara félaga;
14. „svæði A“: öll aðildarríki og öll önnur lönd sem eru fullgildir aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og þau lönd sem hafa gert sérstaka lánessamninga við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF) í tengslum við hið almenna lántökufyrirkomulag sjóðsins (GAB). Hvert það land sem umbreytir erlendum ríkisskuldum skal útilokað frá „svæði A“ í fimm ár;
15. „svæði B“: öll lönd sem ekki falla undir svæði A;
16. „lánastofnanir á svæði A“: allar lánastofnanir sem viðurkenndar eru í aðildarríkjunum í samræmi við 4. gr., ásamt útibúum þeirra í þriðju löndum, og öll einkafyrirtæki og opinber fyrirtæki sem falla undir skilgreininguna í fyrsta undirlið 1. liðar sem viðurkennd eru í löndum svæðis A, ásamt útibúum þeirra;
17. „lánastofnanir á svæði B“: öll einkafyrirtæki og opinber fyrirtæki sem viðurkennd eru utan svæðis A og falla undir skilgreininguna í fyrsta undirlið 1. liðar, ásamt útibúum innan bandalagsins;
18. „aðrir en bankar“: á við alla lántakendur aðra en lánastofnanir sem falla undir skilgreininguna í 16. og 17. lið, ríkisstjórnir, seðlabanka, héraðs- og sveitarstjórnir, Evrópubandalögin, Fjárfestingarbanka Evrópu og fjölbjóðlega þróunarbanka eins og þeir eru skilgreindir í 19. lið;
19. „fjölbjóðlegir þróunarbankar“: Alþjóðabankinn, Alþjóðalánastofnunin, Þróunarbanki Ameríkuríkja, Þróunarbanki Asíu, Þróunarbanki Afríku, Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins, Norræni fjárfestingarbankinn, Þróunarbanki Mið-Ameríkuríkja, Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, Fjárfestingarsjóður Evrópu og Fjárfestingarlánastofnun Ameríkuríkja;
20. „mikil áhætta“, „miðlungsáhætta“, „miðlungs-/lítill áhætta“ og „lítill áhætta“ í sambandi við liði utan efnahagsreiknings: þeir þættir sem taldir eru upp í 2. mgr. 43. gr. og í II. viðauka.
21. „eignarhaldsfélag á fjármálasviði“: fjármálastofnun þar sem dótturfyrirtækin eru annaðhvort eingöngu eða aðallega lána- eða fjármálastofnanir og að minnsta kosti eitt dótturfyrirtækjanna er lánastofnun;
22. „blandað eignarhaldsfélag“: móðurfyrirtæki sem er ekki eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða lánastofnun þar sem að minnsta kosti eitt dótturfyrirtækjanna er lánastofnun;
23. „þjónustufyrirtæki í tengslum við bankastarfsemi“: fyrirtæki sem starfar einkum á sviði eignarhalds og stjórnunar fasteigna, sér um þjónustu í sambandi við gagnavinnslu eða annast aðra sambærilega starfsemi til stuðnings meginstarfsemi einnar eða fleiri lánastofnana;
24. „áhættur“: við beitingu 48., 49. og 50. gr., eignaliðir og liðir utan efnahagsreiknings sem um getur í 43 gr. og í II. og IV. viðauka við hana, án beitingar vægis eða áhættustiga sem þar er kveðið á um. Áhættur sem um getur í framangreindum IV. viðauka skulu reiknaðar út samkvæmt einni af þeim aðferðum sem greint er frá í III. viðauka við þá tilskipun, án beitingar vægis vegna áhættu mótaðila. Alla liði sem eigið fé tekur til að fullu má, með samþykki lögbærra yfirvalda, undanskilja skilgreiningunni á áhættum, að því tilskildu að slíkt eigið fé sé ekki talið með í útreikningnum á eiginfjárlutfalli eða á öðrum eftirlitshlutföllum sem kveðið er á um í þessari tilskipun og öðrum gerðum bandalagsins; ekki telst til áhættu:
- ef um er að ræða gjaldeyrisviðskipti, áhættur sem verða í tengslum við eðlilegt uppgjör næstu 48 klukkustundir eftir greiðslu, eða
 - ef um er að ræða viðskipti vegna kaupa eða sölu á verðbréfum, áhættur sem verða í tengslum við eðlilegt uppgjör á fimm virkum dögum eftir greiðslu verðbréfanna eða afhendingu þeirra, hvort sem verður fyrir;
25. „hópur innbyrðis tengdra viðskiptamanna“:
- tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur bein eða óbein yfirráð yfir hinum, eða
 - tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur þar sem enginn einn hefur yfirráð yfir hinum, eins og skilgreint er í fyrsta undirlið, en eru taldir mynda eina áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhagserfiðleikum eigi hinn aðilinn eða allir í greiðsluerfiðleikum;

26. „náin tengsl“: þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur tengjast í gegnum:

- a) viðskiptahagsmunir, hér er átt við eignarhald á minnst 20% atkvæðisréttar eða fjármagns fyrirtækis, beint eða með yferráðarétti; eða
- b) yferráð, hér er átt við tengsl á milli móður-fyrirtækis og dótturfyrirtækis, í öllum tilvikunum sem vísað er til í 1. og 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 83/349/EEB, eða sambærileg tengsl milli einstaklings eða lögpersónu og fyrirtækis; Einnig skal litið á dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis sem dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis sem er í forsvari fyrir þessi fyrirtæki.

Þegar svo ber undir að tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur eru varanlega tengdar sömu persónunni með yferráðatengslum skal einnig litið á það sem náin tengsl milli aðila;

27. „viðurkennd verðbréfaþing“: verðbréfaþing sem eru viðurkennd af lögbærum yfirvöldum og:

- i) starfa reglulega,
- ii) fara eftir reglum, sem eru gefnar út eða samþykktar af viðeigandi yfirvöldum í landinu þar sem verðbréfaþingið er skráð, þar sem skilgreind eru rekstrarskilyrði verðbréfaþingsins, skilyrði fyrir aðgangi að því og enn fremur þau skilyrði sem samningur þarf að uppfylla eigi hann að ganga kaupum og sölum á verðbréfaþinginu,
- iii) hafa greiðsluþjónuarkerfi sem felur í sér að daglegar kröfur um tryggingarfé vegna samninganna sem um getur í IV. viðauka veiti nægilega vernd að mati lögbærra yfirvalda.

2. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um stofnun og starfsemi lánastofnana. Tilskipunin gildir um allar lánastofnanir.

2. Ákvæði 25. gr. og 52. til 56. gr. skulu einnig gilda um eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög sem hafa aðalstöðvar sínar í bandalaginu.

Í þessari tilskipun teljast stofnanirnar sem eru varanlega undanþegnar samkvæmt 3. mgr. til fjármálastofnana, að því er varðar 25. gr. og 52. til 56. gr., að undanskildum seðlabönkum aðildarríkjanna.

3. Tilskipun þessi gildir ekki um:

- seðlabanka aðildarríkja,
- póstgíróstofnanir,
- í Belgíu: „Institut de Réescompte et de Garantie/Herdiscontering- en Waarborginstituut“,
- í Danmörku: „Dansk Eksportfinansieringsfond“, „Danmarks Skibskreditfond“ og „Dansk Landbrugs Realkreditfond“,
- í Þýskalandi: „Kreditanstalt für Wiederaufbau“, fyrirtæki sem samkvæmt „Wohnungsgemeinnützigkeitsgesetz“ (lögum um nýtingu húsnæðis í þágu almennings) eru viðurkennd sem stofnanir er falla undir húsnæðisstefnu ríkisins, enda snúist starfsemi þeirra ekki fyrst og fremst um bankastarfsemi, og fyrirtæki sem eru viðurkennd samkvæmt þessum lögum sem húsnæðisstofnanir í þágu almennings,
- í Grikklandi: „Ελληνική Τράπεζα Βιομηχανικής Αναπτύξεως“, (Elliniki Trapeza Viomichanikis Anartyxeos), „Ταμείο Παρακαταθηκών και Δανείων“ (Tamio Parakatathikon kai Danion) og „Ταχυδρομικό Ταμειτήριο“ (Tachidromiko Tamiefthirio),
- á Spáni: „Instituto de Crédito Oficial“,
- í Frakklandi: „Caisse des dépôts et consignations“,
- á Írlandi: „credit unions“ (sparisjóðir) og „friendly societies“,
- á Ítalíu: „Cassa di depositi e prestiti“,
- í Hollandi: „Nederlandse Investeringsbank voor Ontwikkelingslanden NV“, „NV Noordelijke Ontwikkelingsmaatschappij“, „NV Industriebank Limburgs Instituut voor Ontwikkeling en Financiering“ og „Overijsselse Ontwikkelingsmaatschappij NV“,
- í Austurríki: fyrirtæki sem eru viðurkennd sem húsnæðisstofnanir í þágu almennings og „Österreichische Kontrollbank AG“,

- í Portúgal: „Caixas Económicas“ sem voru starfræktir 1. janúar 1986, að undanskildum þeim sem hafa ekki verið stofnaðir sem hlutafélög og „Caixa Económica Montepio Geral“;
- í Finnlandi: „Teollisen yhteistyön rahasto Oy/Fonden för industriellt samarbete AB“, og „Kera Oy/Kera Ab“;
- í Svíþjóð: „Svenska Skeppshypotekskassan“;
- í Breska konungsríkinu: „National Savings Bank“, „Commonwealth Development Finance Company Ltd“, „Agricultural Mortgage Corporation Ltd“, „Scottish Agricultural Securities Corporation Ltd“, „Crown Agents for overseas governments and administrations“, „credit unions“ (sparisjóði) og „municipal banks“ (banka sveitarfélaga).

4. Ráðið gerir allar breytingar á listanum í 3. mgr. að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, sem ráðfærir sig af þessu tilefni við nefndina sem um getur í 57. gr. (hér á eftir kölluð „ráðgjafarnefnd um bankamál“).

5. Heimilt er að undanþiggja lánastofnanir, sem eru staðsettar innan eins aðildarríkis og eru, þann 15. desember 1977, varanlega tengdar aðalstofnun sem hefur eftirlit með þeim og er stofnsett í þessu sama aðildarríki, skilyrðum þeim er sett eru fram í 1. mgr. 6. gr., 8. og 59. gr. ef innlend lög kveða á um það, eigi síðar en 15. desember 1979, að:

- skuldbindingar aðalstofnunarinnar og stofnana í eignartengslum séu með óskiptri ábyrgð eða skuldbindingar hinna tengdu stofnana séu með öðrum hætti alfarið á ábyrgð aðalstofnunarinnar,
- að allsherjareftirlit sé haft með gjaldhæfi og lausafjárstöðu aðalstofnunarinnar og allra stofnana í eignartengslum á samstæðugrundvelli,
- að framkvæmdastjórn aðalstofnunarinnar hafi rétt til að senda frá sér fyrir máli til framkvæmdastjórna stofnananna sem eru í eignartengslum við hana.

Lánastofnanir sem starfa staðbundið og eru tengdar aðalstofnun í skilningi fyrsta undirliðar frá og með 15. desember 1977 geta notið góðs af skilyrðum hans ef þær teljast eðlileg viðbót við stofnanakerfi aðalstofnunarinnar.

Hvað varðar lánastofnanir, aðrar en þær sem stofnaðar eru á landsvæðum sem nýlega hafa verið unnin undan sjó, eða sem orðið hafa til vegna klofnings eða samruna eldri stofnana sem heyra undir eða eru ábyrgar gagnvart aðalstofnun, getur ráðið, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem af þessu tilefni ráðfærir sig við ráðgjafarnefndina, sett viðbótarreglur til beitingar annars undirliðar, þar með talið afnám á undanþágum þeim sem kveðið er á um í fyrsta undirliði, telji hún að samtenging hinna nýju stofnana, sem hafa hag af ráðstöfunum annars undirliðar, gæti haft skaðleg áhrif á samkeppni. Aukinn meirihluti ræður ákvörðunum ráðsins.

6. Lánastofnun sem tengd er aðalstofnun í sama aðildarríki eins og segir í fyrstu undirgrein 5. mgr. má einnig undanþiggja ákvæðum 5. gr. og einnig 40. til 51. gr. og 65. gr., að því tilskildu og með fyrirvara um beitingu þessara ákvæða gagnvart aðalstofnun, að heildin, aðalstofnunin og tengdar stofnanir, lúti áður nefndum ákvæðum á samstæðugrundvelli.

Þegar um undanþágu er að ræða skulu 13., 18. og 19. gr., 1.–6. mgr. 20. gr. og 21.–22. gr. ná til heildarinnar, þ.e. aðalstofnunarinnar og tengdra stofnana.

3. gr.

Bann við að fyrirtæki, sem eru ekki lánastofnanir, taki við innlánnum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu

Aðildarríkin skulu banna einstaklingum eða fyrirtækjum sem eru ekki lánastofnanir að taka við innlánnum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu. Þetta bann á hvorki við sem innlánastarfsemi né móttöku á öðru fé á annan hátt sem endurgreiða skal, af hálfu aðildarríkis eða af héraðs- eða sveitarstjórnunum í aðildarríki, eða af opinberum alþjóðasamtökum sem eitt eða fleiri aðildarríki eru aðilar að, né heldur þegar um er að ræða tilvik sem landslög eða bandalagslög kveða skýrt á um, að því tilskildu að starfsemin lúti reglum og eftirliti sem eru til þess að vernda sparifjáreigendur og fjárfesta og gilda um þessi tilvik.

II. BÁLKUR

KRÖFUR UM STOFNUN OG STARFSEMI LÁNASTOFNANA

4. gr.

Leyfi

Aðildarríki krefjast þess af lánastofnunum að þær afli sér leyfis áður en þær hefja starfsemi sína. Þau skulu setja skilyrði fyrir veitingu slíkra leyfa með þeim fyrirvörum sem felast í 5. til 9. gr. og tilkynna framkvæmdastjórninni og ráðgjafarnefndinni um bankamál um þau.

5. gr.

Stofnfé

1. Með fyrirvara um önnur almenn skilyrði sem mælt er fyrir um í landslögum skulu lögbær yfirvöld ekki veita leyfi ef lánastofnunin hefur ekki sérgreint eigið fé eða í tilvikum þegar stofnfé er minna en 5 milljónir evra.

Aðildarríki geta heimilað lánastofnunum, sem ekki uppfylla skilyrði um sérgreint eigið fé og voru starfandi 15. desember 1979, að halda áfram starfsemi sinni. Slíkar lánastofnanir er heimilt að undanþiggja skilyrðum fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr.

2. Aðildarríkin skulu þó eiga þess kost að veita ákveðnum flokkum lánastofnana leyfi þó að stofnfé sé minna en áskilið er í 1. mgr. Í þeim tilvikum:

a) skal stofnfé ekki vera minna en 1 milljón evra;

b) verða aðildarríkin sem hlut eiga að máli að tilkynna framkvæmdastjórninni ástæðurnar fyrir því að sá kostur var tekinn sem kveðið er á um í þessari málsgrein;

c) skal heitis hverrar lánastofnunar, sem ekki hefur tilskilið lágmarksstofnfé svo sem kveðið er á um í 1. mgr., getið sérstaklega þegar skráin sem um getur í 11. gr. er gefin út;

3. Eigið fé lánastofnunar má ekki vera minna en sem nemur fjárhæð þess stofnfjár sem krafist er þegar leyfi er veitt samkvæmt 1. og 2. mgr.

4. Aðildarríkin geta ákveðið að lánastofnanir með minna eigið fé en áskilið er sem stofnfé í 1. og 2. mgr. og sem þegar eru starfandi 1. janúar 1993 geti haldið áfram starfsemi sinni. Þegar svo er má eigið fé þeirra ekki fara niður fyrir hæstu fjárhæð sem það hefur numið eftir 22. desember 1989.

5. Ef annar einstaklingur eða lögpersóna en fyrri stjórnandi tekur við stjórn lánastofnunar af því tagi sem getið er í 4. mgr. skal eigið fé stofnunarinnar vera að minnsta kosti jafnmikið og stofnféð sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr.

6. Við sérstakar aðstæður og með samþykki lögbærra yfirvalda, þegar um er að ræða samruna tveggja eða fleiri lánastofnana er falla undir þann flokk sem um getur í 4. mgr., má eigið fé þeirrar stofnunar sem verður til við samruna ekki vera minna en heildar eigin fé stofnananna á þeim tíma sem samruninn átti sé stað, enda hafi viðeigandi mörkum ekki verið náð samkvæmt 1. og 2. mgr.

7. Ef eigin fé minnkar, í tilvikum, sem um getur í 3., 4. og 6. mgr., geta þó lögbær yfirvöld, ef réttlæt看legt þykir, veitt stofnun hæfilegan frest til úrbóta eða til að hætta allri starfsemi.

6. gr.

Stjórn og staðsetning aðalskrifstofu lánastofnana

1. Lögbær yfirvöld skulu aðeins veita lánastofnun leyfi ef stjórn lánastofnunarinnar er í höndum eigi færri en tveggja einstaklinga.

Að auki skulu hlutaðeigandi yfirvöld ekki veita leyfi ef þessir einstaklingar fullnægja ekki skilyrðum um gott mannröð eða næga reynslu til að sinna þeim störfum er hér um ræðir.

2. Hvert aðildarríki um sig skal krefjast þess:

— að lánastofnanir sem eru löggjafar, og hafa skráða skrifstofu samkvæmt eigin landslögum, hafi aðalskrifstofu sína og skráða skrifstofu í sama aðildarríki,

— að aðrar lánastofnanir hafi aðalskrifstofu í því aðildarríki sem gaf út leyfi og þar sem starfsemi þeirra fer fram í raun.

7. gr.

Hluthafar og aðilar

1. Lögbær yfirvöld skulu ekki veita lánastofnun leyfi til að hefja starfsemi fyrir en þau hafa fengið upplýsingar um hverjir séu hluthafar eða félagar beint eða óbeint, einstaklingar eða löggjafar, sem hafa yfir að ráða virkri eignarhlutdeild, svo og hve stóran hlut þeir eiga.

Vegna skilgreiningarinnar á virkri eignarhlutdeild, í tengslum við þessa grein, ber að taka tillit til atkvæðisréttar sem um getur í 7. gr. tilskipunar ráðsins 88/627/EBE ⁽¹⁾.

2. Lögbær yfirvöld skulu synja um leyfi ef þau telja áðurnefnda hluthafa eða aðila ekki hæfa að teknu tilliti til að nauðsynlegt er að tryggja trausta og varkára stjórnun lánastofnana.

3. Ef nán tengsl eru fyrir hendi milli lánastofnunar og annarra einstaklinga eða löggjafara skulu lögbær yfirvöld einungis veita leyfi ef sýnt er að þessi tengsl koma ekki í veg fyrir að þau sinni eftirlitshlutverki sínu.

Lögbær yfirvöld skulu jafnframt synja um leyfi ef lög og stjórnsýsluákvæði þriðja lands, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða löggjafara skulu lögbær yfirvöld einungis veita leyfi ef sýnt er að þessi tengsl koma ekki í veg fyrir að þau geti sinnt eftirlitshlutverki sínu sem skyldi.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 88/627/EBE frá 12. desember 1988 um upplýsingar er birta skal þegar aflað er eða ráðstafað verulegum eignarhlut í félagi sem skráð er á verðbréfaþingi

Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að fjármagnsfyrirtæki veiti þeim nauðsynlegar upplýsingar svo þau geti gengið úr skugga um að jafnan sé farið að skilyrðunum sem um getur í þessari málsgrein.

8. gr.

Lýsing á starfsemi og skipulag

Aðildarríkin skulu einnig setja það skilyrði að umsókn um leyfi fylgi lýsing á starfsemi þar sem fram kemur, meðal annars, hvers konar rekstur er fyrirhugaður og hvernig stofnunin verður skipulögð.

9. gr.

Fjárhagslegar þarfir

Aðildarríkin mega ekki krefjast þess að leyfisumsóknir verði athugaðar með tilliti til efnahagsþarfa markaðarins hverju sinni.

10. gr.

Synjað um leyfi

Tilgreina skal ástæður ef umsókn um leyfi er hafnað og skal tilkynna umsækjanda um slíkt innan sex mánaða frá móttöku umsóknarinnar eða, ef umsókn reynist ófullkomin, innan sex mánaða frá þeim degi er umsækjandi sendir upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna ákvörðunarartökunnar. Ákvörðun skal þó ávallt tekin eigi síðar en innan 12 mánaða frá móttöku umsóknar.

11. gr.

Framkvæmdastjórninni tilkynnt um veitt leyfi

Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um öll veitt leyfi. Sérhver lánastofnun er skráð á lista sem framkvæmdastjórninni ber að endurnýja reglulega og birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

12. gr.

Fyrirfram samráð við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum

Hafa ber samráð fyrirfram við lögbær yfirvöld í hinu aðildarríkinu sem í hlut á um veitingu leyfis til lánastofnunar sem er:

— dótturfyrirtæki lánastofnunar með leyfi í öðru aðildarríki, eða

15. gr.

— dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis lánastofnunar sem hefur leyfi í öðru aðildarríki, eða

Heiti

— undir eftirliti sömu einstaklinga eða lögpersóna og stjórna lánastofnun sem leyfi hefur í öðru aðildarríki.

13. gr.

Útibú lánastofnana með leyfi í öðru aðildarríki

Gistiaðildarríki er ekki lengur heimilt að krefjast leyfis eða stofnframlags fyrir útibú lánastofnana sem hafa hlotið leyfi í öðrum aðildarríkjum. Stofnun slíkra útibúa skal fara fram og eftirliti með þeim komið á svo sem sagt er fyrir um í 17. gr., 1. til 6. mgr. 20. gr., 22. gr. og 26. gr.

14. gr.

Afturköllun leyfis

1. Lögbærum yfirvöldum er því aðeins heimilt að afturkalla leyfi, sem veitt hefur verið lánastofnun, ef slík stofnun:

- a) nýtir ekki leyfið innan 12 mánaða, afsalar sér skýlaust leyfinu eða hættir starfsemi í meira en sex mánuði, hafi hlutaðeigandi aðildarríki ekki gert ráð fyrir að leyfi falli úr gildi í slíkum tilvikum;
- b) hefur fengið leyfi á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt;
- c) uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem leyfisveitingin er háð;
- d) á ekki lengur nægilegt eigið fé eða er ekki lengur treystandi til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart lánardrottnum og sérstaklega ef stofnunin tryggir ekki lengur öryggi þess fjár sem henni er treyst fyrir;
- e) fellur undir annað ákvæði í landslögum sem kveður á um afturköllun leyfis.

2. Tilgreina verður ástæður að baki afturköllun leyfis og hlutaðeigandi aðilum tilkynnt um slíkt. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um öll veitt leyfi.

Lánastofnunum sem þessi tilskipun tekur til er heimilt, án tillits til lagaákvæða um heitin „banki“, „sparisjóður“ og önnur bankaheiti sem fyrir hendi eru í gistiaðildarríkinu, að nota á öllu yfirráðasvæði bandalagsins sömu heiti og notuð eru í aðildarríkjum þar sem aðalskrifstofa þeirra er. Stafur af því hætta á ruglingi, er gistiaðildarríki heimilt að krefjast einhvers konar auðkennandi viðauka við nafnið til frekari skýringar.

16. gr.

Virg eignarhlutdeild í lánastofnun

1. Aðildarríkin skulu gera einstaklingum eða lögpersónum, sem hyggjast, beint eða óbeint, öðlast virka eignarhlutdeild í lánastofnun, að tilkynna það fyrst lögbærum yfirvöldum og greina þeim frá hve stóran hlut þeir hafa hug á að eignast. Viðkomandi verður einnig að tilkynna lögbærum yfirvöldum ef hann hyggst auka við virka eignarhlutdeild sína það mikið að hans hlutur af atkvæðum og fjármagni nemi 20%, 33% eða 50% eða svo miklu fé að lánastofnunin yrði talin dótturfyrirtæki hans.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu lögbær yfirvöld hafa þrjá mánuði hið mesta, frá degi þeim er tilkynning berst, eins og kveðið er á um í fyrstu undirgrein, til að andmæla fyrirætlan þessari, ef þau telja viðkomandi ekki hæfan til að veita lánastofnuninni trausta og varkára stjórnun með hliðsjón af skilyrðum sem sett eru um öryggi og hæfni framkvæmdastjórnar lánastofnunar. Ef þau andmæla ekki hlutaukningunni sem um getur í fyrstu undirgrein geta þau ákveðið hvenær henni skuli í síðasta lagi hafa verið hrint í framkvæmd.

2. Ef sá er aflar eignarhluta svo sem um getur í 1. mgr. er lánastofnun með leyfi í öðru aðildarríki eða móðurfyrirtæki lánastofnunar sem hefur leyfi í öðru aðildarríki, eða einstaklingur eða lögpersóna sem ræður yfir lánastofnun með leyfi í öðru aðildarríki og ef stofnunin sem þessi aðili hyggst öðlast eignarhlut í yrði dótturfyrirtæki, eða undir hans stjórn vegna hlutakaupanna, verður mat á kaupunum að vera háð undanfarandi samráði svo sem áskilið er í 12. gr.

3. Aðildarríkin skulu krefjast þess af einstaklingi eða lögpersónu sem hyggst ráðstafa, beint eða óbeint, virkri eignarhlutdeild í lánastofnun að sá aðili tilkynni það áður lögbærum yfirvöldum, og skýri þeim frá hve stórum hluta í

fyrirtækinu hann hyggist ráða yfir. Hlutaðeigandi skal einnig tilkynna lögbærum yfirvöldum ef hann hyggst minnka virka eignarhlutdeild sína svo að atkvæða- eða fjármagnshlutfall hans færi niður fyrir 20%, 33%, 50% eða svo mikið að lánastofnunin hætti að vera dótturfyrirtæki hans.

4. Þegar lánastofnanir fá vitneskju um öflun og ráðstöfun á eignarhlutum í höfuðstól þeirra sem veldur því að eignarhlutar fara yfir eða undir mörkin sem tilgreind eru í 1. og 3. mgr. skulu þær þegar tilkynna lögbærum yfirvöldum þar um.

Einnig skulu þær að minnsta kosti einu sinni á ári tilkynna þeim nöfn þeirra hluthafa og aðila sem eiga virka eignarhlutdeild og upphæð þessa hlutfjár svo sem gefið er upp t.d. á aðalfundum hluthafa eða vegna reglna sem settar eru um skráningu hlutabréfa á verðbréfaþingum.

5. Aðildarríkin skulu krefjast þess að þegar áhrif þeirra aðila sem um getur í 1. mgr. eru líkleg til að hafa slæm áhrif á trausta og varkára stjórnun stofnunar skuli lögbær yfirvöld grípa til viðeigandi ráðstafana til að binda enda á það

ástand. Slíkar ráðstafanir geta t.d. verið lögbann, refsiaðgerðir gagnvart stjórnendum og forstöðumönnum, eða svipting atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfum hluthafa og aðila sem um ræðir.

Svipaðar ráðstafanir skulu gilda gagnvart einstaklingum og lögpersónum sem ekki standa við þá skuldbindingu að veita upplýsingar fyrirfram, svo sem kveðið er á um í 1. mgr. Ef eignarhlutar er aflað þrátt fyrir andstöðu lögbærra yfirvalda, skulu aðildarríkin, óháð öðrum refsiaðgerðum sem gripið er til, sjá svo um að því sé frestað að viðkomandi fái að neyta atkvæðisréttar síns eða að greidd atkvæði séu ógild eða hægt sé að ógilda þau.

6. Vegna skilgreiningarinnar á virkri eignarhlutdeild og annars konar eignarhlutum sem um getur í þessari grein, ber að taka tillit til atkvæðisréttar sem um getur í 7. gr. tilskipunar 88/627/EBE.

17. gr.

Stjórnun og innra eftirlit

Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu krefjast þess að sérhver lánastofnun hafi traust stjórnunar- og bókhalds- fyrirkomulag og fullnægjandi innra eftirlitskerfi.

III. BÁLKUR

ÁKVÆÐI UM STAÐFESTURÉTT OG FRELSI TIL AÐ VEITA ÞJÓNUSTU

18. gr.

Lánastofnanir

Aðildarríkin skulu sjá til þess að stunda megi þá starfsemi sem talin er upp í I. viðauka á yfirráðasvæðum þeirra í samræmi við 1. til 6. mgr. 20. gr., 1. og 2. mgr. 21. gr. og 22. gr., hvort sem um er að ræða stofnun útibús eða þjónustustarfsemi á vegum lánastofnunar sem hefur leyfi frá lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki og er undir eftirliti þeirra í samræmi við þessa tilskipun svo fremi leyfið nái til þessarar starfsemi.

19. gr.

Fjármálastofnanir

Aðildarríkin skulu einnig sjá til þess að stunda megi þá starfsemi sem talin er upp í I. viðauka á yfirráðasvæðum þeirra í samræmi við 1. til 6. mgr. 20. gr., 1. og 2. mgr. 21. gr. og 22. gr., hvort sem um er að ræða stofnun útibús eða þjónustustarfsemi á vegum fjármálastofnunar í öðru aðildarríki, hvort sem það er dótturfyrirtæki lánastofnunar eða sameiginlegt dótturfyrirtæki tveggja eða fleiri lánastofnana sem leyfist samkvæmt stofnsamþykktum að halda uppi þessari starfsemi og sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- móðurfyrirtækið eða fyrirtækin verða að hafa leyfi sem lánastofnanir í aðildarríkinu samkvæmt þeim lögum sem dótturfyrirtækið lýtur,
- starfsemin sem um er að ræða verður að fara fram á yfirráðasvæði þess sama aðildarríkis,
- móðurfyrirtækið eða fyrirtækin verða að eiga 90% eða meira af atkvæðisrétti sem fylgir hlutum í höfuðstól dótturfyrirtækisins,
- móðurfyrirtækið eða fyrirtækin verða að uppfylla skilyrði lögbærra yfirvalda um varkára stjórn dótturfyrirtækisins og verða að hafa lýst því yfir með samþykki yfirvalda hlutaðeigandi heimaaðildarríkis að þau beri óskipta ábyrgð á skuldbindingum þeim sem dótturfyrirtækið tekur á sig,

— dótturfyrirtækið verður raunverulega að heyra undir eftirlit á samstæðugrundvelli sem móðurfyrirtæki þess eða sérhvert móðurfyrirtæki þess lýtur, einkum hvað varðar umrædda starfsemi samkvæmt 52. til 56. gr. og þá einkum hvað snertir útreikninga á eiginfjárlutfalli, stórar áhættur og takmörkun hlutabréfa svo sem gert er ráð fyrir í 51. gr. þessarar tilskipunar.

Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu verða að sannreyna að þessum skilyrðum hafi verið fullnægt og þau verða að sjá dótturfyrirtækinu fyrir vottorði þar að lútandi sem verður að fylgja tilkynningunni sem vísað er til í 1. til 6. mgr. 20. gr. og 1. og 2. mgr. 21. gr.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu tryggja eftirlit með útibúinu samkvæmt 5. gr. (3), 16., 17., 26., 28., 29., 30. og 32. gr.

Ákvæðin sem um ræðir í þessari málsgrein eiga, að breyttu breytanda, við um dótturfyrirtæki eftir því sem við getur átt. Einkum ber að skilja orðið „lánastofnun“ sem „fjármálastofnun sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru í 19. gr.“ og orðið „leyfi“ sem „stofnsamþykktir“.

Önnur undirgrein 3. mgr. 20. gr. orðist svo:

„Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu einnig tilkynna hve mikið eigið fé dótturstofnunarinnar er og samanlagt eiginfjárlutfall lánastofnunarinnar sem er móðurfyrirtæki hennar“.

Ef fjármálastofnun, sem fellur undir þessa grein, uppfyllir ekki lengur skilyrðin sem sett eru skal heimaaðildarríkið skýra lögbærum yfirvöldum gístiaðildarríkisins frá því og starfsemin sem fram fer í stofnuninni í gístiaðildarríkinu lúta þeirri löggjöf sem gildir í gístiaðildarríkinu.

20. gr.

Staðfesturéttur nýttur

1. Lánastofnun sem æskir að stofna útibú á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu.

2. Aðildarríkið skal krefja sérhverja lánastofnun sem æskir að stofna útibú í öðru aðildarríki um eftirfarandi upplýsingar með tilkynningunni sem um getur í 1. mgr.:

a) á yfirráðasvæði hvaða aðildarríkis hún hyggst stofna útibú;

b) áætlun um fyrirhugaða starfsemi þar sem meðal annars komi fram hvers konar starfsemi er höfð í huga og hvernig útibúið verður uppbyggt;

c) til hvaða heimilisfangs í gístiaðildarríkinu skuli leita til að fá skjöl;

d) nöfn þeirra sem bera ábyrgð á stjórn útibúsins.

3. Ef lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki hafa ekki ástæðu til að efast um að stjórnunarmynstur eða fjárhagsstaða lánastofnunarinnar sé fullnægjandi með tilliti til þeirrar starfsemi sem áætlun er, skulu þau innan þriggja mánaða frá móttöku upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. tilkynna lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu um þær og láta hlutaðeigandi stofnun vita.

Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu einnig tilkynna hve mikið eigið fé lánastofnunarinnar er og hvert eiginfjárlutfall hennar er.

Neiti lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins að veita lögbærum yfirvöldum gístiaðildarríkisins upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. ber þeim að greina hlutaðeigandi stofnun frá ástæðum fyrir synjuninni innan þriggja mánaða frá því að allar upplýsingarnar bárust. Heimilt er að áfrýja til dómstóla í heimaaðildarríkinu ef um er að ræða synjun eða ef ekkert svar berst.

4. Áður en útibú lánastofnunar hefur starfsemi og eigi síðar en tveim mánuðum eftir að upplýsingarnar sem um ræðir í 3. mgr. hafa borist, skulu lögbær yfirvöld gístiaðildarríkis undirbúa eftirlit með henni samkvæmt 21. gr. og ef nauðsyn krefur benda á hvaða skilyrðum starfsemin í gístiaðildarríkinu skuli vera háð svo almennra hagsmuna sé gætt.

5. Þegar tilkynning berst frá lögbærum yfirvöldum gístiaðildarríkisins, eða hafi frestur sá sem kveðið er á um í 4. mgr. runnið út án þess að tilkynning hafi borist frá þeim, má stofna útibúið og hefja starfsemi.

6. Ef breytingar verða á einstökum atriðum sem tilkynnt eru samkvæmt b-, c- eða d-lið 2. mgr. eða því innlána-ábyrgðakerfi sem um getur í 3. mgr. skal lánastofnun tilkynna lögbærum yfirvöldum heima- og gístiaðildarríkjanna skriflega viðkomandi breytingu að minnsta kosti mánuði áður en breytingin er gerð til að gera lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins fært að taka ákvörðun samkvæmt 3. mgr. og lögbærum yfirvöldum gístiaðildarríkisins að taka ákvörðun um breytinguna samkvæmt 4. mgr.

7. Líta ber svo á að starfsemi sú sem kveðið er á um í 1.-5. mgr. eigi við um útibú sem hafa hafið starfsemi í samræmi við gildandi ákvæði fyrir 1. janúar 2003 í gístiaðildarríkjunum þeirra, áður en ákvæði sem sett eru til framkvæmdar á þessari tilskipun öðlast gildi. Frá ofangreindri dagsetningu skulu þau lúta 6. mgr. og 18., 19., 22. og 29. gr.

21. gr.

Frelsi til að veita þjónustu

1. Hver sú lánastofnun sem fer fram á það í fyrsta sinn að notfæra sér frelsi til að veita þjónustu með því að stunda starfsemi á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skal tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaðildarríkisins hvaða starfsemi í skránni í I. viðauka hún hyggst hafa um hönd.

2. Lögbær yfirvöld heimaðildarríkisins skulu innan mánaðar frá því að þeim berst tilkynningin sem um ræðir í 1. mgr. senda hana lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu.

3. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á réttindi sem lánastofnanir, sem hafa veitt þjónustu fyrir 1. janúar 1993, hafa öðlast.

22. gr.

Vald lögbærra yfirvalda gístiaðildarríkisins

1. Gístiaðildarríki geta vegna hagskýrslna krafist þess að allar lánastofnanir sem hafa útibú á yfirráðasvæði þeirra gefi lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkjunum reglulega skýrslu um starfsemi sína í gístiaðildarríkjunum.

Gístiaðildarríki geta, er þau inna af hendi skyldur sínar samkvæmt 27. gr., krafist þess að útibú lánastofnana í öðrum aðildarríkjunum veiti sömu upplýsingar og krafist er af innlendum lánastofnunum í þessum tilgangi.

2. Ef lögbær yfirvöld í gístiaðildarríki komast að raun um að stofnun, sem hefur útibú eða veitir þjónustu á yfirráðasvæði þess, fer ekki eftir lagaákvæðum sem það ríki hefur sett til beitingar ákvæðum þessarar tilskipunar og tekur til valdheimilda lögbærra yfirvalda í gístiaðildarríkinu skulu þau hin sömu yfirvöld krefjast þess að stofnunin sem hlut á að máli bindi enda á þetta óeðlilega ástand.

3. Hafi hlutaðeigandi stofnun ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir ber lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu að tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaðildarríkinu það. Lögbær yfirvöld heimaðildarríkisins skulu við fyrsta tækifæri gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að stofnunin sem hlut á að máli bindi enda á þetta óeðlilega ástand. Tilkynna ber lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu hvers eðlis þær ráðstafanir eru.

4. Haldi hlutaðeigandi lánastofnun áfram að brjóta lög þau sem um getur í 2. mgr. og í gildi eru í gístiaðildarríkinu þrátt fyrir ráðstafanir sem heimaðildarríkið gerir eða vegna þess að þær reynast ófullnægjandi eða eru ekki tækar í hlutaðeigandi aðildarríki, þá getur gístiaðildarríkið, eftir að hafa skýrt lögbærum yfirvöldum í heimaðildarríkinu frá því, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsar fyrir frekari brot og, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, hindrað að stofnunin hefji frekari starfsemi í gístilandinu. Aðildarríkin skulu tryggja að skjöl sem eru nauðsynleg vegna þessara ráðstafana séu kynnt lánastofnunum á yfirráðasvæðum þeirra.

5. Ákvæði 1.-4. mgr. hafa ekki áhrif á vald gístiaðildarríkja til að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsar fyrir brot á lögum sem þau hafa sett í þágu almennra hagsmuna á yfirráðasvæðum sínum. Þetta skal fela í sér möguleika á því að koma í veg fyrir að stofnanir sem eru brotlegar hefji frekari starfsemi á yfirráðasvæðum þeirra.

6. Allar ráðstafanir sem gripið er til samkvæmt 3., 4. og 5. mgr. og fela í sér refsingar eða takmarkanir á frelsi til að veita þjónustu verða að vera rökstuddar og þær ber að tilkynna hlutaðeigandi stofnun. Öllum slíkum ráðstöfunum má skjóta til dómstóla í aðildarríkinu þar sem þær voru samþykktar af yfirvöldum.

7. Áður en ákvæði 2., 3. og 4. mgr. eru framkvæmd geta lögbær yfirvöld gístiaðildarríkis í bráðatilvikum gert nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að vernda hagsmunum spariþjáreigenda, fjárfesta og annarra sem veitt er þjónusta. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja sem hlut eiga að máli um slíkar ráðstafanir við fyrsta tækifæri.

Framkvæmdastjórnin getur, eftir að hafa ráðgast við lögbær yfirvöld þeirra aðildarríkja sem hlut eiga að máli, ákveðið að viðkomandi aðildarríki skuli breyta þessum ráðstöfunum eða afturkalla þær.

8. Gístiaðildarríkjunum er heimilt að beita valdi því sem þau hafa samkvæmt þessari tilskipun á þann hátt að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsar fyrir brot sem framin eru á yfirráðasvæði þeirra. Þetta skal fela í sér möguleika á því að koma í veg fyrir að stofnanir hefji frekari starfsemi á yfirráðasvæðum þeirra.

9. Ef leyfi er afturkallað skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum gístaðildarríkisins sem gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að stofnunin sem hlut á að máli hefji frekari starfsemi á yfirráðasvæði gístaðildarríkisins. Framkvæmdastjórnin skal gefa ráðgjafarnefnd bankanna skýrslu um slík tilvik annað hvert ár.

10. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hve oft og í hvers konar tilvikum synjað er um leyfi samkvæmt 1. til 6. mgr. 20. gr. eða hvenær ráðstafanir hafa verið gerðar samkvæmt 4. mgr. þessarar greinar.

Framkvæmdastjórnin skal gefa ráðgjafarnefnd bankanna skýrslu um slík tilvik annað hvert ár.

11. Ekkert í þessari grein kemur í veg fyrir að lánastofnanir sem hafa aðalskrifstofur í öðrum aðildarríkjum auglýsi þjónustu sína í öllum tiltækum miðlum í gístaðildarríkinu, svo fremi farið sé eftir reglum um framsetningu og efni slíkra auglýsinga sem settar hafa verið í þágu almennra hagsmuna.

IV. BÁLKUR

SAMSKIPTI VIÐ ÞRIÐJU LÖND

23. gr.

Tilkynning um dótturfyrirtæki fyrirtækja í þriðju löndum og skilyrði um aðgang að mörkuðum þessara landa

1. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu tilkynna framkvæmdastjórninni:

- a) þegar leyfi er veitt fyrirtækjum sem beint eða óbeint eru dótturfyrirtæki, ef löggjöf þriðja lands gildir um móðurfyrirtæki þeirra, eitt eða fleiri. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna þetta ráðgjafarnefnd bankamála;
- b) þegar móðurfyrirtæki aflar sér eignarhlutar í lánastofnun innan bandalagsins þannig að sú síðarnefnda yrði dótturfyrirtæki þess. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna þetta ráðgjafarnefnd bankamála.

Þegar leyfi er veitt fyrirtæki sem beint eða óbeint er dótturfyrirtæki eins eða fleiri móðurfyrirtækja er löggjöf þriðju landa gildir um, skal tilgreina hvernig skipulagi hópsins er háttað í tilkynningu sem lögbær yfirvöld senda framkvæmdastjórninni samkvæmt 11. gr.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um alla erfiðleika almenns eðlis sem lánastofnanir þeirra rekast á við stofnun eða þegar þau stunda bankastarfsemi í þriðja landi.

3. Framkvæmdastjórnin skal reglulega semja skýrslur um þau kjör sem lánastofnanir bandalagsins fá í þriðju löndum, í skilningi 4. og 5. mgr., varðandi stofnun og rekstur bankastarfsemi, og öflun eignarhluta í lánastofnunum í þriðju löndum. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslurnar fyrir ráðið, ásamt tillögum, eftir því sem við á.

4. Telji framkvæmdastjórnin, annaðhvort á grundvelli skýrslna samkvæmt 3. mgr. eða annarra upplýsinga, að þriðja land heimili ekki lánastofnunum bandalagsins raunverulegan aðgang að markaðinum sem er sambærilegur við þann aðgang sem bandalagið veitir lánastofnunum þess lands, getur hún lagt fyrir ráðið tillögur um að það veiti viðeigandi umboð til samningaumleitana til að ná fram sambærilegri samkeppnisaðstöðu fyrir lánastofnanir bandalagsins. Aukinn meirihluti ræður ákvörðunum ráðsins.

5. Telji framkvæmdastjórnin, annaðhvort á grundvelli skýrslna sem um getur í 3. mgr. eða annarra upplýsinga, að lánastofnanir bandalagsins sem starfa í þriðja landi njóti þar ekki slíkrar meðferðar að þau hafi sömu samkeppnistækifæri og innlendar lánastofnanir og skilyrði um raunverulegan aðgang að markaðinum séu þar ekki uppfyllt, getur framkvæmdastjórnin hafið samningaumleitunir í þeim tilgangi að bæta stöðuna.

Þegar svo stendur á sem í fyrstu undirgrein segir má einnig, auk þess að hefja samningaumleitunir hvenær sem er, ákveða í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 60. gr., að lögbær yfirvöld einstakra aðildarríkja skuli takmarka efnissvið ákvarðana sinna eða fresta ákvörðunum um leyfisumsóknir sem fyrir liggja á þeim tíma er ákvörðun um slíkt er tekin, svo og um síðari leyfisumsóknir, og um kaup á eignarhlutum af hálfu fyrirtækja sem beint eða óbeint eru móðurfyrirtæki og lúta löggjöf hlutaðeigandi þriðja ríkis. Þessar ráðstafanir mega ekki standa lengur en í þrjá mánuði.

Áður en þriggja mánaða fresturinn er liðinn getur ráðið að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og í ljósi þess til hvers samningaumleitunar hafa leitt, ákveðið með auknum meirihluta hvort haldið skuli áfram að beita ráðstöfunum.

Slíkar takmarkanir eða frestanir skulu ekki taka til stofnunar dótturfyrirtækja lánastofnana eða dótturfyrirtækja þeirra sem hafa gilt leyfi innan bandalagsins, né til þess að þau kaupri eignarhluta í lánastofnunum bandalagsins.

6. Ef framkvæmdastjórnin telur að komið hafi upp aðstæður eins og lýst er í 4. og 5. mgr., skulu aðildarríkin tilkynna henni, að hennar ósk:

- a) um allar leyfisumsóknir beinna eða óbeinna dótturfyrirtækja eins eða fleiri móðurfyrirtækja er lúta lögum hlutaðeigandi þriðja lands;
- b) í hvert sinn þegar þeim er tilkynnt samkvæmt 16. gr. að slíkt fyrirtæki hyggist öðlast eignarhluta í lánastofnun í bandalagsríki þannig að sú síðarnefnda yrði dótturfyrirtæki þess.

Upplýsingarskylda þessi fellur niður þegar samningur kemst á við það þriðja land svo sem um getur í 4. eða 5. mgr. eða þegar ráðstafanirnar sem um getur í annarri og þriðju undirgrein 5. mgr. falla úr gildi.

7. Ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessari grein skulu vera í samræmi við skuldbindingar bandalagsins samkvæmt alþjóðasamningum, tvíhliða eða marghliða, um stofnun og rekstur lánastofnana.

24. gr.

Útibú lánastofnana með aðalskrifstofu utan bandalagsins

1. Aðildarríki skulu ekki beita ákvæðum gagnvart útibúum lánastofnana með aðalskrifstofu utan bandalagsins, hvort heldur er við stofnun þeirra eða rekstur, sem fela í sér hagstæðari kjör en veitt eru útibúum lánastofnana sem hafa aðalskrifstofur sínar innan bandalagsins.

2. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og ráðgjafarnefndinni um bankamál um leyfi sem veitt eru útibúum lánastofnana með aðalskrifstofu utan bandalagsins.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. er bandalaginu heimilt, með samningum sem gerðir eru í samræmi við sáttmálann við eitt eða fleiri þriðju lönd, að samþykkja ákvæði sem, á grundvelli gagnkvæmnisreglunnar, veita útibúum lánastofnana sem hafa aðalskrifstofur sínar utan bandalagsins sams konar réttindi á öllum yfirráðasvæðum bandalagsins.

25. gr.

Samstarf við lögbær yfirvöld þriðju landa um eftirlit á samstæðugrundvelli

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, að leggja fyrir ráðið tillögur vegna samningaviðræðna við eitt eða fleiri þriðju lönd um hvernig annast skuli eftirlit á samstæðugrundvelli með:

— lánastofnunum ef móðurfyrirtæki þeirra eru með aðalskrifstofu í þriðja landi, og

— lánastofnunum í þriðja landi ef móðurfyrirtæki þeirra, hvort sem þær eru lánastofnanir eða eignarhaldsfélög á fjármálasviði, hafa aðalskrifstofu í bandalaginu.

2. Í samningunum sem um getur í 1. mgr. skal einkum leitast við að tryggja:

— að lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geti aflað sér nauðsynlegra upplýsinga vegna eftirlits, sem miðast við fjárhagsstöðu á samstæðugrundvelli, með lánastofnunum eða eignarhaldsfélögum á fjármálasviði innan bandalagsins sem eiga dótturfyrirtæki sem eru lána- eða fjármálastofnanir, staðsettar utan bandalagsins, eða eiga hlutdeild í slíkum stofnunum,

— að lögbær yfirvöld í þriðju löndum geti aflað upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með móðurfyrirtækjum sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæði þeirra og eiga dótturfyrirtæki sem eru lána- eða fjármálastofnanir í einu eða fleiri aðildarríkjum eða hlutdeild í slíkum stofnunum.

3. Framkvæmdastjórnin og ráðgjafarnefndin í bankamálum skulu fara yfir niðurstöður samninganna sem um getur í 1. mgr. og meta árangur þeirra.

V. BÁLKUR

MEGINREGLUR OG TÆKNILEG VERKFÆRI TIL VARÚÐAREFTIRLITS

1. KAFLI

29. gr.

MEGINREGLUR UM VARÚÐAREFTIRLIT

26. gr.

Valdsvið heimaaðildarríkis að því er varðar eftirlit

1. Varúðareftirlit með lánastofnun, þar með talið með starfsemi sem hún annast samkvæmt 18. og 19. gr., skal vera á ábyrgð lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkisins, samanber þó þau ákvæði þessarar tilskipunar sem fela yfirvöldum gistaðildarríkisins ábyrgðina á hendur.

2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir eftirlit á samstæðugrundvelli samkvæmt þessari tilskipun.

27. gr.

Valdsvið gistaðildarríkis

Gistaðildarríkin skulu bera áfram ábyrgðina á eftirliti með lausafjárstöðu útibúa lánastofnana í samvinnu við lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins meðan beðið er frekari samræmingar. Með fyrirvara um nauðsynlegar ráðstafanir til að efla peningakerfi Evrópu bera gistaðildarríki áfram fulla ábyrgð á ráðstöfunum er þau gera til framkvæmdar peningamálastefnu þeirra. Í slíkum ráðstöfunum má ekki gera ráð fyrir mismunun eða takmörkunum gagnvart lánastofnun sem hefur leyfi í öðru aðildarríki.

28. gr.

Samstarf um eftirlit

Lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum skulu hafa náð samstarf um eftirlit með starfsemi lánastofnana er veita þjónustu í einu eða fleiri aðildarríkjum utan þeirra sem aðalskrifstofur þeirra eru í, einkum ef þær hafa stofnað útibú þar. Þau skulu láta hvert öðru í té allar þær upplýsingar um stjórnun og eigendur þessara lánastofnana sem að gagni gætu komið við eftirlit og könnun á skilyrðum fyrir leyfisveitingu, auk allra upplýsinga sem gætu auðveldað eftirlit með slíkum stofnunum, einkum með tilliti til lausafjárstöðu, gjaldhæfis, ábyrgða á innlánnum, takmarkana á stórum áhættum, stjórnunar og bókhaldsaðferða og innra eftirlitskerfis.

Sannprófun á staðnum þegar um er að ræða útibú stofnuð í öðru aðildarríki

1. Gistaðildarríki skulu mæla svo fyrir þegar lána-stofnun með leyfi í öðru aðildarríki annast starfsemi í gegnum útibú, að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins, eða milligöngumenn sem þau velja til þess, geti sannprófað sjálf upplýsingarnar á staðnum, eins og um getur í 28. gr., eftir að hafa skýrt lögbærum yfirvöldum í gistaðildarríkinu frá því.

2. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins geta einnig gripið til þeirra aðferða sem kveðið er á um í 7. mgr. 56. gr. í því skyni að hafa eftirlit með útibúum.

3. Þessi grein hefur ekki áhrif á rétt lögbærra yfirvalda í gistaðildarríkinu til að koma á staðinn og hafa eftirlit með útibúum sem stofnuð eru á yfirráðasvæði þeirra þegar þau rækja skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun.

30. gr.

Upplýsingaskipti og þagnarskylda

1. Aðildarríkin skulu mæla svo fyrir að allir þeir sem vinna fyrir eða hafa unnið fyrir lögbær yfirvöld, sem og endurskoðendur eða sérfræðingar sem koma fram fyrir hönd lögbærra yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu. Þetta merkir að þeir mega ekki skýra neinum einstaklingum eða yfirvöldum frá trúnaðarmálum sem þeir öðlast vitneskju um við skyldustörf sín nema það séu almennar upplýsingar af því tagi að ekki sé unnt að bera kennsl á einstakar stofnanir, þó með fyrirvara um mál sem heyra undir hegningarlög.

Þó má skýra frá trúnaðarmálum í einkamálum er lána-stofnun hefur verið lýst gjaldþrota eða neyðst til félagsslita snerti þau ekki þriðja aðila sem reynir að bjarga áður-nefndri lánastofnun.

2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að lögbær yfirvöld í hinum ýmsu aðildarríkjum skiptist á upplýsingum samkvæmt þessari tilskipun og öðrum tilskipunum sem gilda um lánastofnanir. Slíkar upplýsingar skulu háðar ákvæði um þagnarskyldu svo sem kveðið er á um í 1. mgr.

3. Aðildarríkjunum er því aðeins heimilt að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld í þriðju löndum, eða yfirvöld eða stofnanir í þriðju löndum, eins og skilgreint er í 5. og 6. mgr., að um upplýsingarnar ríki þagnarskylda í að minnsta kosti sama mæli og um getur í þessari grein. Slík upplýsingaskipti skulu eiga sér stað við eftirlit áðurnefndra yfirvalda eða stofnana.

Séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

4. Lögbær yfirvöld sem fá vitneskju um trúnaðarmál í samræmi við 1. eða 2. mgr. mega einungis notfæra sér hana við skyldustörf sín:

— til að fylgjast með því að skilyrði um stofnun og rekstur lánastofnana séu uppfyllt og til að auðvelda eftirlit, á samstæðugrundvelli eða ekki, með rekstri slíkrar starfsemi, einkum með tilliti til eftirlits með lausafjárstöðu, gjaldhæfis, stórra áhættna og stjórnunar- og bókhaldsaðferða og innri eftirlitskerfa, eða

— til að beita refsiakvæðum, eða

— þegar ákvörðun lögbærs yfirvalds er áfrýjað til æðra stigs, eða

— við málshöfðum sem stofnað er til samkvæmt 33. gr. eða sérákvæðum í þessari tilskipun eða öðrum tilskipunum um lánastofnanir.

5. Ákvæði 1. og 4. mgr. eiga ekki að útiloka upplýsingaskipti innan aðildarríkis, ef um er að ræða tvenn eða fleiri lögbær yfirvöld í sama aðildarríkinu, eða milli aðildarríkja, milli lögbærra yfirvalda og:

— yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með öðrum fjármálasamtökum og váttryggingafélögum og yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með fjármálamörkuðum,

— aðila sem hafa afskipti af félagsslitum og gjaldþrotaskiptum lánastofnana og öðrum sambærilegum málum,

— einstaklinga sem bera ábyrgð á framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar á reikningum lánastofnana og annarra fjármálastofnana,

þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu og ekki heldur útiloka að aðilum sem veita tryggingar á innlánnum séu veittar nauðsynlegar upplýsingar til að gegna starfi sínu. Upplýsingar sem fást skulu háðar skilyrðum um þagnarskyldu svo sem kveðið er á um í 1. mgr.

6. Þrátt fyrir 1. til 4. mgr. geta aðildarríkin leyft upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og:

— yfirvalda sem annast eftirlit með stofnunum sem tengjast félagsslitum og gjaldþrotaskiptum lánastofnana og annarri ámóta meðferð, eða

— yfirvalda sem annast eftirlit með einstaklingum sem sjá um lögboðna endurskoðun reikninga váttryggingafélaga, lánastofnana, fjárfestingarfyrirtækja og annarra fjármagnsfyrirtækja.

Aðildarríki sem nýta sér ákvæði fyrstu undirgreinar skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

— upplýsingarnar skulu ætlaðar til eftirlits eins og um getur í fyrstu undirgrein,

— um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi gilda ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu,

— séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og þær sem við á einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld mega taka við upplýsingum samkvæmt þessari málsgrein.

7. Þrátt fyrir 1. til 4. mgr. geta aðildarríkin, með það að markmiði að auka stöðugleika fjármálakerfisins og gera það heilsteypara, leyft skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem hafa það hlutverk samkvæmt lögum að ljóstra upp um og rannsaka brot á félagarétti.

Aðildarríki sem nýta sér ákvæði fyrstu undirgreinar skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

- upplýsingarnar skulu fengnar til að hægt sé að vinna verkið sem um getur í fyrstu undirgrein,
- um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu ákvæði 1. mgr. gilda um þagnarskyldu,
- séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis frá lögbærum yfirvöldum sem hafa afhent þær og þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Ef svo ber undir í aðildarríki að yfirvöld eða stofnanir, sem um getur í fyrstu undirgrein, njóta við uppljóstranir eða rannsóknir sínar aðstoðar einstaklinga, sem hafa verið tilnefndir í þessu skyni vegna sérþekkingar sinnar en starfa ekki á vegum hins opinbera, er heimilt að láta hugsanleg upplýsingaskipti, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, ná einnig til slíkra einstaklinga með þeim skilyrðum sem sett eru í annarri undirgrein.

Við beitingu þriðja undirliðar annarrar undirgreinar ber yfirvöldum eða stofnunum sem um getur í fyrstu undirgrein að gera lögbæru yfirvöldunum, sem afhentu upplýsingarnar, grein fyrir nöfnum og umboði einstaklinganna sem eiga að fá þær.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld eða stofnanir mega þiggja upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein.

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 31. desember 2000, taka saman skýrslu um beitingu ákvæða þessarar málsgreinar.

8. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki koma í veg fyrir að lögbært yfirvald veiti:

- seðlabönkum og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála,
- eftir atvikum, öðrum opinberum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með greiðslukerfum,

upplýsingar sem koma að haldi við störf þeirra, né heldur skulu þau koma í veg fyrir að viðkomandi yfirvöld eða stofnanir komi á framfæri við lögbær yfirvöld upplýsingum sem þau geta þurft á að halda með tilliti til 4. mgr. Um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu samkvæmt þessari grein.

9. Þar að auki geta aðildarríkin, þrátt fyrir ákvæðin sem um getur í 1. og 4. mgr. og samkvæmt heimild í lögum, heimilað að öðrum deildum stjórnarskrifstofa sem bera ábyrgð á löggjöf um eftirlit með lánastofnunum, fjármála-stofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum og váttryggingafélög-um og skoðunarmönnum sem koma fram fyrir hönd þessara deilda sé skýrt frá vissum upplýsingum.

Slíkar upplýsingar má þó aðeins veita þegar þess er þörf vegna varúðareftirlits með starfsemi.

Þó skulu aðildarríkin kveða á um að upplýsingar sem fengnar eru samkvæmt 2. og 5. mgr. eða með sannpröfun á staðnum svo sem um getur í 1. og 2. mgr. 29. gr. megi aldrei veita í þeim tilvikum sem um getur í þessum málsgreinum nema með ótvíræðu samþykki lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem sannpröfunin á staðnum fór fram.

10. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld sendi upplýsingarnar sem um getur í 1. til 4. mgr. til greiðslujöfnunarstöðvar eða sambærilegrar stofnunar, sem er heimilt samkvæmt landslögum að annast greiðslujöfnun eða uppgjör á markaði í viðkomandi aðildarríki, ef þau telja það nauðsynlegt til að tryggja snurðulausa starfsemi þessara stofnana með hliðsjón af vanskilum eða hugsanlegum vanskilum á markaðinum. Um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi skulu gilda ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu. Aðildarríkin skulu þó tryggja að einungis sé heimilt að afhenda upplýsingar, sem eru fengnar samkvæmt 2. mgr., í tilvikum sem um getur í þessari málsgrein, að fyrir liggi skýlaust samþykki lögbærra yfirvalda sem létu þær í té.

31. gr.

Skylda einstaklinga sem bera ábyrgð á lögbundnu eftirliti með ársreikningum og samstæðureikningum

1. Aðildarríkin skulu að lágmarki kveða á um að:

- a) hverjum þeim einstaklingi sem til þess hefur heimild í skilningi tilskipunar ráðsins 84/253/EBE ⁽¹⁾, og annast í lánastofnum það verk sem er lýst í 51. gr. tilskipunar ráðsins 78/660/EBE ⁽²⁾, 37. gr. tilskipunar ráðsins

⁽¹⁾ Áttunda tilskipun ráðsins (84/253/EBE) frá 10. apríl 1984 um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast lögmæltu endurskoðun bókhaldsgagna, byggð á g-lið 2. mgr. 44. gr. (Stjtíð. EB L 126, 12.5.1984, bls. 20).

⁽²⁾ Fjórða tilskipun ráðsins (78/660/EBE) frá 25. júlí 1978 byggð á g-lið 2. mgr. 44. gr. sáttmáls, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð

83/349/EBE, eða 31. gr. tilskipunar 85/611/EBE⁽¹⁾, eða annað lögboðið verk, skuli skylt að upplýsa jafnharðan lögbær yfirvöld um málsatvik eða ákvörðun varðandi fyrirtækið, sem viðkomandi hefur orðið áskynja um í starfi sínu og getur:

- falist í því að efnislega er gengið á svig við lög eða stjórnsluákvæði, sem fjalla um skilyrði fyrir veitingu leyfis, eða sem fjalla sérstaklega um starfsemi lánastofnana, eða
- haft áhrif á áframhaldandi rekstur lánastofnunarinnar, eða
- leitt til þess að ekki er skrifað upp á reikningana eða að fyrirvarar eru settir;

b) þessum sama einstaklingi ber skylda til að upplýsa um málsatvik og ákvarðanir, sem hann verður áskynja um við starf sitt eins og um getur í a-lið, í fyrirtæki sem hefur nán tengsl vegna yfirlátengsla við lánastofnunina þar sem hann vinnur framangreint verk.

2. Ekki skal litið svo á að það athæfi einstaklinga, sem til þess hafa heimild í skilningi tilskipunar 84/253/EBE, að upplýsa í góðri trú lögbær yfirvöld um málsatvik eða ákvarðanir samkvæmt 1. mgr., sé brot á þagnarskyldu sem komið hefur verið á með samningi eða lögum eða stjórnsluákvæðum og skal ekki kalla þá til ábyrgðar með neinum hætti.

32. gr.

Vald lögbærra yfirvalda til að beita viðurlögum

Með fyrirvara um þann hátt sem hafður er á við leyfisveitingu og ákvæði refsilaga, skulu aðildarríkin kveða svo á að lögbær yfirvöld þeirra hvers um sig geti beitt sektum gagnvart lánastofnunum eða þeim sem ráða yfir rekstri lánastofnana sem brjóta ákvæði í lögum eða stjórnslufyrirmælum um eftirlit með eða framkvæmd á starfsemi þeirra eða aðgerðum sem miða sérstaklega að því að binda enda á slík brot eða uppræta orsakir þeirra.

33. gr.

Réttur til að áfrýja til dómstóla

Aðildarríkjum ber að tryggja að hægt sé að áfrýja til dómstóls öllum ákvörðunum sem teknar eru um lánastofnanir samkvæmt lögum og stjórnslufyrirmælum sem sett eru samkvæmt tilskipun þessari. Hið sama gildir

ef engin ákvörðun hefur verið tekin innan sex mánaða frá því að umsókn um leyfi sem veitir fullnægjandi upplýsingar samkvæmt gildandi ákvæðum hefur verið lögð fram.

2. KAFLI

TÆKNILEG VERKFÆRI TIL VARÚÐAREFTIRLITS

1. Þáttur

Eigið fé

34. gr.

Almennar reglur

1. Setji aðildarríki í lögum eða stjórnslufyrirmælum ákvæði til framkvæmdar löggjöf bandalagsins um varúðareftirlit með starfandi lánastofnun og noti þar hugtakið eigið fé, skal það hugtak látið falla að skilgreiningu þeirri sem gefin er í 2., 3. og 4. mgr. og í 35.-38. gr.

2. Með fyrirvara um þær takmarkanir, sem kveðið er á um í 38. gr., skal sérgreint eigið fé lánastofnana sett saman af eftirfarandi liðum:

- 1) hlutafé í skilningi 22. gr. tilskipunar 86/635/EBE að því marki sem það hefur verið innborgað, að viðbættum yfirverðsreikningi hlutafjár en að undanskilinni heildarfjárhæð forgangshlutafjár;
- 2) varasjóðum í skilningi 23. gr. tilskipunar 86/635/EBE og hagnaði og tapi sem flutt er áfram sem niðurstaða endanlegs hagnaðar eða taps. Aðildarríkjum er heimilt að telja með bráðabirgðahagnað áður en formleg ákvörðun hefur verið tekin svo fremi þessi hagnaður hafi verið staðfestur af endurskoðendum reikninganna og ef lögbærum yfirvöldum hefur verið gefin að þeirra mati fullnægjandi staðfesting á því að sú fjárhæð hafi verið metin í samræmi við reglur þær sem settar eru í tilskipun 86/635/EBE og sé tilgreind að frá-dreginni fyrirsjáanlegri gjaldfærslu eða arði;
- 3) sjóðum vegna almennrar bankaáhættu í skilningi 38. gr. tilskipunar 86/635/EBE;

(Stjtið. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 1999/60/EB (Stjtið. EB L 62, 26.6.1999, bls. 65).

(¹) Tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (Stjtið. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB (Stjtið. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7).

- 4) endurmatsreikningum í skilningi 33. gr. tilskipunar 78/660/EBE;
- 5) endurmati í skilningi 2. mgr. 37. gr. tilskipunar 86/635/EBE;
- 6) öðrum liðum í skilningi 35. gr.;
- 7) skuldbindingum aðila lánastofnana sem starfa sem samvinnufélög og óskiptum skuldarábyrgðum lántaka ákveðinna stofnana sem skipulagðar eru sem sjóðir og um getur í 1. mgr. 36. gr.
- 8) heildarfjárhæð forgangshlutafjár með föstum kjörum og víkjandi lánnum svo sem um getur í 3. mgr. 36. gr.
- Eftirfarandi liðir skulu dregnir frá í samræmi við 38. gr.
- 9) bókfært verð eigin hlutabréfa lánastofnana;
- 10) óefnislegar eignir í skilningi 9. mgr. 4. gr. („eignir“) tilskipunar 86/635/EBE;
- 11) verulegt tap á yfirstandandi reikningsári;
- 12) eignarhlutir í öðrum lána- og fjármálastofnunum sem nema meira en 10% af höfuðstóli þeirra, enn fremur víkjandi kröfur og skjöl sem um getur í 35. gr. og lánastofnunin á í öðrum lána- og fjármálastofnunum sem hún á eignarhlut í er nemur meira en 10% af höfuðstóli þeirra.

Þegar hlutir í annarri lána- eða fjármálastofnun eru bráðabirgðaráðstöfun og ætluð sem fjárhagsaðstoð við endurskipulagningu eða til bjargar hlutadeigandi stofnun, er lögbærum yfirlögum heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði;

- 13) eignarhlutir í öðrum lána- og fjármálastofnunum sem nema allt að 10% af höfuðstóli þeirra, enn fremur víkjandi kröfur og skjöl sem um getur í 3. gr. og lánastofnunin á í öðrum lána- og fjármálastofnunum en þeim sem um getur í 12. tölul., en þó aðeins heildarfjárhæð slíkra eignarhluta, víkjandi krafna og skjala sem eru umfram 10% af eigin fé lánastofnunarinnar áður en 12. liður og þessi liður er dreginn frá.

Þar til ákvæðin um samstæðureikning hafa verið samræmd frekar, er aðildarríkjum heimilt við útreikninga á sérgreindu eigin fé að undanþiggja móðurfyrirtæki, sem háð eru eftirliti á samstæðugrundvelli, þeirri skyldu að draga frá eignir sínar í öðrum lána- eða fjármálastofnunum sem eru taldar með í samstæðunni.

Þetta ákvæði skal gilda um allar varfærnisreglur sem samhæfðar eru með löggjöf bandalagsins.

3. Hugtakið eigið fé, eins og það er skilgreint í 1.-8. tölul. í 2. mgr., felur í sér hámarksfjölda liða og hámarksfjárhæðir. Aðildarríki eru látin sjálfráð um notkun þessara liða og ákvörðun lægri marka, sem og frádrátt annarra liða en þeirra sem tilgreindir eru undir 9.-13. tölul. í 2. mgr. Aðildarríkjum er þó skylt að gera ráð fyrir aukinni samleitni með sameiginlega skilgreiningu á hugtakinu eigið fé að markmiði.

Í þeim tilgangi skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um beitingu þessarar greinar og 35.-39. gr. fyrir 1. janúar 1996 í síðasta lagi, ásamt þeim breytingartillögum sem hún telur þörf á, þar sem við á. Eigi síðar en 1. janúar 1998 skal Evrópuþingið og ráðið, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina grandskoða skilgreiningu hugtakans eigið fé í þeim tilgangi að beita samræmdri sameiginlegri skilgreiningu.

4. Eiginfjárliðir sem tilgreindir eru undir 1.-5. tölul. 2. mgr. skulu vera aðgengilegir lánastofnunum til ótakmarkaðrar og tafarlausrar ráðstöfunar til að mæta áhættu eða tapi um leið og slíkt á sér stað. Fjárhæðin skal vera að frádregnum áföllnum skattskuldbindingum þegar útreikningurinn er gerður eða hæfilega breytt að því marki sem slíkar skuldbindingar rýra möguleika þessara eiginfjárliða til að mæta áhættu eða tapi.

35. gr.

Aðrir liðir

1. Í notkun aðildarríkis getur hugtakið eigið fé falið í sér aðra liði, hver svo sem lagaleg eða reikningsskilaleg merking þeirra er, svo fremi þeir hafi eftirfarandi eiginleika:

- a) að lánastofnanir geti að jafnaði gripið til þeirra til að mæta eðlilegri bankaáhættu þar sem tekjutap eða tap á höfuðstól hefur enn ekki verið sannreynt;
- b) að upplýsingar um þá séu gefnar í innri uppgjörskýrslum;
- c) að fjárhæð þeirra sé ákveðin af stjórnendum lánastofnunarinnar, staðfest af óháðum endurskoðendum, tilkynnt lögbærum yfirlögum og sett undir eftirlit þeirra síðastnefndu.

2. Verðbréf til óákveðins tíma og önnur skjöl sem uppfylla eftirfarandi skilyrði er einnig heimilt að telja sem aðra liði:

- a) þau má ekki endurgreiða að frumkvæði handhafa eða án samþykkis lögbærs yfirvalds;
- b) samningur um skuld skal kveða svo á um að lánastofnun geti kosið að fresta greiðslu vaxta;
- c) kröfur lánardrottna lánastofnunar skulu víkja að fullu fyrir öðrum kröfum;
- d) við verðbréfaútgáfu skal gert ráð fyrir því að skuldir og ógreiddir vextir geti mætt tapi jafnframt því að lánastofnuninni sé kleift að halda áfram starfsemi;
- e) aðeins er tekið tillit til innborgaðra fjárhæða.

Við þennan lista er heimilt að bæta heildarfjárhæð forgangshlutabréfa annarra en þeirra sem um getur í 8. tölul. 2. mgr. 34. gr.

36. gr.

Önnur ákvæði um eigið fé

1. Skuldbindingar aðila lánastofnana, sem starfa sem samvinnufélög og um getur í 7. tölul. 2. mgr. 34. gr. ná til ógreidds stofnfjár þessara félaga ásamt skuldbindingum aðila slíkra samvinnufélaga lögum samkvæmt til að reiða af hendi óendurkræfar aukagreiðslur verði lánastofnunin fyrir tapi og þarf við slíkar aðstæður að vera unnt að krefjast slíkra greiðslna án tafar.

Óskiptar skuldarábyrgðir lánatakenda hjá lánastofnunum, sem skipulagðar eru sem sjóðir, skulu hljóta sömu meðferð og að ofan greinir.

Heimilt er að telja alla slíka liði sem hluta af eigin fé svo fremi hið sama gildi samkvæmt landslögum um eigið fé hliðstæðra stofnana.

2. Aðildarríki skulu ekki telja með eigin fé opinberra lánastofnana ábyrgðir sem þau eða sveitastjórnir þeirra veita slíkum stofnunum.

3. Aðildarríkjum eða lögbærum yfirvöldum er heimilt að telja með eigin fé heildarfjárhæð forgangshlutabréfa með föstum kjörum, sem um getur í 8. tölul. 2. mgr. 34. gr., og víkjandi lán, sem um getur í sama ákvæði, ef bindandi samkomulag er um það að þeim sé skipað aftar kröfum allra skuldareigenda ef til gjaldþrots eða skiptameðferðar kemur og að þau verði ekki endurgreidd fyrir en allar aðrar útistandandi skuldir hafa verið gerðar upp.

Víkjandi lán verður einnig að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir;
- b) upphaflegur binditími slíkra lána skal ekki vera skemmri en fimm ár, eftir þann tíma er heimilt að endurgreiða þau. Hafi gjalddagi skuldar ekki verið ákveðinn, skal vera ákvæði um fimm ára fyrirvara varðandi endurgreiðslu nema lánin séu ekki lengur talin til eigin fjár eða lögbær yfirvöld reynst samþykki því að endurgreiðslu sé krafist fyrr. Lögbær yfirvöld geta veitt heimild til að flýta endurgreiðslu slíkra lána, æski lánveitandi þess og svo fremi slíkt hafi ekki áhrif á gjaldhæfi hlutaðeigandi lánastofnunar;
- c) gildi slíkra lána sem eigin fjár skal lækkað í áföngum eigi síðar en síðustu fimm árin fyrir endurgreiðslu;
- d) lánasamningurinn má ekki fela í sér nein þau ákvæði, sem gera ráð fyrir að lán verði við sérstakar aðstæður endurgreitt fyrr en á gjalddaga, nema lánastofnunin hætti starfsemi sinni.

37. gr.

Eiginfjárutreikningar á samstæðugrundvelli

1. Þar sem útreikningar verða gerðir á samstæðugrundvelli, skulu fjárhæðir þær, sem eiga við þá þætti sem taldir eru í 2. mgr. 34. gr., vera í samræmi við þær reglur sem settar eru í 52. – 56. gr. Enn fremur er heimilt að telja eftirfarandi sem samstæðuvarasjóði við útreikning eigin fjár þegar um er að ræða liði með „credit saldo“:

- sérhverja hlutdeild minnihluta í skilningi 21. gr. tilskipunar 83/349/EBE þar sem heildarsamrunaðferð er beitt,
- fyrsta samstæðumismun í skilningi 19., 30. og 31. gr. tilskipunar 83/349/EBE,
- gengismun sem talinn er með samstæðuvarasjóðum í samræmi við 6. mgr. 39. gr. tilskipunar 86/635/EBE,
- mismun sem fram kemur þegar talin er með eignarhlutdeild í samræmi við þá aðferð sem kveðið er á um í 33. gr. tilskipunar 83/349/EBE.

2. Þegar áður nefndir liðir eru með „debet saldo“ skulu þeir dregnir frá við útreikning á eigin fé samstæðunnar.

38. gr.

Frádráttarliðir og takmarkanir

1. Liðir þeir sem um getur í 4.-8. tölul. í 2. mgr. 34. gr. skulu háðir eftirfarandi takmörkunum:
 - a) heildarfjárhæð 4.-8. tölul. má ekki vera hærri en nemur 100% af samanlögðum liðum 1., 2. og 3. tölul. að frádregnum liðum 9., 10. og 11. tölul.;
 - b) heildarfjárhæð 7. og 8. tölul. má mest nema 50% af samanlögðum liðum 1., 2. og 3. tölul. að frádregnum liðum 9., 10. og 11. tölul.
 - c) heildarfjárhæð liða 12. og 13. tölul. skal dregin frá heildarfjárhæð allra hinna liðanna.
2. Lögbær yfirvöld geta veitt lánastofnunum heimild til að fara út fyrir þau mörk sem sett eru í 1. mgr., sé um tímabundið og óvenjulegt ástand að ræða.

39. gr.

Sannanir lagðar fyrir lögbær yfirvöld

Færa verður lögbærum yfirvöldum fullnægjandi sönnur fyrir því að skilyrðum þeim sem sett eru í 2., 3. og 4. mgr. 34. gr. og í 35.-38. gr. sé framfylgt.

2. þáttur

Eiginfjárlutfall

40. gr.

Almennar reglur

1. Eiginfjárlutfall tekur til eigin fjár samkvæmt skilgreiningu í 41. gr. sem hlutfalls af heildareignum og liðum utan efnahagsreiknings, að teknu tilliti til áhættu samkvæmt 42. gr.
2. Eiginfjárlutfall lánastofnana, sem eru hvorki móðurfyrirtæki samkvæmt 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE né dótturfyrirtæki slíkra fyrirtækja, skal reiknað sérstaklega.

3. Eiginfjárlutfall lánastofnana, sem eru móðurfyrirtæki, skal reiknað út á samstæðugrundvelli samkvæmt aðferðunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og tilskipun 86/635/EBE.

4. Yfirvöld, sem eru að lögum til þess bær að veita leyfi og hafa eftirlit með móðurfyrirtæki sem er lánastofnun, geta einnig krafist sundurlíðaðs eða ósundurlíðaðs útreiknings á hlutfalli móðurfyrirtækis eða dótturfyrirtækja þess sem lúta leyfi og eftirliti þeirra. Ef slíkt eftirlit með fjárreiðum bankasamstæðu fer ekki fram, verður að beita öðrum ráðstöfunum til að ná sama marki.

5. Þrátt fyrir að lánastofnanirnar uppfylli skilyrði 2., 3. og 4. mgr. og skilyrði 8. og 9. mgr. 52. gr., skulu yfirvöld engu að síður sjá til þess að eiginfjárlutfall sé reiknað eigi sjaldnar en tvisvar á ári, annaðhvort af lánastofnunum sjálfum, sem skila niðurstöðum og nauðsynlegum gögnum til lögbærra yfirvalda, eða af þar til bærum yfirvöldunum á grundvelli gagna sem lánastofnanirnar leggja fram.

6. Mat á eignum og liðum utan efnahagsreiknings á að fara fram í samræmi við tilskipun 86/635/EBE.

41. gr.

Deilistofn: eigið fé

Eigið fé, eins og það er skilgreint í þessari tilskipun, skal vera deilistofninn við útreikning eiginfjárlutfalls.

42. gr.

Deilistuðull: Eignir metnar með tilliti til áhættu og liðir utan efnahagsreiknings

1. Mismunandi áhætta, táknuð sem prósentuvægi, skal ákveðin fyrir eignir í samræmi við 43. og 44. gr. og í undantekningartilvikum 45., 62. og 63. gr. Bókfært verðmæti eignanna skal síðan margfaldað með viðkomandi vægistölu til að fá fram verðmæti með tilliti til áhættu.

2. Beita skal útreikningi í tveimur þrepum samkvæmt 2. mgr. 43. gr. við liði utan efnahagsreiknings sem taldir eru upp í II. viðauka.

3. Þegar um er að ræða liði utan efnahagsreiknings, sem um getur í 3. mgr. 43. gr., skal reikna hugsanlegan kostnað við að endurnýja lán vegna vanskila mótaðila eftir annarri tveggja aðferða sem greint er frá í III. viðauka. Þennan kostnað skal margfalda með viðeigandi vægistölu mótaðila í 1. mgr. 43. gr., nema hvað 50 % vægistala kemur í stað 100 % vægistölu, sem þar er kveðið á um, til að reikna út verðmæti með tilliti til áhættu.

4. Heildarverðmæti eigna, að teknu tilliti til áhættu, og liða utan efnahagsreiknings sem getið er í 2. og 3. mgr. skal vera deilistuðull fyrir eiginfjárlutfall.

43. gr.

Áhættuvægi

1. Eftirfarandi vægi skal látið gilda fyrir hina ýmsu eignaliði, þó að lögbær yfirvöld geti ákveðið hærra vægi eftir þörfum:

a) Núllvægi

- 1) handbært fé og jafngildir liðir;
- 2) eignaliðir sem eru kröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka á svæði A;
- 3) eignaliðir sem eru kröfur á Evrópubandalögin;
- 4) eignaliðir sem eru kröfur með beinni ábyrgð ríkisstjórna og seðlabanka á svæði A eða Evrópubandalaganna;
- 5) eignaliðir sem eru kröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka á svæði B, veittar og fjármagnaðar í gjaldmiðli lántakanda;
- 6) eignaliðir sem eru kröfur með beinni ábyrgð ríkisstjórna eða seðlabanka á svæði B og veittar eru og fjármagnaðar í gjaldmiðli sem sameiginlegur er ábyrgðaraðila og lántakanda;
- 7) eignaliðir sem tryggðir eru á fullnægjandi hátt að dómi lögbærra yfirvalda með verðbréfum ríkisstjórna eða seðlabanka á svæði A, eða verðbréfum sem gefin eru út af Evrópubandalaginu, eða með innlánnum hjá viðkomandi lánastofnun eða innlánskírteinum eða svipuðum gögnum sem hún gefur út eða eru falin henni til vörslu;

b) 20% vægi

- 1) eignaliðir sem eru kröfur á Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB);
- 2) eignaliðir sem eru kröfur á fjölpjóðlega þróunarbanka;

- 3) eignaliðir sem eru kröfur með beinni ábyrgð Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB);
- 4) eignaliðir sem eru kröfur með beinni ábyrgð fjölpjóðlegra þróunarbanka;
- 5) eignaliðir sem eru kröfur á héraðs- eða sveitarstjórnir á svæði A, samanber þó 44. gr.;
- 6) eignaliðir sem eru kröfur með beinni ábyrgð héraðs- eða sveitarstjórna á svæði A, samanber þó 44. gr.;
- 7) eignaliðir sem eru kröfur á lánastofnanir á svæði A en teljast ekki til eigin fjár þeirra;
- 8) eignaliðir sem eru kröfur til eins árs eða skemur á lánastofnanir á svæði B, þó ekki verðbréf gefin út af þessum lánastofnunum sem teljast til eigin fjár þeirra;
- 9) eignaliðir með beinni ábyrgð lánastofnana á svæði A;
- 10) eignaliðir sem eru kröfur til eins árs eða skemur með beinni ábyrgð lánastofnana á svæði B;
- 11) eignaliðir sem að mati lögbærra yfirvalda eru tryggðir á fullnægjandi hátt með verðbréfum sem gefin eru út af Fjárfestingarbanka Evrópu eða af fjölpjóðlegum þróunarbönkum;
- 12) peningaskuldir í innheimtu;

c) 50% vægi

- 1) lán sem eru fyllilega og algjörlega tryggð, með þeim hætti sem lögbær yfirvöld samþykkja, með veði í íbúðarhúsnæði sem er eða mun verða nýtt eða leigt út af lántakanda og lán sem eru fyllilega og algjörlega tryggð, með þeim hætti sem lögbær yfirvöld samþykkja, með hlutabréfum í finnskum húsnæðisfélögum, sem starfa í samræmi við finnsku húsnæðismálalögin frá 1991 eða nýrri jafngild lög, að því er varðar íbúðarhúsnæði sem er eða mun verða nýtt eða leigt út af lántakanda;.

„verðbréf tryggð með fasteignaveði“ sem unnt er að fara með á sama hátt og lánin sem um getur í fyrstu undirgrein eða í 1. mgr. 62. gr., ef lögbær yfirvöld telja, með hliðsjón af gildandi lögum í hverju aðildarríki, að þau séu jafngild með tilliti til

lánsáhættu. Með fyrirvara um þær tegundir verðbréfa, sem falla undir þennan 1. tölul. og uppfylla skilyrðin sem þar eru sett, geta skjöl, í skilningi a- og b-liðar 1. tölul. B-þáttar í viðaukanum við tilskipun ráðsins 93/22/EBE ⁽¹⁾ talist „verðbréf tryggð með fasteignaveði“. Lögbær yfirvöld skulu einkum fullvissa sig um að:

i) slík verðbréf séu að fullu og milliliðalaust tryggð með samlagi fasteignaveða sem eru sama eðlis og þau sem eru skilgreind í fyrstu undirgrein eða í 1. mgr. 62. gr. og eru í fullu gildi þegar verðbréfin, sem eru tryggð með veði, eru gefin út;

ii) fjárfestar í verðbréfum sem eru tryggð með fasteignaveði, eða fjárvörslumenn eða umbodsmenn fyrir hönd þeirra, hafi viðunandi forgangsrétt gagnvart eignunum, sem eru lagðar að veði til tryggingar verðbréfunum, í réttu hlutfalli við verðbréfaeign sína;

2) fyrirframgreiðslur og áfallnar tekjur skulu háðar vægi mótaðilans, sé lánastofnuninni kleift að meta hann í samræmi við tilskipun 86/635/EBE. Að öðrum kosti, þar sem ekki er hægt að meta mótaðilann, skal beitt einu 50% vægi.

d) *100% vægi*

1) eignaliðir sem eru kröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka á svæði B nema lánið sé veitt og fjármagnað í gjaldmiðli lántakanda;

2) eignaliðir sem eru kröfur á héraðs- og sveitarstjórnir á svæði B;

3) eignaliðir sem eru kröfur til lengri tíma en eins árs á lánastofnanir á svæði B;

4) eignaliðir sem eru kröfur á aðila aðra en banka á svæðum A og B;

5) efnislegar eignir samkvæmt merkingu 10. mgr. 4. gr. í tilskipun 86/635/EBE;

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfavíðskipta (Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/9/EB (Stjtíð. EB L 84, 26.3.1997, bls. 22).

6) hlutabréfaeign, eignarhlutir og önnur eign á þáttum sem mynda eigið fé annarra lánastofnana sem eru ekki dregnir frá eign fé lánastofnunarinnar;

7) allar aðrar eignir að undanskildum þeim sem dregnar eru frá eign fé.

2. Neðangreind meðferð skal viðhöfð gagnvart liðum utan efnahagsreiknings öðrum en þeim sem 3. mgr. nær til. Fyrst skal flokka þá samkvæmt áhættuflokkun II. viðauka. Fullt verðmæti liða með mikla áhættu skal tekið með í reikninginn, 50% verðmæti liða með miðlungsáhættu og 20% verðmæti liða með miðlungs-/lilla áhættu en verðmæti liða með litla áhættu skal ekki reiknað með. Næsta skrefið er að margfalda verðmæti liða utan efnahagsreiknings, uppreiknað samkvæmt framansögðu, með vægistölu viðkomandi mótaðila í samræmi við meðferð á eignaliðum þeim sem um getur í 1. mgr. og í 44. gr. Þegar um er að ræða eignasölu og endurkaupasamninga eða bein framvirk kaup, skal vægið vera vægi eignanna en ekki vægi mótaðilanna í viðskiptunum. Hægt er að láta 20% vægi gilda um þann hluta fjármagns Fjárfestingarsjóðs Evrópu sem er skráður en ekki innborgaður.

3. Beita skal aðferðunum, sem frá er greint í III. viðauka, við liði utan efnahagsreiknings, sem um getur í IV. viðauka, að undanskildum:

— samningum sem ganga kaupum og sölum á viðurkenndum verðbréfaþingum,

— gjaldeyrissamningum (nema samningum sem varða gull) með upprunalegan binditíma í fjórtán almanaksdaga eða minna.

Fram til 31. desember 2006 geta lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum ákveðið að aðferðunum, sem um getur í II. viðauka, verði ekki beitt á samninga sem verslað er með utan verðbréfamarkaða og jafnaðir af greiðsluöfnunarstöð ef sú stöð gegnir hlutverki löglegs mótaðila og allir, sem eiga hlut að þeim, leggja daglega fram tryggingu vegna þeirrar áhættu sem þeir setja greiðsluöfnunarstöðina í og veita þar með vernd, bæði gagnvart þeirri áhættu sem er fyrir hendi og hugsanlegri framtíðaráhættu. Lögbær yfirvöld skulu fullvissa sig um að það veð sem er sett veiti jafnmikla vernd og trygging samkvæmt 7. lið a-liðar í 1. mgr. og að engin hættu sé á að greiðsluöfnunarstöðin safni upp áhættu umfram markaðsvirði veðsins. Aðildarríkin skulu greina framkvæmdastjórninni frá því hvernig þau nýta þennan möguleika

4. Þegar ótvíræðar ábyrgðir eru fyrir liðum utan efnahagsreiknings skulu þeir fá vægi ábyrgðaraðila frekar en mótaðila. Þegar hugsanleg áhætta, sem stafar af viðskiptum utan efnahagsreiknings, er að fullu tryggð, að mati lögbærra yfirvalda, með eignum sem viðurkenndar eru sem trygging samkvæmt 7. tölul. a-liðar eða 11. tölul. b-liðar í 1. mgr. skal vægið vera 0% eða 20% eftir því hver tryggingin er.

Aðildarríkin geta beitt 50% vægi gagnvart liðum utan efnahagsreiknings sem eru ábyrgðir eða tryggingar sem eru í eðli sínu lánsígildi og eru að fullu tryggð, að mati lögbærra yfirvalda, með veði í fasteignum sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. tölul. c-liðar 1. mgr., að því tilskildu að ábyrgðaraðilinn hafi beinan rétt til slíkrar tryggingar.

5. Ef eignum eða liðum utan efnahagsreiknings er gefið minna vægi vegna ótvíræðra ábyrgða eða trygginga að mati lögbærra yfirvalda, skal hið lægra vægi aðeins ná til þess hluta sem ábyrgðin eða tryggingin nær að fullu til.

44. gr.

Vægi krafna fyrir héraðs- eða sveitarstjórnir aðildarríkjanna

1. Þrátt fyrir skilyrði b-liðar 1. mgr. 6. gr. geta aðildarríkin ákveðið núllvægi fyrir sínar eigin héraðs- og sveitarstjórnir ef enginn áhættumunur er á kröfum á hin síðarnefndu og kröfum á ríkisvaldið vegna skattheimtuheimilda héraðs- og sveitarstjórna og tilvistar sérstakra ráðstafana sem eiga að draga úr hættu á vanefndum hinna síðarnefndu. Það núllvægi sem ákveðið er í samræmi við þessar viðmiðanir skal gilda um kröfur á aðra og liði utan efnahagsreiknings sem viðkomandi héraðs- og sveitarstjórnir stofna til og kröfur á aðra eða liði utan efnahagsreiknings sem aðrir stofna til en áður nefndar héraðs- og sveitarstjórnir eru í ábyrgð fyrir eða eru tryggðir með fullnægjandi hætti, að mati viðkomandi yfirvalda, með veði í formi verðbréfa sem slíkar héraðs- og sveitarstjórnir gefa út.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni ef þau telja að núllvægi eigi við samkvæmt viðmiðunum þeim sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Framkvæmdastjórninni ber að dreifa þessum upplýsingum. Önnur aðildarríki geta boðið lánastofnunum undir eftirliti lögbærra yfirvalda þeirra að beita núllvægi ef þær eiga viðskipti við viðkomandi héraðs- eða sveitarstjórnir eða eiga kröfur sem þessar stjórnir ganga í ábyrgð fyrir, þ.m.t. með veði í formi verðbréfa.

45. gr.

Annað vægi

1. Með fyrirvara um 1. mgr. 44. gr. mega aðildarríkin láta 20% vægi gilda fyrir eignaliði, sem að mati viðkomandi lögbærra yfirvalda hafa fullnægjandi tryggingu með veði í verðbréfum, útgefnum af héraðs- eða sveitarstjórnnum á svæði A, inngreiðslum í öðrum lánastofnunum á svæði A en stofnuninni sem veitir lánið eða innláns-skirteinum eða svipuðum skjölum sem gefin eru út af þessum lánastofnunum.

2. Aðildarríkin geta beitt 10% vægi gagnvart kröfum á stofnanir sem sérhæfa sig í millibankastarfsemi og lánveitingum til opinberra aðila í sínu heimaaðildarríki og háðar eru nánú eftirliti lögbærra yfirvalda, ef eignaliðir þessara stofnana eru að mati lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkisins með fullum og traustum tryggingum í einhverri samsetningu af eignaliðum þeim sem getið er í a- og b-liðum 1. mgr. 43. gr. sem taldir eru fullnægjandi trygging.

3. Aðildarríkjunum ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um öll ákvæði sem samþykkt eru samkvæmt 1. og 2. mgr. og um ástæður fyrir þeim. Framkvæmdastjórnin skal koma þeim upplýsingum á framfæri við aðildarríkin. Framkvæmdastjórnin skal kanna reglulega áhrif þessara ákvæða til að tryggja að þau leiði ekki til röskunar á samkeppni.

46. gr.

Stjórnunarstofnanir og fyrirtæki sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni

Að því er lýtur að b-lið 1. mgr. 43. gr., er lögbærum yfirvöldum heimilt að láta hugtakið héraðs- og sveitarstjórnir taka til stjórnunarstofnana sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni og eru ábyrgar gagnvart héraðs- og sveitarstjórnnum eða yfirvalda sem að mati lögbærra yfirvalda bera sömu ábyrgð og héraðs- og sveitarstjórnir.

Lögbær yfirvöld geta einnig látið kirkjur og trúfélög, sem hafa verið stofnuð sem löggæðingur samkvæmt opinberum rétti, falla undir hugtakið héraðs- og sveitarstjórnir að svo miklu leyti sem þau innheimta skatta í samræmi við lög sem veita þeim slíkan rétt. Í því tilviki gildir þó ekki möguleikinn sem um getur í 44. gr.

47. gr.

Eiginfjárhlutfall

1. Lánastofnunum skal ávallt skylt að viðhalda því hlutfalli, sem skilgreint er í 40. gr., í að minnsta kosti 8%.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær yfirvöld fyrirskipað hærra lágmarkshlutfall eftir því sem þau telja þörf á.

49. gr.

3. Ef hlutfallið fer niður fyrir 8% skulu lögbær yfirvöld tryggja að viðkomandi lánastofnun geri viðeigandi ráðstafanir til að ná lágmarkshlutfallinu aftur svo skjótt sem verða má.

3. þáttur

Stórar áhættur

48. gr.

Skýrslur gefnar um stórar áhættur

1. Áhætta lánastofnunar vegna eins eða fleiri innbyrðis tengdra viðskiptamanna telst stór áhætta ef hún nemur 10% eða meira af eigin fé.

2. Lánastofnun skal senda lögbærum yfirvöldum skýrslu um allar stórar áhættur í skilningi 1. mgr. Aðildarríkin geta, ef þau æskja þess, ákveðið að þessi skýrsla sé gerð í samræmi við aðra af eftirtöldum aðferðum:

— skýrsla er gefin um allar stórar áhættur að minnsta kosti einu sinni á ári, og einnig þess á milli um allar nýjar áhættur og alla aukningu á fyrri áhættum enda sé aukningin að minnsta kosti 20% frá síðustu skýrslu;

— skýrsla er gefin um allar stórar áhættur að minnsta kosti fjórum sinnum á ári.

3. Þó þarf ekki að tilkynna um áhættur, samkvæmt 2. mgr., sem eru undanþegnar samkvæmt a-, b-, c-, d-, f-, g- og h-lið 7. mgr. 49. gr. Heimilt er að fækka skýrslum sem um getur í öðrum undirlið 2. mgr. í tvær á ári þegar um er að ræða áhættur sem um getur í e- og i-lið 7. mgr. og 8., 9. og 10. mgr. 49. gr.

4. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að sérhver lánastofnun hafi traust stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag og fullnægjandi innra eftirlitskerfi svo unnt sé að bera kennsl á og skrá allar stórar áhættur og síðari breytingar á þeim, eins og skilgreint er og krafist í þessari tilskipun og til að hafa megi eftirlit með þessum áhættum með hliðsjón af lánareglum hverrar lánastofnunar.

Ef lánastofnun notfærir sér undanþágur samkvæmt 3. mgr. skal hún halda skrá yfir tilgreindar ástæður í að minnsta kosti eitt ár eftir atvikið sem gaf tilefni til undanþágunnar þannig að lögbær yfirvöld geti gengið úr skugga um hvort hún sé enn réttlætlanleg.

Takmarkanir á stórum áhættum

1. Áhætta vegna eins eða fleiri innbyrðis tengdra viðskiptamanna má ekki fara fram úr 25% af eigin fé lánastofnunar.

2. Ef viðskiptamaður eða hópur innbyrðis tengdra viðskiptamanna er móðurfyrirtæki eða dótturfyrirtæki lánastofnunarinnar og/eða eitt eða fleiri dótturfyrirtæki þess móðurfyrirtækis skal lækka prósentuna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. niður í 20%. Aðildarríkjunum er þó heimilt að undanskilja áhættur vegna slíkra viðskiptamanna frá 20% hámarkinu ef kveðið er á um aðrar ráðstafanir eða aðferðir við eftirlit með slíkum áhættum. Þau skulu láta framkvæmdastjórnina og ráðgjafarnefndina um bankamál vita um efni slíkra ráðstafana eða aðferða.

3. Samtala fyrir stórar áhættur má ekki fara yfir 800% af eigin fé lánastofnunar.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að setja strangari takmarkanir en þær sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr.

5. Lánastofnun skal ætíð virða þær takmarkanir sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. að því er varðar áhættur. Ef í undantekningartilvikum er farið yfir þessar takmarkanir skal skýra lögbærum yfirvöldum tafarlaust frá því og geta þau, ef aðstæður leyfa, veitt lánastofnuninni ákveðinn tíma til að laga sig að þessum mörkum.

6. Lögbærum yfirvöldum er heimilt, að einhverju eða öllu leyti, að undanskilja áhættur lánastofnunar vegna móðurfyrirtækis hennar eða annarra dótturfyrirtækja þess móðurfyrirtækis eða eigin dótturfyrirtækja frá ákvæðum 1., 2. mgr. og 3. mgr., enda lúti þessi fyrirtæki samstæðu-eftirliti því sem haft er með lánastofnuninni sjálfri í samræmi við tilskipun 92/30/EBE eða sambærilegum gildandi reglum í þriðja landi.

7. Lögbærum yfirvöldum er heimilt, að einhverju eða öllu leyti, að undanskilja eftirfarandi áhættur frá ákvæðum 1., 2. og 3. mgr.:

a) eignaliði sem eru kröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka á svæði A;

b) eignaliði sem eru kröfur á Evrópubandalögin;

- c) eignaliði sem eru kröfur með beinni ábyrgð ríkisstjórna eða seðlabanka á svæði A eða Evrópubandalaganna;
- d) aðrar áhættur sem ríkisstjórnir, seðlabankar eða Evrópubandalögin taka á sig eða ábyrgjast á svæði A;
- e) eignaliði sem eru kröfur á ríkisstjórnir eða seðlabanka á svæði B og aðrar áhættur bundnar og, eftir því sem við á, fjármagnaðar í gjaldmiðli lántakenda;
- f) eignaliði og aðrar áhættur sem tryggðar eru á fullnægjandi hátt að dómi lögbærra yfirvalda með verðbréfum ríkisstjórna eða seðlabanka á svæði A eða verðbréfum sem gefin eru út af Evrópubandalaginu eða héraðs- eða sveitastjórnunum í aðildarríkinu sem hafa núllvægi að því er eiginfjárlutfall varðar samanber 7. gr. tilskipunar 89/647/EBE;
- g) eignaliði og aðrar áhættur sem tryggðar eru á fullnægjandi hátt að dómi lögbærra yfirvalda með innlánnum hjá viðkomandi lánastofnun eða lánastofnun sem er móðurfyrirtæki eða dótturfyrirtæki lánastofnunarinnar;
- h) eignaliði og aðrar áhættur sem tryggðar eru á fullnægjandi hátt að dómi lögbærra yfirvalda með innlánskírteinum sem lánastofnunin gefur út eða lánastofnun sem er móðurfyrirtæki eða dótturfyrirtæki lánastofnunarinnar og eru til vörslu hjá annarri hvorri þeirra;
- i) eignaliði sem eru kröfur á lánastofnanir og aðrar áhættur þeirra með binditíma til eins árs eða skemur en teljast ekki til eigin fjár þeirra;
- j) eignaliði sem eru kröfur á stofnanir og aðrar áhættur stofnana, sem eru ekki lánastofnanir en uppfylla skilyrði 2. mgr. 45. gr., með binditíma til eins árs eða skemur og eru tryggðar í samræmi við sömu málsgrein;
- k) viðskiptavíxla og aðra víxla með binditíma til eins árs eða skemur með áritun annarra lánastofnana;
- l) skuldabréf samkvæmt skilgreiningu 4. mgr. 22. gr. í tilskipun 85/611/EBE;
- m) þar til frekari samræming fer fram, eignarhluta í váttryggingafélögum sem um getur í 3. mgr. 51. gr. allt að 40% af eigin fé lánastofnunar sem aflar slíks eignarhluta;
- n) eignaliði sem eru kröfur á héraðs- eða svæðislánastofnanir sem lánastofnunin er tengd innan netkerfis samkvæmt ákvæðum laga eða reglna og sem samkvæmt þessum ákvæðum hafa greiðslujöfnunarhlutverki að gegna innan kerfisins;
- o) áhættur sem tryggðar eru á fullnægjandi hátt að dómi lögbærra yfirvalda með öðrum verðbréfum en þeim sem um getur í f-lið, að því tilskildu að þessi verðbréf séu ekki gefin út af lánastofnuninni sjálfri, móðurfyrirtæki hennar eða dótturfyrirtæki eða af viðskiptamanni eða hópi innbyrðis tengdra viðskiptamanna. Verðbréf sem eru notuð sem trygging skulu metin á markaðsverði, vera meira virði en áhætturnar sem tryggðar eru og skal annaðhvort hafa viðskipti með þau á verðbréfamarkaði eða vera framseljanleg með góðu móti og söluverð þeirra skráð reglulega á markaði sem starfræktur er á vegum viðurkenndra aðila í starfsgreininni og þar sem unnt er, að mati lögbærra yfirvalda í upprunaaðildarríki lánastofnunarinnar, að meta raunverulegt verð og ganga úr skugga um umframverð verðbréfa hvenær sem er. Umframverð sem krafist er skal vera 100%; þó skal það vera 150% þegar um hlutabréf er að ræða og 50% þegar um er að ræða skuldabréf útgefin af lánastofnunum, héraðs- eða sveitarstjórnunum öðrum en þeim sem um getur í 44. gr. og þegar um er að ræða skuldabréf sem gefin eru út af Fjárfestingarbanka Evrópu og fjölpjódlegum þróunarbönkum. Verðbréf sem eru notuð sem tryggingar má ekki telja til eigin fjár lánastofnunar.
- p) lán sem tryggð eru á fullnægjandi hátt að dómi lögbærra yfirvalda með veði í íbúðarhúsnæði eða með hlutabréfum í finnskum húsnæðisfélögum, sem starfa í samræmi við finnsku húsnæðismálalögin frá 1991 eða nýrri jafngild lög og kaupleigusamningar sem kveða á um að leigusali haldi fullum umráðum yfir íbúðarhúsnæðinu sem leigt er út eins lengi og leigutaki hefur ekki nýtt sér forkaupsrétt sinn, í báðum tilvikum allt að 50% af virði íbúðarhúsnæðisins sem um ræðir. Verð eignarinnar skal reiknað út á fullnægjandi hátt að dómi lögbærra yfirvalda á grundvelli nákvæmra matsreglna sem mælt er fyrir um í lögum eða stjórnáskilum. Matið skal framkvæmt að minnsta kosti einu sinni á ári. Að því er þennan lið varðar merkir íbúðarhúsnæði húsnæði sem lántakandi nýtir eða leigir út.
- q) 50% af miðlungs-/lítilli áhættu í sambandi við liði utan efnahagsreiknings, sem um getur í II. viðauka;
- r) með fyrirvara um samninga lögbærra yfirvalda, ábyrgðir aðrar en lánsábyrgðir á lagalegum eða stjórnsýslulegum grundvelli og eru veittar aðilum samkvæmt gagnkvæmu ábyrgðarfyrirkomulagi sem eru með stöðu lánastofnunar enda sé vægi þeirra 20% af fjárhæðinni.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni ef þau velja þessa leið til að tryggja að það leiði ekki til röskunar á samkeppni.

50. gr.

- s) liði utan efnahagsreiknings sem lítil áhætta fylgir, sem um getur í II. viðauka, svo fremi samningur hafi verið gerður við viðkomandi viðskiptamann eða hóp innbyrðis tengdra viðskiptamanna sem kveður á um að eingöngu megi taka áhættu ef fullvíst sé að ekki verði farið yfir mörkin sem miðað er við samkvæmt 1., 2. og 3. mgr.

8. Að því er 1., 2. og 3. mgr. varðar er aðildarríkjum heimilt að láta 20% vægið gilda þegar um er að ræða eignaliði sem eru kröfur á héraðs- eða sveitarstjórnir aðildarríkjanna og aðrar áhættur sem slík yfirvöld taka á sig eða ábyrgjast. Með fyrirvara um skilmálana sem settir eru í 44. gr. er aðildarríkjunum þó heimilt að minnka þetta hlutfall í 0%.

9. Að því er 1., 2. og 3. mgr. varðar er aðildarríkjum heimilt að láta 20% vægið gilda þegar um er að ræða eignaliði sem eru kröfur á lánastofnanir og aðrar áhættur þeirra með binditíma til meira en eins árs en ekki lengur en til þriggja ára og 50% vægi þegar um er að ræða eignaliði sem eru kröfur á lánastofnanir til meira en þriggja ára, að því tilskildu að þær séu í formi skuldaskjala sem eru gefin út af lánastofnun og þessi skuldaskjöl séu að mati lögbærra yfirvalda framseljanleg með góðu móti á markaði sem er starfræktur af viðurkenndum aðilum í starfsgreininni og að söliverð þeirra sé daglega skráð eða að útgáfa þeirra hafi verið heimiluð af lögbærum yfirvöldum í uprunaaðildarríki útgáfulánastofnunarinnar. Þessa eignaliði má aldrei telja til eigin fjár.

10. Þrátt fyrir i-lið 7. mgr. og 9. mgr. er aðildarríkjum heimilt að láta 20% vægið gilda þegar um er að ræða eignaliði sem eru kröfur á lánastofnanir og aðrar áhættur þeirra án tillits til binditíma þeirra.

11. Ef áhætta vegna viðskiptamanns er tryggð af þriðja aðila eða með tryggingu í formi verðbréfa sem eru gefin út af þriðja aðila samkvæmt skilyrðunum sem sett eru í o-lið 7. gr. er aðildarríkjunum heimilt að:

- líta á áhættuna sem áhættu vegna þriðja aðila fremur en vegna viðskiptamannsins ef áhættan er beint og skilyrðislaust tryggð af þriðja aðilanum á fullnægjandi hátt að mati lögbærra yfirvalda,
- líta á áhættuna sem áhættu vegna þriðja aðila fremur en vegna viðskiptamannsins ef áhættan sem skilgreind er í o-lið 7. gr. er með tryggingu samkvæmt skilyrðunum sem þar eru sett.

12. Í síðasta lagi 1. janúar 1999 skal ráðið, á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, rannsaka hvernig farið er með millibankaáhættu sem kveðið er á um í i-lið 7. mgr. og 9. og 10. mgr. Ráðið ákveður hvaða breytingar skuli gerðar að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

Eftirlit með stórum áhættum á samstæðugrundvelli og eftirlit sem ekki byggist á samstæðugrundvelli

1. Ef lánastofnun er hvorki móðurfyrirtæki né dótturfyrirtæki skal ekki hafa eftirlit á samstæðugrundvelli með því hvort skuldbindingarnar sem kveðið er á um í 48. og 49. gr. eða í öðrum gildandi bandalagsákvæðum á þessu sviði séu virtar.

2. Í öðrum tilvikum skal hafa eftirlit á samstæðugrundvelli, í samræmi við 52.–56. gr., með því hvort skuldbindingarnar sem kveðið er á um í 48. og 49. gr. eða í öðrum gildandi bandalagsákvæðum á þessu sviði séu virtar.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að fella niður eftirlit, á einstaklingsgrundvelli eða á hlutasamstæðugrundvelli, með því hvort skuldbindingarnar sem kveðið er á um í 48. og 49. gr. eða í öðrum gildandi bandalagsákvæðum á þessu sviði séu virtar þegar um er að ræða lánastofnun sem er móðurfyrirtæki og háð eftirliti á samstæðugrundvelli eða þegar um er að ræða dótturfyrirtæki slíkrar lánastofnunar sem er háð leyfi þeirra og eftirliti og eftirlit er haft með á samstæðugrundvelli.

Aðildarríkjunum er einnig heimilt að fella niður slíkt eftirlit ef móðurfyrirtækið er eignarhaldsfélag á fjármála-sviði með staðfestu í sama aðildarríki og lánastofnunin að því tilskildu að félagið sé háð sama eftirliti og lánastofnunin.

Þegar um þau tilvik er að ræða sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið skal gera ráðstafanir til að tryggja fullnægjandi áhættudreifingu innan samstæðunnar.

4. þáttur

Virki eignarhlutdeild utan fjármálasviðs

51. gr.

Takmarkanir á virkri eignarhlutdeild í fyrirtækjum sem eru ekki fjármagnsfyrirtæki

1. Engin lánastofnun má eiga virka eignarhlutdeild sem nemur hærri fjárhæð en 15% af eigin fé hennar í fyrirtæki sem er hvorki lánastofnun, fjármálastofnun né fyrirtæki sem stundar starfsemi sem um getur í annarri undirgrein f-liðar 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

2. Heildarfjárhæð virkrar eignarhlutdeildar lánastofnunar í öðrum fyrirtækjum en lánastofnunum, fjármálastofnunum eða fyrirtækjum sem stunda starfsemi er um getur í annarri undirgrein f-liðar 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 86/635/EBE má ekki vera hærri en 60% af eigin fé hennar.

3. Aðildarríkin þurfa ekki að beita mörkunum sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. að því er varðar eignarhluti í váttryggingafélögum svo sem skilgreint er í tilskipun 73/239/EBE ⁽¹⁾ og tilskipun 79/267/EBE ⁽²⁾.

4. Tímabundin hlutabréfaeign vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar eða vegna björgunaraðgerða eða á venjulegu sölutryggingatímabili eða í eigin nafni stofnunar fyrir hönd annarra skal ekki teljast virk eignarhlutdeild við útreikning á mörkunum sem sett eru í 1. og 2. mgr. Hlutir sem eru ekki áhættufjármunir samkvæmt skilgreiningu í 2. mgr. 35. gr. tilskipunar 86/635/EBE skulu ekki taldir þar með.

5. Aðeins má fara upp fyrir mörkin sem sett eru í 1. og 2. mgr. í undantekningartilvikum. Í slíkum tilvikum skulu þó lögbær yfirvöld krefjast þess að lánastofnun annaðhvort auki við eigið fé eða geri aðrar jafngildar ráðstafanir.

6. Aðildarríkin geta kveðið svo á að lögbær yfirvöld skuli ekki beita mörkunum sem sett eru í 1. og 2. mgr. ef þau leggja svo fyrir að 100% af fjárhæð virkrar eignarhlutdeildar lánastofnunar sem er umfram mörkin verði að vera af eigin fé og það skuli ekki tekið með í útreikning eiginfjárhlutfallsins. Ef farið er fram úr mörkunum sem sett eru í 1. og 2. mgr. skal fjárhæðin, sem greiða skal úr eigin sjóðum, vera hærri en umframfjárhæðin.

⁽¹⁾ Fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnisýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga (Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB.

⁽²⁾ Fyrsta tilskipun ráðsins 79/267/EBE frá 5. mars 1979 um samræmingu á lögum og stjórnisýslufyrirmælum um stofnun og rekstur líftryggingastarfsemi í frumtryggingu (Stjtíð. EB L 63, 13.3.1979, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/26/EB.

3. KAFLI

EFTIRLIT Á SAMSTÆÐUGRUNDVELLI

52. gr.

Eftirlit með lánastofnunum á samstæðugrundvelli

1. Hver sú lánastofnun sem er móðurfyrirtæki lánastofnunar eða fjármálastofnunar eða á hlutdeild í slíkum stofnunum skal háð eftirliti sem miðast við fjárhagsstöðu hennar á samstæðugrundvelli að því marki og með þeim hætti sem um getur í 54. gr. Slíkt eftirlit skal taka að minnsta kosti til þeirra sviða sem um getur í 5. og 6. gr.

2. Hver sú lánastofnun sem er dótturfyrirtæki eignarhaldsfélags á fjármálasviði skal háð eftirliti sem miðast við fjárhagsstöðu hennar á samstæðugrundvelli að því marki og með þeim hætti sem um getur í 54. mgr. Slíkt eftirlit skal taka að minnsta kosti til þeirra sviða sem um getur í 5. og 6. gr. Þótt fjárhagsstöðu eignarhaldsfélagsins á fjármálasviði sé komið yfir á samstæðugrundvöll hefur það á engan hátt í för með sér að lögbærum yfirvöldum beri skylda til að hafa eftirlit að því er varðar eignarhaldsfélagið á fjármálasviði eitt og sér.

3. Aðildarríki eða lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli samkvæmt 53. gr. geta ákveðið, í þeim tilvikum sem talin eru upp hér á eftir, að ekki þurfi að telja lánastofnun, fjármálastofnun eða þjónustufyrirtæki í tengslum við bankastarfsemi, sem er dótturfyrirtæki eða hlutdeildarfyrirtæki, með í samstæðunni:

— ef fyrirtækið er í þriðja landi þar sem lagalegar hömlur eru á því að fá nauðsynlegar upplýsingar,

— ef fyrirtækið hefur, að mati lögbærra yfirvalda, litla þýðingu sé tekið mið af markmiðum eftirlitsins með lánastofnunum og í öllum tilvikum ef niðurstaða efnahagsreiknings viðkomandi fyrirtækis er lægri en önnur eftirtalinna stærða þar sem miðað er við lægri upphæðina: 10 milljón evrópskar mynteiningar (ECU) eða 1% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings móðurfyrirtækisins eða fyrirtækisins sem er eigandi hlutdeildar. Ef mörg fyrirtæki uppfylla framangreind skilyrði skulu þau engu að síður talin með í samstæðunni ef þau skipta máli sem ein heild með hliðsjón af framangreindum markmiðum, eða

— ef, að mati lögbærra yfirvalda sem eru ábyrg fyrir eftirliti á samstæðugrundvelli, það væri óviðeigandi eða villandi að gera fjárhagsstöðu fyrirtækisins, sem ætti að telja með, samstæða að því er varðar markmið eftirlitsins með lánastofnunum.

4. Ef lögbær yfirvöld aðildarríkis telja dótturlánastofnun ekki með í eftirliti á samstæðugrundvelli samkvæmt einu þeirra tilvika sem um getur í öðrum og þriðja undirlið 3. mgr. geta lögbær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem dótturlánastofnunin er, beðið móðurfyrirtækið um upplýsingar sem kunna að auðvelda eftirlit þeirra með lánastofnuninni.

5. Eftirlit með gjaldhæfi og eiginfjárkröfum til að mæta markaðsáhættu og eftirlit með stórum áhættum sem fjallað er um í gildandi gerðum bandalagsins þar að lútandi skal vera á samstæðugrundvelli í samræmi við þessa grein og 53.-56. gr. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynlegar ráðstafanir, ef við á, til að láta eftirlit á samstæðugrundvelli taka til eignarhaldsfélaga á fjármálasviði í samræmi við 2. mgr.

Hafa skal eftirlit með hvort mörkin sem sett eru í 1. og 2. mgr. 51. gr. séu virt á grundvelli fjárhagsstöðu lánastofnunarinnar sem gerð hefur verið samstæð í heild eða að hluta.

6. Lögbær yfirvöld skulu tryggja að í öllum fyrirtækjum sem eftirlit á samstæðugrundvelli tekur til og haft er með lánastofnun samkvæmt 1. og 2. mgr. sé fullnægjandi innra eftirlitskerfi til að unnt sé að leggja fram nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits á samstæðugrundvelli.

7. Með fyrirvara um sérákvæði í öðrum tilskipunum þurfa aðildarríkin ekki að beita reglunum í 5. mgr. á hlutasamstæðugrundvelli eða gagnvart einstakri lánastofnun, sem er háð eftirliti á samstæðugrundvelli vegna þess að hún er móðurfyrirtæki, né gagnvart dótturfyrirtækjum slíkrar lánastofnunar sem er háð leyfi þeirra og eftirliti og fellur undir samstæðueftirlit með stofnuninni sem móðurfyrirtækis. Sömu undanþágu er heimilt að veita ef móðurfyrirtækið er eignarhaldsfélag á fjármálasviði sem hefur aðalstöðvar sínar í sama aðildarríki og lánastofnunin, að því tilskildu að það sé háð sama eftirliti og því sem haft er með lánastofnunum, einkum reglunum í 5. mgr.

Í báðum tilvikum sem nefnd eru í fyrstu undirgrein skal gera ráðstafanir til að tryggja að fjármagni sé skipt á fullnægjandi hátt innan bankasamstæðunnar.

Ef lögbær yfirvöld beita þessum reglum gagnvart einstakri lánastofnun geta þau beitt ákvæði síðustu undirgreinar 2. mgr. 3. gr. til að reikna út eigið fé.

8. Ef lánastofnun sem er dótturfyrirtæki annarrar lánastofnunar hefur leyfi og er í öðru aðildarríki skulu lögbær yfirvöld sem veittu þetta leyfi beita reglunum sem settar eru í 5. mgr. gagnvart þessu einstaka dótturfyrirtæki eða, þegar við á, á hlutasamstæðugrundvelli.

9. Þrátt fyrir kröfurnar í 8. mgr. er lögbærum yfirvöldum sem ábyrg eru fyrir leyfisveitingu dótturfyrirtækis lánastofnunar heimilt, með tvíhliða samningum, að fela eftirlitsábyrgð sína í hendur lögbærum yfirvöldum sem veittu móðurfyrirtækinu leyfi og hafa eftirlit með því þannig að þau taki að sér að hafa eftirlit með dótturfyrirtækinu í samræmi við þessa tilskipun. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um tilvist og efni slíkra samninga. Hún skal senda þær upplýsingar til lögbærra yfirvalda hinna aðildarríkjanna og ráðgjafarnefndarinnar um bankamál.

10. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbærum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli sé heimilt að krefja dótturfyrirtæki lánastofnunar eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði sem heyrir ekki undir eftirliti á samstæðugrundvelli um upplýsingarnar sem um getur í 55. gr. Í slíku tilviki gildir málsmeðferðin sem kveðið er á um í þeirri grein um veitingu upplýsinganna og eftirlit með þeim.

53. gr.

Lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli

1. Ef móðurfyrirtæki er lánastofnun skulu lögbær yfirvöld sem veittu henni leyfi samkvæmt 4. gr. annast eftirlit á samstæðugrundvelli.

2. Ef móðurfyrirtæki lánastofnunar er eignarhaldsfélag á fjármálasviði skulu lögbær yfirvöld sem veittu lánastofnuninni leyfi samkvæmt 4. gr. annast eftirlit á samstæðugrundvelli.

Ef lánastofnanir, sem hafa leyfi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, eru dótturfyrirtæki sama móðurfyrirtækis sem er eignarhaldsfélag á fjármálasviði skulu lögbær yfirvöld lánastofnunarinnar, sem hefur leyfi í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélaginu á fjármálasviði var komið á fót, annast eftirlit á samstæðugrundvelli.

Hafi engin dótturlánastofnun fengið leyfi í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélaginu á fjármálasviði var komið á fót skulu lögbær yfirvöld í viðkomandi aðildarríkjum (þar með talin yfirvöld aðildarríkisins þar sem eignarhaldsfélaginu á fjármálasviði var komið á fót) leitast við að ná samkomulagi um hvert þeirra eigi að annast eftirlit á samstæðugrundvelli.

Ef samkomulag næst ekki skulu lögbær yfirvöld sem veittu lánastofnuninni með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings leyfi annast eftirlit á samstæðugrundvelli; ef niðurstöðutalan er sú sama hjá fleiri en einni þeirra skulu lögbær yfirvöld sem fyrst veittu leyfið sem um getur í 4. gr. annast eftirlit á samstæðugrundvelli.

3. Viðkomandi lögbærum yfirvöldum er heimilt með almennu samkomulagi að víkja frá reglunum sem eru settar í fyrstu og annarri undirgrein 2. mgr.

4. Í samkomulaginu sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr. og í 3. mgr. skal kveðið á um hvernig staðið skuli að samvinnu og hvernig upplýsingum skuli komið á framfæri þannig að ná megi markmiðum þessarar tilskipunar.

5. Ef í aðildarríki eru fleiri en eitt lögbært yfirvald sem hefur varúðareftirlit með lána- og fjármálastofnunum skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að skipulegja samræmi milli þessara yfirvalda.

54. gr.

Form og umfang samstæðu

1. Lögbær yfirvöld sem eru ábyrg fyrir eftirliti á samstæðugrundvelli skulu í því skyni krefjast fullra samstæðureikningsskila allra lána- og fjármálastofnana sem eru dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis.

Þó er heimilt að mæla fyrir um hlutfallsleg samstæðureikningsskil ef, að mati lögbærra yfirvalda, ábyrgð móðurfyrirtækis sem á hluta í fjármagni er takmörkuð við þann hluta vegna ábyrgðar annarra hluthafa eða félaga sem fullnægja kröfum um gjaldhæfi. Ábyrgð hinna hluthafanna og félaganna skal að fullu staðfest, ef nauðsyn krefur með formlega undirrituðum skuldbindingum.

2. Lögbær yfirvöld sem eru ábyrg fyrir eftirliti á samstæðugrundvelli skulu vegna eftirlitsins krefjast hlutfallslegra samstæðureikningsskila vegna hlutdeildar í lána- og fjármálastofnunum, sem stjórnad er af fyrirtækjum sem talin eru með í samstæðunni og einu eða fleiri fyrirtækjum sem eru ekki talin með í samstæðunni, ef ábyrgð þessara fyrirtækja er takmörkuð við þann hluta fjármagns sem þau eiga.

3. Þegar um er að ræða aðra hlutdeild eða önnur fjármagnstengsl en um getur í 1. og 2. mgr. skulu lögbær yfirvöld ákveða hvort og hvernig eigi að annast samstæðureikningsskil. Einkum er þeim heimilt að leyfa eða krefjast notkunar á hlutdeildaraðferðinni. Það felst þó ekki í þeirri aðferð að viðkomandi fyrirtæki heyri undir eftirlit á samstæðugrundvelli.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skulu lögbær yfirvöld ákveða hvort og hvernig annast skuli samstæðureikningsskil í eftirfarandi tilvikum:

— þegar, að mati lögbærra yfirvalda, lánastofnun hefur umtalsverð ítök í einni eða fleiri lána- eða fjármálastofnun, án þess að eiga hlutdeild í eða hafa önnur tengsl við þessar stofnanir,

— þegar tvær eða fleiri lána- eða fjármálastofnanir eru settar undir aðra sameiginlega stjórn en kveðið er á um í samningi eða stofnsamþykktum þeirra,

— þegar tvær eða fleiri lána- eða fjármálastofnanir eru með stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsnefndir þar sem sömu aðilar eru í meirihluta.

Einkum er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa eða krefjast notkunar aðferðarinnar sem kveðið er á um í 12. gr. tilskipunar 83/349/EEB. Það felst þó ekki í þeirri aðferð að viðkomandi fyrirtæki heyri undir eftirlit á samstæðugrundvelli.

5. Ef krafist er eftirlits á samstæðugrundvelli samkvæmt 1. og 2. mgr. 52. gr. skulu þjónustufyrirtæki í tengslum við bankastarfsemi talin með í samstæðunni í þeim tilvikum og í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 1. til 4. mgr. í þessari grein.

55. gr.

Upplýsingar sem blönduð eignarhaldsfélög og dótturfyrirtæki þeirra skulu veita

1. Þar til samstæðuaðferðir hafa verið samræmdar frekar skulu aðildarríkin kveða á um að ef móðurfyrirtæki einnar lánastofnunar eða fleiri er blandað eignarhaldsfélag skulu lögbær yfirvöld sem eru ábyrg fyrir leyfi og eftirliti með þessum lánastofnunum krefjast þess að þau veiti allar upplýsingar sem geta skipt máli vegna eftirlits með dótturlánastofnunum, annaðhvort með því að snúa sér beint til blandaða eignarhaldsfélagsins og dótturfyrirtækja þess eða gegnum dótturlánastofnanir.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbærum yfirvöldum þeirra sé heimilt að framkvæma, eða láta utanaðkomandi skoðunarmenn framkvæma eftirlit á staðnum til að fá staðfestar upplýsingar frá blönduðum eignarhaldsfélögum og dótturfyrirtækjum þeirra.

Ef blandaða eignarhaldsfélagið eða eitt dótturfyrirtækja þess er vátryggingafélag er einnig heimilt að beita málsmeðferðinni í 4. mgr. 56. gr. Ef blandað eignarhaldsfélag eða eitt dótturfyrirtækja þess er í öðru aðildarríki en dótturlánastofnunin skal framkvæma eftirlit á staðnum í samræmi við málsmeðferðina í 7. mgr. 56. gr.

56. gr.

Ráðstafanir til að auðvelda eftirlit á samstæðugrundvelli

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að engar lagalegar hindranir komi í veg fyrir að fyrirtæki sem heyra undir eftirlit á samstæðugrundvelli, blönduð eignarhaldsfélög og dótturfyrirtæki þeirra eða dótturfyrirtæki af þeirri gerð sem um getur í 10. mgr. 52. gr. skiptist á nauðsynlegum upplýsingum vegna eftirlits í samræmi við 52.-55. gr. og þessa grein.

2. Ef móðurfyrirtæki og einhver af dótturfyrirtækjum þess, sem eru lánastofnanir, eru í mismunandi aðildarríkjum skulu lögbær yfirvöld aðildarríkisins senda hvert öðru allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera eftirlit á samstæðugrundvelli kleift eða auðvelda það.

Ef lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem móðurfyrirtækið er annast ekki sjálf eftirlit á samstæðugrundvelli samkvæmt 4. gr. geta lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á slíku eftirliti farið fram á að þau afli nauðsynlegra upplýsinga hjá móðurfyrirtækinu vegna eftirlits á samstæðugrundvelli og sendi sér þær.

3. Aðildarríki skulu heimila lögbærum yfirvöldum að skiptast á upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. að því gefnu, hvað eignarhaldsfélög á fjármálasviði, fjármálastofnanir eða þjónustufyrirtæki í tengslum við bankastarfsemi áhrærir, að öflun upplýsinga eða yfirráð yfir þeim feli á engan hátt í sér að þau yfirvöld gegni eftirlitshlutverki gagnvart einstökum stofnunum eða fyrirtækjum.

Á sama hátt skulu aðildarríkin heimila lögbærum yfirvöldum að skiptast á upplýsingunum sem um getur í 55. gr., að því gefnu að öflun upplýsinga eða yfirráð yfir þeim feli á engan hátt í sér að þau yfirvöld gegni eftirlitshlutverki gagnvart blönduðu eignarhaldsfélagi og dótturfyrirtækjum þess sem eru ekki lánastofnanir eða gagnvart dótturfyrirtækjum af þeirri gerð sem fjallað er um í 10. mgr. 52. gr.

4. Ef lánastofnun, eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag stjómar einu eða fleiri dótturfyrirtækjum sem eru vátryggingafélög eða önnur fyrirtæki sem bjóða upp á fjárfestingarþjónustu sem háð eru leyfi skulu lögbær yfirvöld og yfirvöld sem annast opinbert eftirlit með vátryggingafélögum eða þeim fyrirtækjum sem bjóða upp á fjárfestingarþjónustu hafa með sér nána samvinnu. Með fyrirvara um ábyrgð hvers fyrir sig skulu þessi yfirvöld veita hvert öðru upplýsingar sem kunna að auðvelda störf þeirra og heimila eftirlit með starfsemi og heildarfjárhagsstöðu fyrirtækjanna sem þau hafa eftirlit með.

5. Um upplýsingarnar sem eru fengnar við eftirlit á samstæðugrundvelli, einkum upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda sem kveðið er á um í þessari tilskipun, gildir þagnarskylda eins og kveðið er á um í 30. gr.

6. Lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti á samstæðugrundvelli skulu gera skrár yfir eignarhaldsfélög á fjármálasviði sem um getur í 2. mgr. 52. gr. Þessar skrár skal senda lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni.

7. Ef lögbær yfirvöld eins aðildarríkis óska í ákveðnum tilvikum við beitingu þessarar tilskipunar eftir að fá staðfestar upplýsingar um lánastofnun, eignarhaldsfélag á fjármálasviði, fjármálastofnun, þjónustufyrirtæki í tengslum við bankastarfsemi, blandað eignarhaldsfélag, dótturfyrirtæki af þeirri gerð sem fjallað er um í 55. gr. eða í 10. mgr. 52. gr., sem er í öðru aðildarríki, þurfa þau að fara fram á það við lögbær yfirvöld í hinu aðildarríkinu að fá þessa staðfestingu. Yfirvöldin sem fá slíka beiðni skulu á grundvelli valdheimilda sinna bregðast við henni, annaðhvort með því að veita staðfestinguna sjálf eða með því að leyfa yfirvöldunum sem lögðu beiðnina fram eða endurskoðanda eða sérfræðingi að afla hennar.

8. Með fyrirvara um ákvæði refsilaga skulu aðildarríki tryggja að viðurlögum eða ráðstöfunum sem miða að því að binda enda á uppvis brot eða uppræta orsakir þeirra sé beitt gagnvart eignarhaldsfélögum á fjármálasviði eða blönduðum eignarhaldsfélögum eða stjórnendum þeirra sem brjóta ákvæði laga eða stjórnsýslufyrirmæla sem sett eru til framkvæmdar 52.-55. gr. og þessari grein. Í ákveðnum tilvikum kunna slíkar aðgerðir að hafa í för með sér afskipti dómstóla. Lögbær yfirvöld skulu hafa með sér nána samvinnu til að tryggja að framangreind viðurlög eða ráðstafanir beri tilætlaðan árangur, einkum ef yfirstjórn eða höfuðstöðvar eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags er ekki á aðalskrifstofu þess.

IV. BÁLKUR

RÁDGJAFARNEFND UM BANKAMÁL

57. gr.

Skipan og verkefni ráðgjafarnefndarinnar um bankamál

1. Ráðgjafarnefnd um bankamál lögbærra yfirvalda aðildarríkja Efnahagsbandalags Evrópu skal stofnuð til að starfa með framkvæmdastjórninni.

2. Verkefni ráðgjafarnefndarinnar um bankamál er að aðstoða framkvæmdastjórnina við að tryggja viðunandi framkvæmd þessarar tilskipunar. Hún skal og sjá um önnur verkefni sem mælt er fyrir um í tilskipun þessari og vera framkvæmdastjórninni til aðstoðar við undirbúning nýrra tillagna til ráðsins um frekari samræmingu er varðar málefni lánastofnana.

3. Ráðgjafarnefndin skal ekki hafa afskipti af vanda-málum er tengjast einstökum lánastofnunum.

4. Ráðgjafarnefndina skipa eigi fleiri en þrjú fulltrúar frá hverju aðildarríki og frá framkvæmdastjórninni. Þessum fulltrúum er heimilt að taka með sér ráðgjafa þegar þannig stendur á að fengnu samþykki nefndarinnar. Nefndin má einnig bjóða hæfum aðilum og sérfræðingum að sitja fundi sína. Framkvæmdastjórnin skal sjá nefndinni fyrir skrifstofuaðstöðu og starfsliði.

5. Ráðgjafarnefndin skal setja sér starfsreglur og kjósa sér formann úr röðum fulltrúa aðildarríkjanna. Nefndin skal halda fundi reglulega og einnig koma saman þegar nauðsyn krefur. Framkvæmdastjórninni er heimilt að fara fram á skyndifund ef hún telur þess þörf.

6. Umræður innan ráðgjafarnefndarinnar um bankamál og niðurstöður þeirra skulu vera trúnaðarmál nema nefndin ákveði annað.

58. gr.

Könnun á skilyrðum fyrir leyfisveitingu

Ráðgjafarnefndin skal kanna efni þeirra skilyrða sem lögbær yfirvöld setja og talin eru upp í 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr., önnur skilyrði sem aðildarríki kunna að setja og upplýsingar sem skylt er að veita í lýsingu á starfsemi-inni og skal hún, þar sem slíkt á við, bera fram tillögur um frekari samræmingu við framkvæmdastjórnina.

59. gr.

Eftirlitshlutföll

1. Þar til samræming hefur komist á skulu lögbær yfirvöld, vegna eftirlits og ef nauðsyn krefur, ákvarða til viðbótar þeim stuðlum sem þegar er beitt, hlutföll milli eigna og skuldbindinga lánastofnana svo að hægt verði að hafa eftirlit með gjaldhæfi og lausafjárstöðu þeirra, svo og aðrar þær ráðstafanir sem gera þarf til þess að tryggja öryggi sparifjár.

Ráðgjafarnefndin skal í þessum tilgangi ákvarða efni þeirra þátta sem notaðir eru í eftirlitshlutföllum þeim sem um getur í fyrstu undirgrein og skal nefndin einnig setja reglur um þær aðferðir sem nota skal við útreikning þeirra.

Um tæknileg atriði ber ráðgjafarnefndinni um bankamál að hafa samráð við eftirlitsyfirvöld stofnana af því tagi sem um ræðir.

2. Eftirlitshlutföll þau sem ákveðin eru í samræmi við 1. mgr. skulu reiknuð út eigi sjaldnar en sjötta hvern mánuð.

3. Ráðgjafarnefndinni um bankamál ber að fara yfir niðurstöður eftirlitsyfirvalda sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. á grundvelli útreikninga sem um getur í 2. mgr.

4. Ráðgjafarnefndinni er heimilt að leggja fram tillögur við framkvæmdastjórnina um samræmingu stuðla sem gilda í aðildarríkjunum.

TITLE VII

FRAMKVÆMDAVALD

60. gr.

Tæknilegar breytingar

1. Með fyrirvara um skýrsluna sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 34. gr. og að því er varðar eigið fé skulu tæknilegar breytingar, sem gerðar verða á þessari tilskipun á eftirfarandi sviðum, fara fram með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 2. mgr.:

- þegar nánari útlistun er gerð á skilgreiningum svo að taka megi tillit til þróunar á fjármálamörkuðum við beitingu þessarar tilskipunar;
- þegar nánari útlistun er gerð á skilgreiningum til að tryggja sams konar beitingu tilskipunar þessarar í öllum bandalagslöndunum;
- samræming hugtaka og afmörkun skilgreininga samfara lagasetningu um lánastofnanir og skyld mál;
- skilgreining á „svæði A“ í 14. mgr. 1. gr.;
- skilgreining á „fjölpjódlegir þróunarbankar“ í 19. mgr. 1. gr.;
- þegar upphæð stofnfjár er breytt, eins og mælt er fyrir um í 4. grein, vegna þróunar í efnahags- og peningamálum;
- þegar aukið er við efnið í upptalningunni sem um getur í 18. og 19. grein og birt er í I. viðauka eða breytingar verða á orðalagi í henni vegna þróunar á fjármálamörkuðum;

- þegar lögbær yfirvöld verða að skiptast á upplýsingum á tilteknum sviðum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 7. gr. í tilskipun 77/780/EBE;
- breyting á skilgreiningunni á eignum sem frá er greint í 43. gr. til að taka megi tillit til framvindu á fjármálamörkuðum;
- skrár og flokkanir á liðum utan efnahagsreiknings í II. og IV. viðauka og meðferð þeirra við útreikning á hlutfallinu eins og lýst er í 42., 43. og 44. gr. og í III. viðauka;
- tímabundin lækkun á lágmarkshlutfalli sem mælt er fyrir um í 47. gr. eða á vægi því sem mælt er fyrir um í 43. gr. til að taka megi tillit til aðstæðna á hverjum stað;
- nánari útlistun á undanþágum sem kveðið er á um í 5. til 10. mgr. 49. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

Þar sem er vísað til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, með tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

Tímabilið sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. tilskipunar 1999/468/EB skal vera þrjú mánuðir.

Nefndin skal setja sér starfsreglur.

VIII. BÁLKUR

BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

1. KAFLI

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

61. gr.

Bráðabirgðaákvæði varðandi 36. gr.

Danmörk getur heimilað dönskum veðlánastofnunum, sem voru skipulagðar fyrir 1. janúar 1990 sem samvinnufélög eða sjóðir og breytt í hlutafélög, að telja áfram óskiptar skuldarábyrgðir félaga eða lántaka sem um getur í 1. mgr. 36. gr. með eigin fé, ef farið er með kröfur á þá á sama hátt og óskiptar skuldarábyrgðir, með fyrirvara um eftirfarandi takmarkanir:

- a) útreikningsgrunnur fyrir hluta óskiptrar skuldarábyrgðar lántaka skal vera heildarfjárhæð liðanna sem um getur í 1. og 2. tölul. 2. mgr. 34. gr. að frádregnum þeim sem um getur í 9., 10. og 11. tölul. 2. mgr. 34. gr.;
- b) útreikningsgrunnurinn 1. janúar 1991 eða á breytingardeginum ef breytingin verður síðar skal vera hámarksútreikningsgrunnurinn. Útreikningsgrunnurinn má aldrei vera hærri en hámarksútreikningsgrunnurinn;

c) hámarksútreikningsgrunnurinn skal frá 1. janúar 1997 lækkaður um helming ágóða nýs hlutafjár, eins og skilgreint er í 1. tölul. 2. mgr. 34. gr., sem gefið er út eftir þessa dagsetningu, og

d) hámarksfjárhæð óskiptrar skuldarábyrgðar lántaka sem talin er með eigin fé má ekki vera hærra en:

50 % 1991 og 1992,

45% 1993 og 1994,

40% 1995 og 1996,

35% 1997

30% 1998

20% 1999

10% 2000, og

0 % eftir 1. janúar 2001, af útreikningsgrunni.

62. gr.

Bráðabirgðaákvæði varðandi 43. gr.

1. Fram til 31. desember 2006 geta lögbær yfirvöld aðildarríkjanna heimilað lánastofnunum sínum að beita 50% áhættuvægi gagnvart lánnum sem eru fyllilega og örugglega tryggð, að mati viðkomandi lögbærra yfirvalda, með veði í skrifstofuhúsnæði eða fjölnota viðskiptahúsnæði, sem er á yfirráðasvæði þeirra aðildarríkja sem leyfa 50% áhættuvægi, með eftirtöldum skilyrðum:

i) 50% áhættuvægið gildir um þann hluta lánsins sem er ekki yfir mörkum sem eru reiknuð út samkvæmt annaðhvort a- eða b-lið:

a) 50% af markaðsvirði viðkomandi fasteignar.

Tveir óháðir matsmenn skulu reikna út markaðsvirði fasteignarinnar og skal hvor um sig gera sjálfstætt mat á þeim tíma sem lánið er veitt. Lánið skal miðast við lægri matsupphæðina.

Einn matsmaður skal endurmeta fasteignina að minnsta kosti árlega. Sé um að ræða lánsupphæð, sem fer ekki yfir 1 milljón evra og 5% eigin fjár lánastofnunarinnar, skal einn matsmaður endurmeta fasteignina að minnsta kosti á þriggja ára fresti;

b) 50% af markaðsvirði fasteignarinnar eða 60% af veðlánsvirði hennar, hvort heldur sem lægra er, í þeim aðildarríkjum þar sem settar hafa verið strangar viðmiðanir um mat á veðlánsvirði með laga- eða reglugerðarákvæðum.

Veðlánsvirði er verðgildi fasteignar að mati matsmanns sem leggur varfærnislegt mat á söluhæfni fasteignarinnar í framtíðinni að teknu tilliti til varanleika fasteignarinnar, eðlilegra og staðbundinna markaðsskilyrða, nýtingar fasteignarinnar og annarra hugsanlegra nýtingarmöguleika hennar. Ekki skal taka tillit til spákaupmennskupáttá þegar veðlánsvirði er metið. Veðlánsvirðið skal rökstutt í skýrri og gagnsærri greinargerð.

Á þriggja ára fresti hið minnsta, eða ef lækking á markaði nemur meira en 10%, skal endurmeta veðlánsvirðið og einkum þær ályktanir um þróun viðkomandi markaðar sem matið byggðist á.

Í bæði a- og b-lið merkir „markaðsvirði“ það verð sem fús seljandi fengi fyrir fasteignina ef hún væri seld samkvæmt einkasamningi við óháðan kaupanda á matsdegi, að því tilskildu að fasteignin hafi verið sett á markað opinberlega, að salan geti farið fram við eðlileg markaðsskilyrði og að fyrir hendi sé venjubundinn frestur til að semja um söluna með hliðsjón af eðli fasteignarinnar;

ii) 100% áhættuvægi gildir um þann hluta lánsins sem er umfram mörkin sem mælt er fyrir um í i-lið;

iii) eigandi fasteignar skal annaðhvort nýta hana sjálfur eða leigja hana út.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein geta lögbær yfirvöld í aðildarríki, sem beitir herra áhættuvægi á yfirráðasvæði sínu, heimilað, með fyrrgreindum skilyrðum, að 50% áhættuvægi skuli gilda um lán af þessum toga á yfirráðasvæðum þeirra aðildarríkja sem heimila 50% áhættuvægi.

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna geta heimilað lánastofnunum sínum að beita 50% áhættuvægi gagnvart lánnum, sem eru útistandandi 21. júlí 2000, að því tilskildu að skilyrðin, sem eru talin upp í þessari málsgrein, séu uppfyllt. Þegar svo háttar til skal meta fasteignina í samræmi við matsviðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um hér að framan, eigi síðar en 21. júlí 2003.

Að því er varðar lán, sem eru veitt fyrir 31. desember 2006, gildir 50% áhættuvægið áfram fram að gjalddaga þeirra ef lánastofnuninni er gert að hlíta samnings-skilmálum.

Fram til 31. desember 2006 geta lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum einnig heimilað lánastofnunum sínum að láta 50% áhættuvægi gilda um þann hluta lána sem er fyllilega og örugglega tryggður með hlutabréfum í finnskum húsnæðisfélögum, sem starfa í samræmi við finnsku húsnæðismálalögin frá 1991 eða nýrri jafngild lög, að því tilskildu að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessari málgrein, séu uppfyllt.

Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um það hvernig þau beita þessari málgrein.

2. Aðildarríkin geta látið 50% áhættuvægi gilda um eignaleigusamninga sem eru gerðir fyrir 31. desember 2006 og um eignir til viðskiptanota sem eru í sama landi og höfuðstöðvarnar og falla undir lagaákvæði um að leigusali haldi fullum eignarrétti á hinni leigðu eign uns leigjandinn notfærir sér forkaupsrétt sinn. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um það hvernig þau beita þessari málgrein.

3. Ákvæði 3. mgr. 43. gr. hafa ekki áhrif á viðurkenningu lögbærra yfirvalda á tvíhliða samningum um skuldskeytingu, sem hafa verið gerðir að því er varðar:

- Belgíu, fyrir 23. apríl 1996,
- Danmörku, fyrir 1. júní 1996,
- Þýskaland, fyrir 30. október 1996,
- Grikkland fyrir 27. mars 1997,
- Spán, fyrir 7. janúar 1997,
- Frakkland, fyrir 30. maí 1996,
- Írland, fyrir 27. júní 1996,
- Ítalíu, fyrir 30. júlí 1996,
- Lúxemborg, fyrir 29. maí 1996,
- Holland, fyrir 1. júlí 1996,
- Austurríki, fyrir 30. desember 1996,
- Portúgal, fyrir 15. janúar 1997,
- Finnland, fyrir 21. ágúst 1996,

- Svíþjóð, fyrir 1. júní 1996, og
- Breska konungsríkið, fyrir 30. apríl 1996.

63. gr.

Bráðabirgðaákvæði varðandi 47. gr.

1. Lánastofnun sem hefur ekki náð 8% lágmarks-hlutfallinu sem fyrirskipað er í 1. mgr. 47. gr. 1. janúar 1991 verður að ná því stig af stigi. Hún má ekki láta hlutfallið fara niður fyrir það stig sem náðst hefur áður en þessu marki er náð. Hvers konar sveiflur eiga að vera tímabundnar og skýra ber lögbærum yfirvöldum frá ástæðunum fyrir þeim.

2. Eigi lengur en í fimm ár frá 1. janúar 1993 geta aðildarríkin sett 10% vægi á skuldabréf þau sem skilgreind eru í 4. mgr. 22. gr. tilskipunar ráðsins 85/611/EEB og viðhaldið því gagnvart lánastofnunum ef þær telja það nauðsynlegt til að forðast alvarlega röskum á starfsemi markaða þeirra. Slík frávik ber að tilkynna framkvæmdastjórninni.

3. Eigi lengur en í sjö ár frá 1. janúar 1993 skal 1. mgr. 47. gr. ekki gilda um Búnaðarbanka Grikklands. Þó skal bankinn ná því sem fyrirskipað er í 1. mgr. 47. gr. stig af stigi í samræmi við aðferðina sem lýst er í 1. mgr. þessarar greinar.

64. gr.

Bráðabirgðaákvæði varðandi 49. gr.

1. Ef lánastofnun hefur, 5. febrúar 1993, tekið á sig eina eða fleiri áhættur sem eru annaðhvort yfir mörkum fyrir stórar áhættur eða mörkum fyrir allar stórar áhættur samanlagt sem kveðið er á um í 49. gr. skulu lögbær yfirvöld krefjast þess að viðkomandi lánastofnun geri ráðstafanir til að áhætta eða áhættur verði færðar undir þau mörk sem kveðið er á um í 49. gr.

2. Nauðsynlegar ráðstafanir til að færa stórar áhættur undir leyfileg mörk skal skilgreina, samþykka, koma til framkvæmda og ljúka að fullu innan þeirra tímamarka sem lögbær yfirvöld telja að samrýmist trausti stjórnun og samkeppnissjónarmiðum. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og ráðgjafarnefndina um bankamál um tímaáætlun slíkrar framkvæmdar.

3. Lánastofnun er óheimilt að gera nokkrar þær ráðstafanir sem gætu valdið því að áhættur sem um getur í 1. mgr. fari yfir þau mörk sem þær eru í 5. febrúar 1993.

4. Fresturinn sem um ræðir í 2. mgr. rennur út eigi síðar en 31. desember 2001. Lánastofnun er heimilt að halda áhættum með lengri binditíma, ef hún er bundin samningum þar að lútandi, uns binditímanum lýkur.

5. Fram að 31. desember 1998 er aðildarríkjum heimilt að hækka mörkin sem sett eru í 1. mgr. 49. gr. í 40% og mörkin sem sett eru í 2. mgr. 49. gr. í 30%. Í slíkum tilvikum og með fyrirvara um 1. til 4. mgr. rennur fresturinn til að færa áhættur sem fyrir hendi eru í lok þessa tímabils undir mörkin sem sett eru í 49. gr. út 31. desember 2001.

6. Þegar um er að ræða lánastofnanir þar sem eigið fé fer ekki yfir sjö milljónir evra (EUR), og einungis þegar um slíkar stofnanir er að ræða, er aðildarríkjum heimilt að lengja frestinn sem mælt er fyrir um í 5. mgr. um fimm ár. Aðildarríkin sem nýta sér þann kost sem kveðið er á um í þessari málsgrein skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni og tilkynna það framkvæmdastjórninni og ráðgjafarnefndinni um bankamál.

7. Þegar um er að ræða þau tilvik sem um getur í 5. og 6. mgr. telst áhætta vera stór ef hún er 15% eða meira af eigin fé.

8. Fram að 31. desember 2001 er aðildarríkjum heimilt að tilkynna um stórar áhættur tvisvar á ári í stað þess að tilkynna um þær samkvæmt því sem um getur í öðrum undirlið 2. mgr. 48. gr.

9. Aðildarríkjum er heimilt að undanskilja, að einhverju eða öllu leyti, frá beitingu 1., 2. og 3. mgr. 49. gr. áhættur lánastofnunar vegna fasteignaveðlána, samanber skilgreiningu í 1. mgr. 62. gr., sem samningur er gerður um fyrir 1. janúar 2002, sem og kaupleigusamninga, samanber skilgreiningu 2. mgr. 62. gr., sem gerðir eru fyrir 1. janúar 2002, í báðum tilvikum allt að 50% af andvirði eignarinnar er um ræðir.

Hið sama á við um lán, sem tryggð eru á fullnægjandi hátt að dómi lögbærra yfirvalda með hlutabréfum í finnskum húsnæðisfélögum, sem starfa í samræmi við finnsku húsnæðismálalögin frá 1991 eða nýrri jafngild lög sem eru svipuð og fasteignaveðlánin sem um getur í fyrstu undirgrein.

65. gr.

Bráðabirgðaákvæði varðandi 51. gr.

Lánastofnanir sem 1. janúar 1993 eru fyrir ofan mörkin sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 51. gr., hafa frest til 1. janúar 2003 til að laga sig að þeim.

2. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

66. gr.

Upplýsingar framkvæmdastjórnarinnar

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu lög og stjórnáskilgæði sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

67. gr.

Niðurfelldar tilskipanir

1. Tilskipanir 73/183/EBE, 77/780/EBE, 89/299/EBE, 89/646/EBE, 89/647/EBE, 92/30/EBE and 92/121/EBE, eins og þeim var breytt með tilskipunum í A-hluta V. viðauka, samanber þó skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi frest til að leiða í innlend lög tilskipanir sem getið er í B-hluta V. viðauka.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samanburðartöflunni í VI. viðauka.

68. gr.

Framkvæmd

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

69. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. mars 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. GAMA

forseti.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR STARFSEMI SEM ER HÁÐ GAGNKVÆMRI VIÐURKENNINGU

1. Móttaka innlánsfjár og annars fjár til endurgreiðslu
2. Útlánastarfsemi ⁽¹⁾
3. Fjármögnunarleiga
4. Greiðslumiðlunarþjónusta
5. Útgáfa og umsýsla greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta, ferðatékka og bankatékka)
6. Ábyrgðir og skuldbindingar
7. Viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir reikning viðskiptamanna með:
 - a) greiðsluskjöl á peningamarkaði (tékka, víxla, innláns skírteini o.s.frv.)
 - b) erlendan gjaldeyri;
 - c) staðlaða framvirka samninga og valrétti í fjármálastarfsemi;
 - d) gengis- og/eða vaxtatengd skjöl;
 - e) framseljanleg verðbréf
8. Þátttaka í verðbréfaútboðum og þjónusta tengd þeim
9. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu fjármagns, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim
10. Miðlun á peningamarkaði
11. Stjórnun og ráðgjöf varðandi samval verðbréfa
12. Varsla og umsýsla verðbréfa
13. Upplýsingar um láns hæfi
14. Útleiga geymsluhólfa

⁽¹⁾ Til þeirra teljast m.a.:
— neytendalán,
— fasteignaveðlán,
— kröfukaup, með endurkröfuretti eða án,
— fjármögnun viðskipta (þar á meðal „forfeiting“).

II. VIÐAUKI

FLOKKUN Á LIÐUM UTAN EFNAHAGSREIKNINGS

Mikil áhætta

- Ábyrgðir sem jafna má til beinna lána,
- Samþykktir víxlar,
- Framsal á víxlum, þó ekki ef önnur lánastofnun hefur áritað um ábyrgð frammar á víxlinum,
- Viðskipti með endurkröfurétti,
- Óafturkræfar bakábyrgðir sem jafna má til beinna lána,
- Eignir keyptar samkvæmt framvirkum kaupsamningi,
- Framvirk innlánsviðskipti,
- Ógreiddur hluti í hlutabréfum og verðbréfum sem eru greidd að hluta,
- Aðrir liðir sem einnig bera mikla áhættu.

Miðlungsáhætta

- útgefnar skjalfestar ábyrgðir og staðfestar skjalfestar ábyrgðir (sbr. skjalfestar ábyrgðir með miðlungs-/litla áhættu),
- ábyrgðir og tryggingar (þar með taldar tilboðs-, fullnustu-, tolla- og skattaábyrgðir) og ábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,
- samningar um eignasölu og endurkaup eins og skilgreint er í 3. og 5. mgr. 12. gr. tilskipunar 86/635/EBE,
- óafturkræfar bakábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,
- ónotaðar lánsheimildir (samningar um að lána, kaupa verðbréf, veita ábyrgðir eða samþykkja víxla), upphaflega til lengri tíma en eins árs,
- sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa,
- aðrir liðir með miðlungsáhættu.

Miðlungs-/lítill áhætta

- skjalfestar ábyrgðir þar sem vörusending er sett sem veð og önnur áþekk viðskipti,
- aðrir liðir með miðlungs-/litla áhættu.

Lítill áhætta

- ónotaðar lánsheimildir (samningar um að lána, kaupa verðbréf, veita ábyrgðir eða samþykkja víxla), upphaflega til eins árs eða skemmri tíma eða sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er,
- aðrir liðir með litla áhættu.

Aðildarríkin skuldbinda sig til að tilkynna framkvæmdastjórninni um leið og þau hafa samþykkt nýja liði utan efnahagsreiknings í síðustu undirlíðunum í hverjum áhættuflokki. Slíkir liðir verða flokkaðir á afgerandi hátt fyrir bandalagið í heild þegar málsmeðferð þeirri, sem mælt er fyrir um í 60. gr., er lokið.

III. VIÐAUKI

MEÐFERÐ LIÐA UTAN EFNAHAGSREIKNINGS

1. VAL Á AÐFERÐ

Lánastofnanir geta, að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda, valið aðra hvora af eftirfarandi aðferðum til að reikna út lánsáhættu í tengslum við þá samninga sem eru tilgreindir í 1. og 2. lið í IV. viðauka. Lánastofnanir, sem eiga að fara að 1. mgr. 6. gr. í tilskipun 93/6/EBE ⁽¹⁾ skulu beita aðferð 1 sem lýst er hér á eftir. Við mat á lánsáhættu í tengslum við samningana, sem eru tilgreindir í 3. lið IV. viðauka, skulu allar lánastofnanir beita aðferð 1 hér á eftir.

2. AÐFERÐIR

Aðferð 1: markaðsviðmiðun

Áfangi a: Með því að meta alla samninga á markaðsvirði má finna núgildandi endurnýjunarkostnað allra samninga með jákvæðu virði.

Áfangi b: Í því skyni að reikna út hugsanlega framtíðarlánaáhættu ⁽²⁾ skal margfalda reiknaðan höfuðstól samninganna eða undirstöðuvirði með eftirfarandi prósentutölum:

TAFLA 1 ^(a) ^(b)

| Eftirstöðvatími ^(c) | Vaxta-samningar | Samningar er varða gjaldeyrisgengi og gull | Hlutabréfa-samningar | Samningar er varða aðra góðmálma en gull | Samningar er varða aðrar vörur en góðmálma |
|------------------------------------|-----------------|--|----------------------|--|--|
| Eitt ár eða minna | 0% | 1% | 6% | 7% | 10% |
| Meira en eitt ár, minna en fimm ár | 0,5% | 5% | 8% | 7% | 12% |
| Meira en fimm ár | 1,5% | 7,5% | 10% | 8% | 15% |

^(a) Fara skal með samninga, sem falla ekki undir neinn af flokkunum fimm í töflunni, á sama hátt og samninga um aðrar vörur en góðmálma.

^(b) Fyrir samninga sem fela það í sér að höfuðstóli er skipt margsinnis, verður að margfalda prósentutöluna með fjölda þeirra greiðslna sem eftir er að inna af hendi samkvæmt samningnum.

^(c) Í samningum, sem eru gerðir með það fyrir augum að gera upp áfallna áhættu á tilteknum greiðsludögum, og þar sem skilmálar eru endurskoðaðir þannig að markaðsvirði samningsins verður núll á þessum tilteknu dögum, yrði eftirstöðvatíminn jafnlangur tímabilinu fram að næsta endurskoðunardegi. Þegar um er að ræða vaxtasamninga, sem uppfylla þessar viðmiðunarreglur og eftirstöðvatíminn er meira en eitt ár, skal hlutfallið ekki vera lægra en 0,5%.

Ef reikna á út hugsanlega framtíðaráhættu í samræmi við áfanga b geta lögbær yfirvöld leyft lánastofnunum, fram til 31. desember 2006, að nota eftirfarandi prósentur í stað þeirra sem eru í töflu 1, að því tilskildu að stofnanirnar nýti sér möguleikann, sem sem lýst er í 11. gr. a í tilskipun 93/6/EBE, fyrir samninga í skilningi b- og c-liðar í 3. lið IV. viðauka:

TAFLA 1a

| Eftirstöðvatími | Góðmálmar (nema gull) | Ódýrir málmar | Landbúnaðarvörur („softs“) | Annað, þ.á.m. orkuframleiðsluvörur |
|------------------------------------|-----------------------|---------------|----------------------------|------------------------------------|
| Eitt ár eða minna | 2% | 2,5% | 3% | 4% |
| Meira en eitt ár, minna en fimm ár | 5% | 4% | 5% | 6% |
| Meira en fimm ár | 7,5% | 8% | 9% | 10% |

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 93/6/EBE frá 15. mars 1993 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (Stjtið. EB L 141, 11.6.1993, bls. 1). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/33EB (Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 29).

⁽²⁾ Nema þegar um er að ræða vaxtaskiptasamninga á breytilegu gengi í einum gjaldmiðli þar sem einvörðungu núgildandi endurnýjunarkostnaður er reiknaður út.

Áfangi c: Samtala núgildandi endurnýjunarkostnaðar og hugsanlegrar framtíðarlánaáættu er margfölduð með áhættuvægistólum sem viðkomandi mótaðili fær samkvæmt 43. gr.

Aðferð 2: viðmiðun við „upphaflega áhættu“

Áfangi a: Reiknaður höfuðstóll hvers samnings er margfaldaður með prósentutölunum sem eru sýndar hér að neðan:

TAFLA 2

| Upphaflegur binditími ⁽¹⁾ | Vaxtasamningar | Samningar er varða gjaldeyrisgengi og gull |
|--------------------------------------|----------------|--|
| Eitt ár eða minna | 0,5% | 2% |
| Meira en eitt ár en ekki yfir tvö ár | 1% | 5% |
| Viðbót fyrir hvert ár að auki | 1% | 3% |

⁽¹⁾ Þegar um er að ræða vaxtasamninga geta lánastofnanir, að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda, valið á milli upphaflegs binditíma eða þess binditíma sem eftir er.

Áfangi b: Upphafleg áhætta, sem þannig fæst, er margfölduð með áhættuvægistólum sem viðkomandi mótaðili fær samkvæmt 43. gr.

Að því er varðar aðferð 1 og 2 verða lögbær yfirvöld að sjá til þess að nafnverðið, sem lagt er til grundvallar, sé hæfilegur mælikvarði á áhættuna sem samningurinn hefur í för með sér. Þegar til dæmis er gert ráð fyrir því í samningnum að greiðsluflæði margfaldist verður að leiðrétta nafnverðið svo að tekið sé tillit til margföldunaráhrifanna á áhættusamsetningu samningsins.

3. SAMNINGSBUNDIN SKULDAJÖFNUN (SAMNINGAR UM SKULDSKEYTINGU OG AÐRIR SKULDAJÖFNUNAR-SAMNINGAR)

a) Tegundir skuldajöfnunar sem lögbær yfirvöld geta viðurkennt

Að því er þennan 3. lið varðar merkir „mótaðili“ aðila (þar með talið einstaklinga) sem hefur umboð til að gera samning um samningsbundna skuldajöfnun.

Lögbær yfirvöld geta viðurkennt að eftirfarandi tegundir samningsbundinnar skuldajöfnunar dragi úr áhættu:

- i) tvíhliða samningar um skuldskeytingu milli lánastofnunar og mótaðila hennar, þar sem gagnkvæmar kröfur og skuldbindingar eru sjálfkrafa sameinaðar á þann hátt að með þessari skuldskeytingu er fastsett ein ákveðin nettófjárhæð í hvert sinn sem skuldskeyting á sér stað og þannig skapaður einn nýr einstakur lagalega bindandi samningur sem upphafur eldri samninga;
- ii) aðrir tvíhliða skuldajöfnunarsamningar milli lánastofnunar og mótaðila hennar.

b) Skilyrði fyrir viðurkenningu

Lögbær yfirvöld geta því aðeins viðurkennt að samningsbundin skuldajöfnun dragi úr áhættu að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

- i) lánastofnun verður að hafa gert samning um samningsbundna skuldajöfnun við mótaðila sinn, samning sem skapar eina ákveðna lagaskyldu, sem tekur til allra viðskipta sem undir hann falla, þannig að lánastofnunin eigi, komi til þess að mótaðili standi ekki við skuldbindinga sínar vegna vanefnda, gjaldþrots, félagsslita eða annarra viðlíka aðstæðna, einungis heimtingu á að taka við eða beri skylda til að greiða nettófjárhæð jákvæðra og neikvæðra markaðsvirða umræddra viðskipta;

- er hægt, í áfanga b, að lækka töluna fyrir framtíðarlánsáhættu fyrir alla samninga sem eru innifaldir í greiðslujöfnunarsamningi samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$PCE_{red} = 0,4 * PCE_{gross} + 0,6 * NGR * PCE_{gross}$$

þar sem:

- PCE_{red} = lækkaða talan fyrir hugsanlega framtíðarlánsáhættu vegna allra samninga sem eru gerðir við tiltekinn mótaðila og innifaldir í löggildum tvíhliða greiðslujöfnunarsamningi,
- PCE_{gross} = samtala fyrir hugsanlega framtíðarlánsáhættu vegna allra samninga sem eru gerðir við tiltekinn mótaðila og eru innifaldir í löggildum tvíhliða greiðslujöfnunarsamningi og reiknaðir út með því að margfalda reiknaðan höfuðstól með prósentunum sem eru gefnar upp í töflu 1,
- NGR = „nettó/brúttóhlutfall“: eftir því sem lögbær yfirvöld telja hæfilegt, annað hvort:
 - sérstakur útreikningur: hlutfallstala nettóendurnýjunarkostnaðar vegna allra samninga sem eru innifaldir í löggildum tvíhliða greiðslujöfnunarsamningi við tiltekinn mótaðila (teljari) og brúttóendurnýjunarkostnaður vegna allra samninga sem eru innifaldir í löggildum tvíhliða greiðslujöfnunarsamningi við þann mótaðila (nefnari), eða
 - heildarútreikningur: hlutfallstala samanlagðs nettóendurnýjunarkostnaðar reiknuð á tvíhliða grundvelli fyrir alla mótaðila þar sem tekið er tillit til samninganna sem eru innifaldir í löggildum greiðslujöfnunarsamningum (teljari) og brúttóendurnýjunarkostnaður vegna allra samninga sem eru innifaldir í löggildum greiðslujöfnunarsamningi (nefnari).

Ef aðildarríkin heimila lánastofnunum að velja um aðferð skal beita þeirri aðferð sem hefur orðið fyrir valinu af samkvæmni.

Við útreikning á hugsanlegri framtíðarlánsáhættu, samkvæmt formúlunni hér að framan, má fara með nákvæmlega samsvarandi samninga, sem eru innifaldir í greiðslujöfnunarsamningi, eins og þeir væru einn samningur með reiknuðum höfuðstól sem jafngildir hreinum tekjum. Nákvæmlega samsvarandi samningar eru framvirkir gjaldeyrissamningar eða svipaðir samningar þar sem reiknaður höfuðstóll jafngildir sjóðstreymi og þar sem þetta sjóðstreymi fellur í gjalddaga á sama gildisdegi og að öllu leyti eða að hluta til í sama gjalddag.

Þegar aðferð 2 er beitt í áfanga a

- má fara með nákvæmlega samsvarandi samninga, sem eru innifaldir í greiðslujöfnunarsamningi, eins og þeir væru einn samningur, með reiknuðum höfuðstól sem jafngildir hreinum tekjum og margfalda reiknuðu höfuðstólsfjárhæðirnar með prósentunni sem er gefin upp í töflu 2.
- að því er alla aðra samninga sem mynda skuldajöfnunarsamning varðar skal lækka prósentutölurnar til samræmis við það sem fram kemur í töflu 3:

TAFLA 3

| Upphaflegur binditími ⁽¹⁾ | Vaxtasamningar | Gjaldeyrissamningar |
|--------------------------------------|----------------|---------------------|
| Eitt ár eða minna | 0,35% | 1,50% |
| Meira en eitt ár en ekki yfir tvö ár | 0,75% | 3,75% |
| Viðbót fyrir hvert ár að auki | 0,75% | 2,27% |

⁽¹⁾ Þegar um er að ræða vaxtasamninga geta lánastofnanir, að fengnu samþykki lögbærra yfirvalda, valið á milli upphaflegs binditíma eða binditímans sem eftir er.

IV. VIÐAUKI

DÆMI UM LIÐI UTAN EFNAHAGSREIKNINGS

1. **Vaxtasamningar:**

- a) vaxtaskiptasamningar í einum gjaldmiðli,
- b) „basis“-skiptasamningar,
- c) framvirkir samningar,
- d) staðlaðir framvirkir vaxtasamningar,
- e) keyptur valréttur að vöxtum,
- f) aðrir samningar svipaðs eðlis.

2. **Gjaldeyrissamningar og samningar er varða gull:**

- a) vaxtaskiptasamningar í fleiri en einum gjaldmiðli,
- b) framvirkir gjaldeyrissamningar,
- c) staðlaðir framvirkir gjaldeyrissamningar,
- d) keyptur valréttur að erlendum gjaldeyri,
- e) aðrir samningar svipaðs eðlis,
- f) samningar sem varða gull, svipaðs eðlis og þeir sem um getur í a- til e-lið.

3. **Samningar sem eru svipaðs eðlis og þeir sem um getur í a- til e-lið í 1. tölul. og a- til d-lið í 2. tölul. en miðast við aðra viðmiðunarliði eða visitölur er varða:**

- a) hlutabréf,
 - b) góðmálma, þó ekki gull,
 - c) aðrar vörur en góðmálma,
 - d) aðra samninga svipaðs eðlis.
-

V. VIÐAUKI

A-HLUTI

NIDURFELLDAR TILSKIPANIR ÁSAMT BREYTINGUM Á ÞEIM

(sem um getur í 67. gr.)

Tilskipun ráðsins 73/183/EBE

Tilskipun ráðsins 77/780/EBE

Tilskipun ráðsins 85/345/EBE

Tilskipun ráðsins 86/137/EBE

Tilskipun ráðsins 86/524/EBE

Tilskipun ráðsins 89/646/EBE

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB,

einungis fyrsti undirliður 1. gr., fyrsti undirliður 1. og 2. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr., 2., 3. og 4. mgr. 4. gr., að því er varðar tilvísanir í tilskipun 77/780/EBE og 6. liður, og fyrsti undirliður 5. gr.

Tilskipun ráðsins 96/13/EB

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/33/EB,

Tilskipun ráðsins 89/299/EBE

Tilskipun ráðsins 91/633/EBE

Tilskipun ráðsins 92/16/EBE

Tilskipun ráðsins 92/30/EBE

Tilskipun ráðsins 89/646/EBE

Tilskipun ráðsins 92/30/EBE

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB,
aðeins fyrsti undirliður 1. gr.

Tilskipun ráðsins 89/647/EBE

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/31/EBE

Tilskipun ráðsins 92/30/EBE

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/7/EB

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/15/EB

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/67/EB

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/10/EB,

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/32/EB,

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/33/EB (2. gr.)

Tilskipun ráðsins 92/30/EBE

Tilskipun ráðsins 92/121/EBE

B-HLUTI

FRAMKVÆMDARFRESTUR

(sem um getur í 67. gr.)

| Tilskipun | Framkvæmdarfrestur |
|--|----------------------------|
| 73/183/EBE (Stjtið. EB L 194, 16.7.1973, bls. 1) | 2.1.1975 ⁽¹⁾ |
| 77/780/EBE (Stjtið. EB L 322, 17.12.1977, bls. 30) | 15.12.1979 |
| 85/345/EBE (Stjtið. EB L 183, 16.7.1985, bls. 19) | 15.7.1985 |
| 86/137/EBE (Stjtið. EB L 106, 23.4.1986, bls. 35) | — |
| 86/524/EBE (Stjtið. EB L 309, 4.11.1986, bls. 15) | 31.12.1986 |
| 89/299/EBE (Stjtið. EB L 124, 5.5.1989, bls. 16) | 1.1.1993 |
| 89/646/EBE (Stjtið. EB L 386, 30.12.1989, bls. 1) | 2. mgr. 6. gr. 1.1.1990 |
| | önnur ákvæði 1.1.1993 |
| 89/647/EBE (Stjtið. EB L 386, 30.12.1989, bls. 14) | 1.1.1991 |
| 91/31/EBE (Stjtið. EB L 17, 23.1.1991, bls. 20) | 31.3.1991 |
| 91/633/EBE (Stjtið. EB L 339, 11.12.1991, bls. 16) | 31.12.1992 |
| 92/16/EBE (Stjtið. EB L 75, 31.03.92, bls. 48) | 31.12.1992 |
| 92/30/EBE (Stjtið. EB L 110, 28.4.1992, bls. 52) | 31.12.1992 |
| 92/121/EBE (Stjtið. EB L 29, 5.2.1993, bls. 1) | 31.12.1993 |
| 94/7/EB (Stjtið. EB L 89, 6.4.1994, bls. 17) | 25.11.1994 |
| 95/15/EB (Stjtið. EB L 125, 8.6.1995, bls. 23) | 30.9.1995 |
| 95/26/EB (Stjtið. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7) | 18.7.1996 |
| 95/67/EB (Stjtið. EB L 314, 28.12.1995, bls. 72) | 1.7.1996 |
| 96/10/EB (Stjtið. EB L 85, 3.4.1996, bls. 17) | 30.6.1996 |
| 96/13/EB (Stjtið. EB L 66, 16.3.1996, bls. 15) | 15.4.1996 |
| 98/32/EB (Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 26) | 21.7.2000 |
| 98/33/EB (Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 29) | 21.7.2000 |

⁽¹⁾ Hvað viðkemur afnámi takmarkana sem um getur í g-lið 2. mgr. 3. gr. fær Holland þó framkvæmdafrest til 2. júlí 1977. (Sjá: aðra undirgrein 8. gr. tilskipunar 73/183/EBE).

VIÐAUKI VI

SAMANBURÐARTAFLA

| Þessi tilskipun | Tilskipun 77/780/EBE | Tilskipun 89/299/EBE | Tilskipun 89/646/EBE | Tilskipun 89/647/EBE | Tilskipun 92/30/EBE | Tilskipun 92/121/EBE | Tilskipun 96/10/EB |
|------------------------|--------------------------|----------------------|------------------------|--|-------------------------------------|----------------------|--------------------|
| 1. mgr. 1. gr. | Fyrsti undirliður 1. gr. | | | | Fyrsti undirliður 1. gr. | a-liður 1. gr. | |
| 2. mgr. 1. gr. | Annar undirliður 1. gr. | | | | | | |
| 3. mgr. 1. gr. | | | 3. mgr. 1. gr. | | | | |
| 4.-8. mgr. 1. gr. | | | 5.-9. mgr. 1. gr. | | | | |
| 9. mgr. 1. gr. | | | | | Sjötti undirliður 1. gr. | | |
| 10. og 11. mgr. 1. gr. | | | 10. og 11. mgr. 1. gr. | | | | |
| 12. mgr. 1. gr. | | | 12. mgr. 1. gr. | | Sjöundi undirliður 1. gr. | c-liður 1. gr. | |
| 13. mgr. 1. gr. | | | 13. mgr. 1. gr. | | Áttundi undirliður 1. gr. | d-liður 1. gr. | |
| 14.-17. mgr. 1. gr. | | | | Annar til fimmti undirliður 1. mgr. 2. gr. | | | |
| 18.-20. mgr. 1. gr. | | | | Sjötti til áttundi undirliður 1. mgr. 2. gr. | | | |
| 21.-23. mgr. 1. gr. | | | | | Þriðji til fimmti undirliður 1. gr. | | |
| 24. mgr. 1. gr. | | | | | | h-liður 1. gr. | |
| 25. mgr. 1. gr. | | | | | | m-liður 1. gr. | |
| 26. mgr. 1. gr. | Fimmti undirliður 1. gr. | | | | | | |
| 27. mgr. 1. gr. | | | | Níundi undirliður 1. mgr. 2. gr. | | | |
| 1. mgr. 2. gr. | 1. mgr. 2. gr. | | 1. mgr. 2. gr. | 1. mgr. 1. gr. | | | |
| 2. mgr. 2. gr. | | | | | 2. gr. | | |
| 3. mgr. 2. gr. | 2. mgr. 2. gr. | | | | | | |

| Þessi tilskipun | Tilskipun 77/780/EBE | Tilskipun 89/299/EBE | Tilskipun 89/646/EBE |
|---|--|----------------------|--|
| 4. mgr. 2. gr. | 3. mgr. 2. gr. | | |
| Fyrsta, önnur og þriðja undirgrein 5. mgr. 2. gr. | a-, b- og c-liður 4. mgr. 2. gr. | | |
| 6. mgr. 2. gr. | | | 3. mgr. 2. gr. |
| 3. gr. | | | 3. gr. |
| 4. gr. | 1. mgr. 3. gr. | | |
| Fyrsta undirgrein | Fyrsta undirgrein | | 1. mgr. 4. gr. |
| 1. mgr. 5. gr. | 2. mgr. 3. gr. | | |
| Önnur undirgrein | Þriðja undirgrein | | |
| 1. mgr. 5. gr. | 1. mgr. 10. gr. | | |
| 2. mgr. 5. gr. | | | Inngangssætning, a-, b- og c-liður í 2. mgr. 4. gr. |
| 3.-7. mgr. 5. gr. | | | 1.-5. mgr. 10. gr. |
| 1. mgr. 6. gr. | Fyrsta undirgrein, þriðji undirliður og önnur undirgrein | | |
| 2. mgr. 6. gr. | 2. mgr. 3. gr. | | |
| 1. og 2. mgr. 7. gr. | a-liður 2. mgr. 3. gr. | | Önnur undirgrein 10. mgr. 1. gr. og 1. og 2. mgr. 5. gr. |
| 3. mgr. 7. gr. | Þriðja, fjórða og fimmta undirgrein | | |
| 8. gr. | 2. mgr. 3. gr. | | |
| 9. gr. | 4. mgr. 3. gr. | | |
| 10. gr. | a-liður 3. mgr. 3. gr. | | |
| 11. gr. | 6. mgr. 3. gr. | | |
| 12. gr. | 7. mgr. 3. gr. | | |
| 13. gr. | | | 7. gr. 1. mgr. 6. gr. |

Nr. 57/242

EES-viðbætur við Sjómartíðindi ESB

15.11.2001

| Tilskipun 89/647/EBE | Tilskipun 92/30/EBE | Tilskipun 92/121/EBE | Tilskipun 96/10/EB |
|----------------------|---------------------|------------------------|--------------------|
| 3. mgr. 1. gr. | | b-liður 2. mgr. 2. gr. | |

| Bessi tilskipun | Tilskipun 77/780/EBE | Tilskipun 89/299/EBE | Tilskipun 89/646/EBE |
|-----------------------|----------------------|----------------------|-----------------------|
| 1. mgr. 14. gr. | 1. mgr. 8. gr. | | |
| 2. mgr. 14. gr. | 5. mgr. 8. gr. | | |
| 15. gr. | 5. gr. | | |
| 1.-5. mgr. 16. gr. | | | 1.-5. mgr. 11. gr. |
| 6. mgr. 16. gr. | | | Önnur undirgrein |
| | | | 10. mgr. 1. gr. |
| 17. gr. | | | 2. mgr. 13. gr. |
| 18. gr. | | | 1. mgr. 18. gr. |
| 19. gr. | | | 2. mgr. 18. gr. |
| 1.-6. mgr. 20. gr. | | | 19. gr. |
| 7. mgr. 20. gr. | | | 1. mgr. 23. gr. |
| 1. og 2. mgr. 21. gr. | | | 20. gr. |
| 3. mgr. 21. gr. | | | 2. mgr. 23. gr. |
| 22. gr. | | | 21. gr. |
| 1. mgr. 23. gr. | | | 8. gr. |
| 2.-7. mgr. 23. gr. | | | 9. gr. |
| 24. gr. | 9. gr. | | |
| 25. gr. | | | |
| 26. gr. | | | 1. og 3. mgr. 13. gr. |
| 27. gr. | | | 2. mgr. 14. gr. |
| 28. gr. | 1. mgr. 7. gr. | | |
| 29. gr. | | | 15. gr. |
| 1.-5. mgr. 30. gr. | 1.-5. mgr. 12. gr. | | |
| 6. mgr. 30. gr. | 5. mgr. a í 12. gr. | | |
| 7. mgr. 30. gr. | 5. mgr. b í 12. gr. | | |
| 8. mgr. 30. gr. | 6. mgr. 12. gr. | | |
| 9. mgr. 30. gr. | 7. mgr. 12. gr. | | |
| 10. mgr. 30. gr. | 8. mgr. 12. gr. | | |

15.11.2001

EES-viðbætur við Sjámannatöndi EEB

Nr. 57/243

| Tilskipun 89/647/EBE | Tilskipun 92/30/EBE | Tilskipun 92/121/EBE | Tilskipun 96/10/EB |
|----------------------|---------------------|----------------------|--------------------|
| | 8. gr. | | |

| Bessi tilskipun | Tilskipun 77/780/EBE | Tilskipun 89/299/EBE | Tilskipun 89/646/EBE |
|--------------------|----------------------|----------------------|------------------------|
| 31. gr. | 12. gr. a | | |
| 32. gr. | | | 17. gr. |
| 33. gr. | 13. gr. | | |
| 1. mgr. 34. gr. | | 1. mgr. 1. gr. | |
| 2.-4. mgr. 34. gr. | | 1.-3. mgr. 2. gr. | |
| 35. gr. | | 3. gr. | |
| 36. gr. | | 4. gr. | |
| 37. gr. | | 5. gr. | |
| 38. gr. | | 1. og 4. mgr. 6. gr. | |
| 39. gr. | | 7. gr. | |
| 40. gr. | | | |
| 41. gr. | | | |
| 42. gr. | | | |
| 43. gr. | | | |
| 44. gr. | | | |
| 45. gr. | | | |
| 46. gr. | | | |
| 47. gr. | | | |
| 48. gr. | | | |
| 49. gr. | | | |
| 50. gr. | | | |
| 1.-5. mgr. 51. gr. | | | 1. til 5. mgr. 12. gr. |
| 6. mgr. 51. gr. | | | 8. mgr. 12. gr. |
| 1.-7. mgr. 52. gr. | | | |

| Tilskipun 89/647/EBE | Tilskipun 92/30/EBE | Tilskipun 92/121/EBE | Tilskipun 96/10/EB |
|--|---------------------|---|--------------------|
| 1.-4. mgr., 7. og 8. mgr. 3. gr. 4. gr. 5. gr. 6. gr. 7. gr. 8. gr. 2. mgr. 2. gr. 10. gr. | 1.-7. mgr. 3. gr. | 3. gr. 1. mgr. til fyrsta málsliðar annarrar undirgreinar í r-lið 7. mgr. og s-liður 7. mgr. til 12. mgr. í 4. gr. 1.-3. mgr. 5. gr. | |

| Þessi tilskipun | Tilskipun 77/780/EBE | Tilskipun 89/299/EBE | Tilskipun 89/646/EBE |
|-----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| 8. og 9. mgr. 52. gr. | | | |
| 10. mgr. 52. gr. | | | |
| 53. gr. | | | |
| 54. gr. | | | |
| 55. gr. | | | |
| 56. gr. | | | |
| 57. gr. | 11. gr. | | |
| 58. gr. | 5. mgr. 3. gr. | | |
| 59. gr. | 6. gr. | | |
| 60. gr. | | 8. gr. | 22. gr. |
| 61. gr. | | 4. gr. a | |
| 1. og 2. mgr. 62. gr. | | | |
| 3. mgr. 62. gr. | | | |
| 63. gr. | | | |
| 64. gr. | | | |
| 65. gr. | | | 7. mgr. 12. gr. |
| 66. gr. | 2. mgr. 14. gr. | 2. mgr. 9. gr. | 3. mgr. 24. gr. |
| 67. gr. | — | — | — |
| 68. gr. | — | — | — |
| 69. gr. | — | — | — |
| I. viðauki | | | Viðauki |
| II. viðauki | | | |
| III. viðauki | | | |
| IV. viðauki | | | |
| V. viðauki | — | — | — |
| VI. viðauki | — | — | — |

15.11.2001

EES-viðbætur við Sjómartíðindi EFB

Nr. 57/245

| Tilskipun 89/647/EBE | Tilskipun 92/30/EBE | Tilskipun 92/121/EBE | Tilskipun 96/10/EB |
|-----------------------|---|----------------------|--------------------|
| 5. og 6. mgr. 3. gr. | 8. og 9. mgr. 3. gr. 10. mgr. 3. gr. 4. gr. 5. gr. 6. gr. 7. gr. | 4. og 5. mgr. 5. gr. | |
| 9. gr. | | 7. gr. | |
| 4. og 5. mgr. 11. gr. | | | 2. gr. |
| 1.-3. mgr. 11. gr. | | 1.-9. mgr. 6. gr. | |
| 2. mgr. 12. gr. | | | |
| — | — | — | — |
| — | — | — | — |
| — | — | — | — |
| I. viðauki | | | |
| II. viðauki | | | |
| III. viðauki | | | |
| — | — | — | — |
| — | — | — | — |